2



Vilja viðhalda kvótakerfinu og hræðast ekki erlenda samkeppni

4



Stjórnvöld í viðræður við ESB um viðbótartryggingar vegna salmonellu

28–29



Þurfum að koma okkur upp hagkvæmari skógarauðlind

Bændablaðið

7. tölublað 2018 • Fimmtudagur 12. apríl • Blað nr. 512 • 24. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Ferðamaður á ystu nöf. Þetta er ansi algeng sjón við Gullfoss. Ung kona hefur farið yfir öryggislínu og sest fram á illa sprunginn klett ofan við Gullfoss sem varað er við með skýrum merkingum. Í öruggri fjarlægð, innan öryggisgirðingar, var svo kærastinn og mundaði myndavélina. Sem betur fer slapp þessi kona ómeidd frá þessum háskaleik, en ekki hafa allir verið svo heppnir. Mynd / HKr.

Ný könnun Gallup á viðhorfum þjóðarinnar til skógræktar:

Yfirgnæfandi meirihluti Íslendinga er jákvæður fyrir skógrækt í landinu

– Ungir Íslendingar eru jákvæðastir fyrir skógrækt og 55 ára og eldri telja skógrækt mikilvægasta fyrir kolefnisbindingu

Ungir Íslendingar eru jákvæðastir fyrir skógrækt og 55 ára og eldri telja skógrækt mikilvægasta fyrir kolefnisbindingu.

Ný könnun sem Gallup hefur gert fyrir Skógræktina, Skógræktarfélag Íslands og Landssamtök skógareigenda sýnir mjög jákvætt viðhorf landsmanna til skógræktar. Langflestir Íslendingar telja að skógrækt hafi jákvæð áhrif á landið og telja mikilvægt að binda kolefni með skógrækt.

Könnunin var lögð fyrir dagana 8.–21. mars. Í úrtakinu voru 1.450 manns af öllu landinu, 18 ára og eldri, handahófsvaldir úr viðhorfahópi Gallup. Alls svöruðu 814 manns spurningunum tveimur og var svarhlutfallið 56,1%.

Spurt var annars vegar hvort fólk teldi skóga hafa almennt jákvæð eða neikvæð áhrif fyrir landið og hins vegar hversu mikilvægt fólk teldi að binda kolefni í skógum.

Unga fólkið jákvæðast

Jákvæðust áhrif á landið mælast meðal ungra Íslendinga á aldrinum 18–34 ára. Nærri þrír af hverjum fjórum þeirra telja skógrækt hafa mjög jákvæð áhrif á landið og enginn á því aldursbili telur áhrifin neikvæð. Mikilvægi kolefnisbindingar mælist hins vegar mest meðal fólks 55 ára og eldra. Ríflega níu af hverjum tíu þeirra telja það mikilvæga aðgerð.

Spurningarnar sem spurt var nú voru samhljóða tveimur spurningum í viðameiri könnun um viðhorf til skógræktar sem gerð var árið 2004. Þegar þessar tvær kannanir eru bornar saman kemur í ljós að stuðningur við skógrækt í landinu er svipaður og var 2004. Þó vekur athygli að þeim sem voru neikvæðir 2004 fækkar marktækt þegar spurt er um kolefnisbindingu með skógrækt.

Ef marka má þessa könnun er því vaxandi stuðningur meðal landsmanna við þá leið að rækta skóg til að binda kolefni og hamla gegn loftslagsbreytingum. Jafnframt telja Íslendingar sem fyrr að skógrækt hafi jákvæð áhrif á landið. */PH/HKr.*



– Nánar er fjallað um könnunina á bls. 18

FRÉTTIR

Aðalfundur Landssambands kúabænda 2018:

Stjórnarkjör og ályktað um niðurstöðu EFTA-dómstólsins, lífræna framleiðslu og lyfjanotkun í nautgriparækt

Aðalfundur Landssambands kúabænda var haldinn um síðustu helgi. Ný stjórn LK var kjörin á fundinum og fjöldi ályktana samþykktar, þar á meðal um aðgerðir vegna niðurstöðu EFTA-dómstólsins um innflutning á hráu kjöti, lífræna framleiðslu og lyfjanotkun í nautgriparækt.

Arnar Árnason frá Hranastöðum var endurkjörinn formaður samtakanna með öllum gildum atkvæðum. Meðstjórnendur eru Bessi Freyr Vésteinsson, Hofsstaðaseli, Herdís Magna Gunnarsdóttir, Egilsstöðum, Rafn Bergsson, Hólmahjáleigu og Pétur Diðriksson, Helgavatni.



Stjórn Landssambands kúabænda. Herdís Magna Gunnarsdóttir, Egilsstöðum, Arnar Árnason frá Hranastöðum formaður, Bessi Freyr Vésteinsson, Hofsstaðaseli, Rafn Bergsson, Hólmahjáleigu og Pétur Diðriksson, Helgavatni. Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

Aukin þátttaka við endurskipulagningu félagskerfis bænda

Meðal ályktana á fundinum var að LK óskar eftir því að vera virkur þátttakandi í vinnu Bændasamtaka Íslands við að endurskipuleggja félagskerfi bænda, með það að markmiði að áhrif kúabænda innan félagskerfisins verði sem best tryggð.

Aðalfundur LK vekur athygli á nauðsyn þess að á hverjum tíma liggi fyrir upplýsingar um rekstur, efnahag og afkomu kúabúa og hvatti fundurinn stjórn LK til að þrýsta á Hagstofu Íslands að standa skil á þessum upplýsingum. Einnig var því beint til stjórnar að kanna mismunandi rekstrarskilyrði kúabúa eftir staðsetningu þeirra, bæði vegna náttúrulegra skilyrða, mismunandi verðlags og þjónustu, s.s. eftir því hvort rafmagn er þriggja fasa eða ekki.

Aðgerðir vegna niðurstöðu EFTA-dómstólsins

Aðalfundur LK tekur undir ályktun Búnaðarþings frá mars 2018 og skorar á stjórnvöld að niðurstaða EFTA-dómstólsins í málum E-2/17 og E-3/17 frá 14. nóvember 2017 verði ekki innleidd óbreytt og leitað verði eftir samningaviðræðum við ESB. Fundurinn krefst þess að stjórnvöld standi vörð um íslenska kjötmarkaðinn og heilbrigði íslenskra búfjárstofna sem og lýðheilsu manna með því að gerð sé sama krafa á framleiðsluháttum innfluttrar kjötvöru og innlendrar framleiðslu á kjötvörum.

Í ályktun fundarins var skorað á íslensk stjórnvöld að standa vörð um samkeppnisstöðu innlendrar matvælaframleiðslu gagnvart innfluttum afurðum með styrkri tollvernd íslensks landbúnaðar. Magntollar á búvörur verði uppreiknaðir til verðlags dagsins í dag og leitað verði allra leiða til að nýta heimildir til að leggja tolla á innfluttar búvörur sem einnig eru framleiddar hér á landi. Þá verði innflutt kjöt umreiknað í ígildi kjöts með beini þegar um beinlausar og unnar afurðir er að ræða, við útreikninga á nýtingu gildandi tollkvóta líkt og er gert innan Evrópusambandsins. Jafnframt að gerð verði sú krafa að innfluttar landbúnaðarafurðir séu framleiddar við sömu eða sambærilegar kröfur og gilda hér á landi.

Því er einnig beint til stjórnvalda að standa vörð um stöðu íslensks landbúnaðar í viðskiptasamningum við Bretland í kjölfar útgöngu þess úr Evrópusambandinu.



Landbúnaðarrisarnir tveir hittust á fundinum, Egill Sigurðsson, kúabóndi á Berustöðum og formaður Auðhumlu, sem er 1,96 m á hæð, og Sindri Sigurgeirsson, bóndi á Bakkakoti og formaður Bændasamtaka Íslands, sem er 6 sentímetrum hærri, eða 2,02 metrar. Það kom ekki fram hvor er þyngri.

Upprunamerkingar og upplýsingagjöf til neytenda

Á fundinum var lögð þung áhersla á að upplýsingagjöf til neytenda verði bætt með því að tryggja að í gildi séu viðeigandi reglur um vandaðar og áberandi upprunamerkingar á öllum matvælum og öðrum landbúnaðarafurðum, innlendum sem innfluttum. Fundurinn leggur enn fremur áherslu á að upplýsingar um uppruna matvara eigi ávallt að vera aðgengilegar fyrir neytendur, hvort sem er í verslunum, mötuneytum eða veitingastöðum.

Framleiðslustýring í mjólkurframleiðslu

Aðalfundur LK ályktar að halda skuli í framleiðslustýringu í formi greiðslumarks í mjólkurframleiðslu. Hámark skuli sett á verð greiðslumarks og viðskipti með greiðslumark skuli fara fram í gegnum opinberan aðila. Fundurinn beinir því til stjórnar að greina hvaða leiðir séu skilvirkastar í þeim efnum.

Kolefnisspor, lífræn ræktun og lyfjanotkun

Á fundinum var því beint til stjórnar LK að gerð verði úttekt á losun gróðurhúsalofttegunda í íslenskri nautgriparækt í samstarfi við stjórnvöld. Einnig verði unnin aðgerðaáætlun með það að markmiði að jafna kolefnisspor greinarinnar. Einnig var því beint til stjórnarinnar að skoða með hvaða hætti hægt er að styðja frekar við lífræna framleiðslu á mjólk hér á landi og skorar á Matvælastofnun að taka saman og birta uppgjör á rafrænni skráningu dýralækna á nautgripasjúkdómum og lyfjameðhöndlun fyrir landið í heild.

Árgjald samtakanna

Á fundinum var samþykkt að upphæð árgjalds til samtakanna skuli vera 0,30 krónur á lítra mjólkur sem lagður er í afurðastöð og 500 krónur á grip í UN, KU og K flokkum sem slátrað er í afurðastöð, utan úrkasts. Árgjald hollvina samtakanna skal vera 4.000 kr. */VH*



Ásókn fugla í ræktað land

Með Bændablaðinu fylgir fjögurra síðna samantekt í miðju blaðsins frá Umhverfisstofnun sem fjallar um ásókn fugla í ræktað land.

Gerð er grein fyrir helstu tegundum þeirra fugla sem sækja í ræktarlönd bænda, greiningareinkennum þeirra, mögulegum fælum, skráningu ágangs og fleira.

Umhverfisstofnun hvetur landeigendur til að fylgjast með og skrá tegundir og ágang á því formi sem Bændatorg býður upp á í gegnum Jord.is. Það hjálpar til við að glöggva sig á vandanum og einnig til að finna algengustu leiðir til að fæla fugla frá ræktuðu landi.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar undir – „Veiði“ á www.ust.is.

Aðalfundur Beint frá býli:

Haldinn á Brjánslæk

Aðalfundur Beint frá býli verður haldinn á Brjánslæk á Barðaströnd laugardaginn 14. apríl og hefst kl. 13.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf og fræðsluerindi.

Nýr formaður kjörinn

Ljóst er að Þorgrímur Einar Guðbjartsson, formaður Beint frá býli og bóndi á Erpsstöðum, og Hanna S. Kjartansdóttir, gjaldkeri í félaginu og bóndi á Leirulæk, gefa ekki kosta á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Að loknum fundi verður skoðunarferð með ábúendum um svæðið og meðal annars sagt frá nýrri kjötvinnslu sem ábúendur á Brjánslæk eru að taka í notkun. Boðið verður upp á kaffiveitingar í fundarhléi. */smh*

Aðalfundur Landssambands kúabænda:

Vilja viðhalda kvótakerfinu og hræðast ekki erlenda samkeppni

Kúabændur vilja viðhalda framleiðslustýringu í mjólkurframleiðslu og hræðast ekki innflutning séu framleiðsluaðstæður þeirra samkeppnishæfar við erlenda framleiðendur.

Arnar Árnason, formaður LK og bóndi á Hranastöðum í Eyjafirði, segir að samkvæmt ályktun aðalfundar Landssambands kúabænda vilji bændur viðhalda framleiðslustýringu í mjólkurframleiðslu.

„Sem þýðir að kúabændur vilja kvótakerfið áfram og vilja áfram geta átt viðskipti með greiðslumark og að það færist á milli manna með svipuðum hætti og verið hefur með innlausnarmarkaði ríkisins.



Arnar Árnason, formaður LK og bóndi á Hranastöðum í Eyjafirði.

Á næsta ári verður kosið um kvótann og ef kosningin fer eins og skoðanakannanir benda til þá verður niðurstaða í anda ályktunar aðalfundarins og gott nesti fyrir stjórnina að vinna með.“

Aðalfundur LK ályktaði einnig um niðurstöðu EFTA-dómstólsins um innflutning á hráu kjöti og ógerilsneyddri mjólk. Arnar segir að Kristján Þór Júlíusson landbúnaðarráðherra hafi komið á fundinn og lýst því yfir að stjórnvöld muni ræða við þá aðila hjá Evrópusambandinu sem hafa með það mál að gera mjög fljótlega.

„Kristján hefur einnig stofnað starfshóp sem á að fjalla um málið og við bindum talsverðar vonir við hann og að fjallað verði um málið af alvöru. Enda menn farnir að sjá stóra samhengið og skilja að það skipti máli að hafa öflugan landbúnað í landinu. Það sem skiptir okkur mestu máli er að búa við samkeppnisaðstæður sem gera okkur kleift að takast á við erlenda samkeppni því við hræðumst hana ekki.“ */VH*

Sáðvörulisti 2018

21.3.2018

Grasfræ

	Grasfræblanda*	SS Alhliða	20 kg	580 kr/kg	11.600 kr
	Grasfræblanda*	SS Tún	20 kg	580 kr/kg	11.600 kr
NÝTT	Grasfræblanda*	SS Rækt	20 kg	580 kr/kg	11.600 kr
	Vallarfoxgras	Snorri	25 kg	560 kr/kg	14.000 kr
	Vallarfoxgras	Engmó	25 kg	490 kr/kg	12.250 kr
	Vallarfoxgras	Grinstad	25 kg	560 kr/kg	14.000 kr
	Vallarfoxgras	Switch	10 kg	580 kr/kg	5.800 kr
	Vallarfoxgras	Vega	10 kg	620 kr/kg	6.200 kr
	Vallarsveifgras	Balin	10 kg	690 kr/kg	6.900 kr
	Hávingull	Norild	10 kg	680 kr/kg	6.800 kr
	Túnvingull	Reverent	10 kg	520 kr/kg	5.200 kr
	Fjölært rýgresi	Calibra	10 kg	450 kr/kg	4.500 kr
	Fjölært rýgresi	Kentaur	25 kg	430 kr/kg	10.750 kr
NÝTT	Hvítsmári	Hebe	10 kg	950 kr/kg	9.500 kr
NÝTT	Rauðsmári	Ares	10 kg	950 kr/kg	9.500 kr

*SS Alhliða: 60% Vallarfoxgras (50% Snorri - 10% Switch) - 15% Vallarsveifgras Balin - 10% Hávingull Norild - 15% Fjölært rýgresi Kentaur
*SS Tún: 70% Vallarfoxgras (50% Snorri - 20% Switch) - 30% Hávingull Norild
*SS Rækt: 70% Vallarfoxgras (50% Snorri - 20% Switch) - 30% Fjölært Rýgresi Kentaur

Grænfóður

Sumarrýgresi	Lemnos	25 kg	398 kr/kg	9.950 kr
Vetrarrýgresi	Sikem	10 kg	398 kr/kg	3.980 kr
Vetrarrepja	Emerald	10 kg	470 kr/kg	4.700 kr
Vetrarrepja	Hobson	25 kg	430 kr/kg	10.750 kr
Mergkál	Keeper	25 kg	990 kr/kg	24.750 kr
Fóðurnæpur	Samson	25 kg	550 kr/kg	13.750 kr

Bygg

Bygg 2ja raða	Filippa	25 kg	99 kr/kg	2.475 kr
Bygg 2ja raða	Filippa	700 kg	99 kr/kg	69.300 kr
Bygg 2ja raða	Kría	25 kg	99 kr/kg	2.475 kr
Bygg 2ja raða	Kría	700 kg	99 kr/kg	69.300 kr
Bygg 6 raða	Judit	700 kg	99 kr/kg	69.300 kr
Bygg 6 raða	Aukusti	350 kg	98 kr/kg	34.300 kr
Bygg 6 raða	Aukusti	700 kg	98 kr/kg	68.600 kr

Hafrar

Hafrar til þroska	Akseli	350 kg	98 kr/kg	34.300 kr
Hafrar til þroska NÝTT	Niklas	350 kg	98 kr/kg	34.300 kr
Hafrar	Belinda	25 kg	99 kr/kg	2.475 kr
Hafrar	Belinda	350 kg	99 kr/kg	34.650 kr

Verð eru gefin upp með fyrirvara um prentvillur

Verðskrá sáðvörunar tekur mið af gengisþróun frá útgáfu verðskrár og þar til sáðvaran berst til SS.
Áskiljum okkur rétt til verðbreytinga án fyrirvara - öll verð eru gefin upp án virðisaukaskatts.
Ef gengið er frá pöntun fyrir 1. maí er frír flutningur til bænda.

tenospin® Rúlluplastið sem bændur treysta

SS og bændur styðja enn og aftur við bakið á Krabbameinsfélaginu!

Í ár býður SS til sölu gult, blátt og bleikt rúlluplast og renna 400 kr* af hverri seldri rúllu til Krabbameinsfélagsins.

Rúlluplast	Litur	Verð án vsk.	Stk á bretti	
Tenospin - 750mm x 25µm x 1500m	Hvítt	9.295 kr	15	
Tenospin - 750mm x 25µm x 1500m	Grænt	9.295 kr	15	
Tenospin - 750mm x 25µm x 1500m	Svart	9.045 kr	15	
Tenoplus 1900 - 750mm x 21µm x 1900m	Bleikt	10.950 kr	15	Styrkir rannsóknir á brjóstakrabbameini
Tenoplus 1900 - 750mm x 21µm x 1900m	Blátt	10.950 kr	15	Styrkir rannsóknir á blöðruhálskrabbameini
Tenoplus 1900 - 750mm x 21µm x 1900m	Gult	10.950 kr	15	Ný vara - Styður við krabbameinssjúk börn
Net				
Westfalia - 123 x 3000 m		20.100 kr		
Undirplast í stað nets				
TrioBale compressor - 1400mm x 20µm x 1750m	Hvítt/grænt	22.800 kr		Ný vara
Garn				
Cobra Miljö rúllugarn - 600 m/kg	Rautt	2.500 kr		
Cobra Wire stórbaggagarn - 2665 m pr. pakki	Grænt	8.200 kr		2 rúllur í pakka

*3€ af hverri seldri rúllu

Verð reiknast miðað við gengi 26. mars 2018



Frekari upplýsingar fást hjá sölumönnum um allt land og á skrifstofu SS.

Búvörur SS | Fosshálsi 1, Reykjavík | Ormsvellir 4, Hvolsvöllur | Oddeyrarskáli, Akureyri | 575 6000 | www.buvorur.is

FRÉTTIR

Setning aðalfundar Landssamtaka sauðfjárbænda:

Stjórnvöld í viðræður við ESB um viðbótartryggingar vegna salmonellu

Formaður Landssamtaka sláturleyfishafa vill fækka afurðastöðvum og heimild til samvinnu

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda (LS) 2018 var haldinn á Hótel Sögu dagana 6. og 7. apríl síðastliðinn. Kristján Þór Júlíusson landbúnaðarráðherra upplýsti við setningu fundarins að stjórnvöld hefðu hafið undirbúning að viðræðum við Evrópusambandið þar sem óskað yrði eftir viðbótartryggingum fyrir salmonellu í kjölfar EFTA-dómsins frá í nóvember vegna hráakjötsmálsins svokallaða. Ágúst Torfi Hauksson, formaður Landssamtaka sláturleyfishafa, talaði í sínu erindi fyrir fækkun sláturleyfishafa og mögulegu samstarfi þeirra í framtíðinni.

Oddný Steina Valsdóttir, formaður LS, setti fundinn og flutti setningarræðu. Síðan tóku við ávörp gesta, þeirra Kristjáns Þórs, Sindra Sigurgeirssonar, formanns Bændasamtaka Íslands, og Ágústar Torfa Haukssonar.



Oddný Steina Valsdóttir, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, talaði meðal annars um hugmyndir um markaðsjöfnunarsjóð. Mynd / smh



Ágúst Torfi Hauksson sagði að við vanda sláturleyfishafa myndu bætast áhrif tollasamningsins sem tekur gildi 1. maí næstkomandi. Mynd / smh



Kristján Þór Júlíusson sagði að viðbrögð ríkisins vegna EFTA-dómsins verði kynnt á næstunni. Mynd / TB

Markaðsjöfnunarsjóður sauðfjárbænda

Oddný ræddi vanda sauðfjárbænda í sinni ræðu. Hún sagði að í löndunum í kringum okkur væri skilningur á því að því fylgi efnahagslegt og samfélagslegt tap þegar miklar og skyndilegar sveiflur verða á afurðaverði til bænda. Samfélagið tapi vegna fjölda gjaldþrota bænda í niðursveiflu og það væri fólginn kostnaður í uppbyggingu þegar betur áraði. Engin hagræðing væri fólgin í slíku fyrirkomulagi. Í nágrannalöndum okkar væri almennur skilningur á því að hagkvæmara sé að grípa til sveiflujöfnunar til skemmri tíma en að láta hrunið verða stjórnlaust.

Oddný sagði að Kristján Þór hefði á nýliðnu Búnaðarþingi 2018 kallað eftir tillögum sauðfjárbænda sjálfra um lausnir á þeirra vanda og sagði hún að ekki hafi staðið á þeim. Sauðfjárbændur hafi nýlega kynnt tillögur um markaðsjöfnunarsjóð sem byggður væri upp á fjármunum sem kæmi úr greininni sjálfri. Slíkir sjóðir væru þekktir víða um heim. Markaðsjöfnunarsjóður gæti tekið á stöðunni núna og gegnt hlutverki til sveiflujöfnunar til lengri tíma.

Óskir um undanþágur vegna salmonellu

Kristján Þór sagði að hann væri tilbúinn til að taka hugmyndirnar um markaðsjöfnunarsjóðinn til ítarlegrar skoðunar, en forsendan fyrir því að þær geti orðið að veruleika væri að sátt myndi nást um þær meðal sauðfjárbænda. Hann sagði líka að hugmyndin um þennan sjóð yrði illa fær nema einhver trygging fengist hjá sláturleyfishöfum um að þeir gæti mætt hugmyndum þeirra um hærra afurðaverð í framtíðinni.

Kristján Þór vék síðan talinu að öðrum brýnum úrlausnarefnum sem ríkisstjórnin stæði frammi fyrir gagnvart landbúnaðinum. Hann sagði að unnið væri að aðgerðaráætlun um hertara og skilvirkara eftirlit vegna áburnefnds EFTA-dóms sem heimilar innflutning á ófrystu kjöti, ferskum eggjum og ógerilsneyddri mjólk til Íslands. Einnig væri unnið að umsóknum um viðbótartryggingar fyrir innfluttar búvörur vegna smithættu á salmonellu og að aðgerðum vegna þeirra kampýlóbaktersýkinga sem geta borist til landsins með auknum innflutningi.



Fundargestir við setningu aðalfundar LS. Mynd / smh

Viðbrögð ríkisins vegna EFTA-dómsins verða, að sögn Kristjáns Þórs, kynnt á næstunni.

Kristján Þór sagði að hann hefði beint þeim tilmælum til forystu samráðshóps um endurskoðun búvörusamninga að hraða vinnu við endurskoðun á samningnum um starfsskilyrði sauðfjárræktar. Hefur hann óskað eftir því að tillögur hópsins verði tilbúnar, fyrir stjórnvöld og Bændasamtök Íslands að kynna sér, innan nokkurra vikna. Hvatti Kristján Þór aðalfund LS til að leggja afrakstur fundarins inn í samráðshópinn til umfjöllunar. Þá nefndi hann að von væri á skýrslu KPMG, vegna úttektar á sláturleyfishöfum, í síðasta lagi 1. maí næstkomandi. Markmið þeirrar úttektar hefði verið að leita leiða til að lækka sláturkostnað og auka hagræðingu í greininni; bændum og neytendum til hagsbóta. Á hún einnig að taka á og meta framlegð af útflutningi kindakjöts.

Fækka þarf sláturhúsum verulega

Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska, tók við formennsku í Landssamtökum sláturleyfishafa þann 1. febrúar af Ágústi Andréssyni, forstöðumanni Kjötafurðastöðvar KS. Hann sagði í sínu ávarpi að vandi sláturleyfishafa hefði verið mikill á undanförnum árum, sérstaklega þeirra sem hafa einbeitt sér að sauðfjárslátrun. Þau sláturhús hafi verið rekin með tapi um árabil, áður en þau fóru í þær sársaukafullu aðgerðir síðastliðið haust að lækka verulega afurðaverð til bænda. Hann sagði að við vandann myndi svo bætast áhrif tollasamningsins við Evrópusambandið, sem mun taka gildi 1. maí næstkomandi og hefði í för með sér verðlækkun á kjöti – í það minnsta – og líklega magnaukningu. Það muni óhjákvæmilega hafa áhrif á innlendar kjötvörur, sauðfjárafurðir og aðrar.

Hann sagði að viðbrögð sláturleyfishafa væru að halda áfram að þróa vörur og vinna í gæðamálum innan sinna raða – til að bregðast við samkeppninni. Afurðastöðvarnar gætu gert betur og lært af öðrum kjöttegundum og fæðutegundum.

Síðan sé það hagræðingin. Mikið hafi verið hagrætt á árum áður en lítið hafi verið gert róttækt á undanförnum árum. Nú sé tími til kominn að taka annan snúning á slíkri hagræðingu. Ágúst sagði að það væri hans mat að það væri ekki þörf á fleiri en þremur sumarsláturhúsum á Íslandi. Þau séu allt of mörg – allt of mikið fé bænda sé bundið í húsunum. Bændur þyrftu að hafa frumkvæðið að þeirri þróun.

Til að hagræðingin gæti svo fyllilega náðst, þá þyrfti að verða einhvers konar hliðrun á samkeppnislögum gagnvart sláturleyfishöfum. Það þyrfti að leyfa þeim að hafa með sér einhvers konar verkaskiptingu.

Loks sagði Ágúst Torfi að hluti vandans væri einnig sá að verið sé að framleiða of mikið af lambakjöti; of mikið til að hægt sé að selja það á ásættanlegu verði. /*smh*



DEUTZ-FAHR 5125

Alhliðavél sem skortir ekkert

DEUTZ-FAHR 5125 er einstaklega skemmtileg vél sem við teljum að henti vel á hvert bú við íslenskar aðstæður. Hún er einstaklega vel búin, en meðal búnaðar má nefna:

3,6 l DEUTZ mótor - 126 hö	Stop&Go - hægt að kúpla með bremsu	Vökvastýrð handbremsa
Fjaðrandi framhásing	Stillanlegt átak á vendigír	Rafstýrt beisli
Dempun á húsi	2-földun á stýrisdælu sem fækkar stýrissnúningum um helming.	3 tvöföld vökvaúrtök með stillanlegu flæði
Loftkæling	5 gíra kassi með 3 milligírum og kúplingsrofa í gírstöng	Dekkjastærð 440/65R28 að framan og 540/65R38 að aftan
90 l/mín vökvadæla	Hægt er að skipta milligírum á ámoksturstækjastöng	4 hraða aflúrtak (540/540E/1000/1000E)
STOLL FZ20 samlit ámoksturstæki með 3ja sviði, rafstýrðum dempara, vökvaskóflulás og 2,20 m Heavy Duty skóflu - innifalin í verði		

Bændur athugið:

Við eigum þessar vélar til afhendingar strax. Hafið samband við sölumenn okkar og leitið verðtilboða.

ÞÓR HF

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Baldursnes 8
Sími 568-1555

Vefsíða og netverslun:
www.thor.is

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.500 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara kostar 5.250 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – Kt: 631294–2279
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga: augl@bondi.is** – **Vefur blaðsins: www.bbl.is** – **Netfang blaðsins:** (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Vonarglæta

Fjármálaáætlun ríkisstjórnar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks fyrir árin 2019–2023 var kynnt á dögunum og þar talað um „umfangsmikil fjárfesting í samgöngu- og fjarskiptamálum," sem verður meðal annars fjármögnuð með arðgreiðslum frá fjármálafyrirtækjum í eigu ríkisins.

Alls er reiknað með að framlög nemi 124 milljörðum króna í þessa málaflokka á tímabilinu og að frá árinu 2019 bætist við sérstök árleg framlög til þriggja ára upp á 5,5 ma.kr. Gert er ráð fyrir að ljósleiðaravæðingu landsins ljúki árið 2020.

Á yfirborðinu hljómar þetta vel en þegar horft er á stórhættulegt og niðurnítt vegakerfi landsins eru þetta í raun hræðileg tíðindi. Það er t.d. langur vegur frá því að verið sé að nota skatta og gjöld sem nú eru innheimt af bifreiðaeigendum til vegamála á hverju einasta ári. Vantar þar marga tugi milljarða inn í dæmið. Samt ætla menn að auka enn skattaálögur á „suma" bifreiðaeigendur í gegnum kolefnisskatt, en engar hugmyndir á borðinu um hvar taka eigi vaxandi kostnað vegna slits ört fjölgandi rafbíla á vegakerfinu. Vegagerðin áætlar að umferð haldi áfram að aukast á þessu ári um 4–6%. Það bætist við aukningu undanfarinna ára og þýðir aukið niðurbrot vegakerfisins.

Varðandi vegamálin er líka tilbúinn kerfisvandi sem hefur verið til mikilla vandræða undanfarna áratugi. Það varðar framkvæmd umhverfismála með endalausum kærurétti án þess að í þeim rétti felist nokkur einasta ábyrgð. Mörg dæmi mætti nefna þar sem kærur hafa tafið nauðsynleg úrbótaverkefni og valdið þjóðfélaginu miklum fjárhagslegum skaða. Vegurinn frá Þingvöllum og austur að Laugarvatni er t.d. ágætt dæmi um það. Þar var ítrekað kært í skjóli fullyrðinga „vísindamanna" um að nýr vegur myndi m.a. eyðileggja lífríki Þingvallavatns. Minna hefur heyrst um þessar fullyrðingar eftir að vegurinn um Lyngdalsheiði var lagður í stað leiðar um Gjábakkaveg. Nú krossa menn fingur og vona að nýframkomin kæra verði ekki til að stöðva fyrirhugaðar framkvæmdir við endurbætur á stórhættulegum og ónýtum vegarspotta frá Lyngdalsheiðarvegi að þjónustumiðstöðinni á Þingvöllum.

Annar vegarkafli hefur haldið heilum landshluta í gíslingu áratugum saman, en það er vegarkafli um Gufudalssveit í Austur-Barðastrandarsýslu. Þar hafa menn nýtt sér manngert regluverk náttúruverndarlaga til að kæra í það endalausa vegna hugmynda um vegalagningu um svæði sem kallað er Teigsskógur. Stjórnmálamenn hafa þar staðið ráðþrota gagnvart eigin sköpunarverki reglukerfisins, en ábyrgð kærenda gagnvart mögulegu tjóni og miska vegfarenda og rétti íbúa á sunnanverðum Vestfjörðum til að tryggja sína tilvist, er engin. Athygli vekur að í hópi þeirra sem staðið hafa gegn þessum hagsmunum vegfarenda og íbúa á svæðinu er svo umhverfisráðherrann sjálfur. Það verður því fróðlegt að sjá hvort núverandi ríkisstjórn hefur kjark til að höggva á þennan hnút. Kannski það verði loks að veruleika. Nú er allavega komin fram langþráð vonarglæta í því máli með framlagningu á frumvarpi til laga um framkvæmdaleyfi vegna uppbyggingar á Vestfjarðavegi. Fyrir því máli fer Haraldur Benediktsson, Sjálfstæðisflokki og meðflutningsmenn eru Halla Signý Kristjánsdóttir, Framsóknarflokki, Guðjón S. Brjánsson, Samfylkingu, Bergþór Ólason, Miðflokki og Sigurður Páll Jónsson, Miðflokki. Gangi þeim vel. */HKr.*

Opnir samningar

Sindri Sigurgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
sindri@bondi.is



Búvörusamningarnir hafa nú verið í gildi í rúma 15 mánuði. Það er ekki langur tími í atvinnugrein þar sem framleiðsluferlar eru langir og fyrirsjáanleiki er flestu öðru mikilvægari.

Eitt af því sem gagnrýnt var við meðferð málsins á Alþingi á haustdögum 2016 var að samningarnir væru til of langs tíma. Þeir voru áður til sjö ára en voru nú gerðir til tíu ára með ákvæðum um tvær endurskoðanir, árin 2019 og 2023. Það er nýmæli. Það var auk þess samið um alla samningana fjóra í einu sem áður var gert sitt í hvoru lagi. Samningurinn sem lengst hafði gilt hafði reyndar staðið í 15 ár vegna framlenginga. Samningaferlið 2015–16 var opnara en nokkru sinni fyrr því ekki hafði áður verið gert hlé á samningunum til að halda opna bændafundi í því skyni að kynna stöðuna sem þá var uppi í samningagerðinni.

Pólitískar sviptingar hafa tafið fyrir

Efni samninganna hefur verið til nær óslitinnar umræðu frá því að þeir tóku gildi. Það er vissulega eðlilegt því að í þeim var og er margt nýtt sem hefur tekið tíma að innleiða. Matvælastofnun hefur í sumum tilvikum átt erfitt með að koma út greiðslum í samræmi við það sem bændur væntu sem auðvitað hefur valdið verulegum óþægindum. Vonandi lýkur þeim erfiðleikum á þessu ári. Þá hafa ítrekaðar breytingar á samráðshópi um endurskoðun búvörusamninga ekki hjálpað til. Samráðshópurinn var hugmynd þáverandi meirihluta atvinnuveganefndar Alþingis í því skyni að ná víðari sátt um landbúnaðarstefnuna. Í nefndaráliti sama meirihluta við afgreiðslu málsins eru talin upp níu atriði sem þessum samráðshópi var ætlað að fara yfir áður en kæmi að fyrri endurskoðun árið 2019. Þar voru meðal annars talin upp loftslags- og umhverfismál, sérstöðugreining, samkeppnismál, upplýsingagjöf til neytenda, upprunamerkingar, afkoma bænda, hagtölusöfnun og fleira. Öll þau atriði hafa enn sömu þýðingu, en vegna þeirra pólitísku sviptinga sem voru á árunum 2016 og 17 hefur minna orðið úr verki. Fyrr á þessu ári var samráðshópurinn skipaður í þriðja sinn og lagt fyrir hann að ljúka störfum fyrir árslok. Leggja verður áherslu á að það takist vel til við vinnu hans út þetta ár, en tíminn er óneitanlega minni en ákjósanlegt væri.

Tollvernd þarf að endurskoða

Sviptingar hafa auðvitað líka orðið víðar. Bændur hafa miklar áhyggjur af innleiðingu tollasamnings við Evrópusambandið sem undirritaður var af þáverandi ríkisstjórn árið 2015 og samþykktur hérlendis haustið 2016. Nú tekur fyrsti áfangi hans gildi 1. maí næstkomandi en á sama tíma hefur nær ekkert komist í framkvæmd af tillögum starfshóps þáverandi ráðherra um viðbrögð við samningnum sem skilað var í júní 2016. Það er ótækt og undirstrikar enn nauðsyn þess að fara yfir stöðu tollverndar í heild. Hún er mikilvægur hluti landbúnaðarstefnunnar í ákveðnum greinum og vöruflokkum og þarf að virka þar sem henni er beitt. Á tímum sterkrar krónu og tolla sem hafa sumpart verið óbreytt krónutala frá 1995 þá er það ekki raunin.

Til viðbótar varpar niðurstaða EFTA-dómstólsins í hinu svokallaða hráakjötsmáli skugga sem hefur eðlilega áhrif á umræður um starfsskilyrði bænda. Reyndar kom fram í máli landbúnaðarráðherra á aðalfundi sauðfjárbænda að núverandi ríkisstjórn ætlar að efna til viðræðna við Evrópusambandið um málið, ekki bara að gleypa það hrátt. Það eru sannarlega jákvæðar fregnir og í samræmi við þær ábendingar sem fram komu í bréfi Bændasamtakanna til ráðherra í febrúar síðastliðnum. Vitanlega er ekkert gefið um niðurstöður þeirrar vinnu en það er afar mikilvægt að þarna verði gengið fram af festu og ákveðni. Allt þetta hefur veruleg áhrif á starfsskilyrði landbúnaðarins og þar af leiðandi um búvörusamningana.

Áherslur aðalfunda leggja línurnar um framhaldið

Nú hafa þau þrjú búgreinafélög, sem hafa sjálfstæða samninga, lokið aðalfundum sínum og þar voru áherslur þeirra við endurskoðunina til umræðu. Áður hafði Búnaðarþing einnig ályktað um endurskoðunina í síðasta mánuði. Kúabændur ályktuðu að þeir vildu halda framleiðslustýringu áfram í greininni, en atkvæðagreiðsla meðal bænda er ráðgerð síðar eins og samningur þeirra kveður á um. Það er langstærsta málið í þeirri grein, en svo virðist sem að yfirgnæfandi stuðningur sé við áframhaldandi framleiðslustýringu, þó atkvæðagreiðslunni sé ætlað að leiða það endanlega í ljós.

Sauðfjárræktin hefur glímt við mikil vandamál undanfarin misseri. Viðræður við stjórnvöld um lausnir gengu hægt en núverandi ríkisstjórn brást við skammtímavandanum með fjárveitingu í fjáraukalögum 2017. Viðræður um langtímalausn standa enn. Sauðfjárbændur samþykktu á sínum fundi að það ætti að frysta greiðslur samningsins á næstu árum þannig að allt sem geti talist framleiðsluhvetjandi verði aftengt. Sumt er þó enn óútfært í þeirri samþykkt.

Í garðyrkjunni var samið um að skoða ætti fyrir endurskoðun hvort aflétta ætti tollvernd af fleiri tegundum en tómötum, gúrkum og papriku, þá gegn því að teknar yrðu upp beingreiðslur í þeim greinum á móti. Það myndi þýða aukin útgjöld en lægri tolla á móti. Þetta eru aðeins stærstu atriðin en fleira mætti auðvitað telja til.

Hvað vill ríkisvaldið?

Ríkisstjórnin sjálf á síðan eftir að koma fram með sínar áherslur. Þær eru auðvitað í stjórnarsáttmálanum að hluta til en þegar sest verður við samningaborðið við endurskoðunina sjálfa þá þarf að vera skýr sýn af beggja hálfu hverju á að breyta, hvað það þýðir og hvernig það verður útfært í raun og sann. Ráðherra hefur nefnt nokkur einstök atriði og mun e.t.v. fela sínum fulltrúum að ræða áherslur í samráðshópnum fyrst, en nú hafa bændur mótað sína stefnu og þá væri skynsamlegt að heyra sem fyrst hvað ráðherra hefur að segja um þær og hvað hann kemur með að borðinu.

Bændasamtökin munu fljótlega skipa sína fulltrúa í samninganefnd til að annast endurskoðunina sjálfa í samráði við aðildarfélögin. Að endurskoðuninni lokinni verður niðurstaðan borin undir félagsmenn í atkvæðagreiðslu, og endurskoðaður samningur tekur þá gildi 1. janúar 2020. Umræðan mun vafalítið halda áfram alveg þangað til.

ÍSLAND ER LAND ÞITT



Stífluvatn í Fljótum, Hamarshyrna, Hrafnahnjúkur og Lambahnjúkur fyrir miðri mynd. Gamli Ólafsfjarðarvegurinn um Lágheiði liggur inn dalinn til vinstri, en Tungudalur er til hægri. Stífluvatn er 3,9 ferkílómetrar að stærð og liggur í 97 metra hæð yfir sjó. Dýpst er vatnið 23 metrar. Í það renna Tunguá, Fljótaá, Húnstaðaá, Húnstaðalækur, Stórilækur og fleiri lækir. Fljótaá rennur úr því til norðurs. Stífluvatn er uppistöðulón fyrir Skeiðsfossvirkjun. Upphaflega var Skeiðsfossvirkjun byggð af Siglfirðingum í beinum tengslum við síldarævintýrið um þann uppgang sem þá var á Siglufirði og var fyrsta vélin gangsett árið 1945. Skeiðsfossvirkjun samanstendur eiginlega af tveimur virkjunum, í Skeiðsfoss 1 var vél gangsett 1945 og önnur vél 1954. Árið 1976 var síðan þriðja vélin gangsett og er hún u.þ.b. tveimur km norðar. Í þeirri virkjun nýtist vatnið frá Skeiðsfoss 1 og er henni fjarstýrt þaðan. Heildarframleiðslugeta virkjananna tveggja er um 5 megawött. Mynd / HKr.

LÍF & STARF



Stúlkurnar 17 með leiðbeinendum sínum á pönnukökunámskeiðinu á Selfossi. Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

Pönnukökunámskeið Kvenfélags Selfoss sló í gegn

Metþátttaka var á pönnukökunámskeið sem Kvenfélag Selfoss stóð nýlega fyrir í Selinu, aðstöðu félagsins, því 17 stelpur skráðu sig á námskeiðið.

Enginn strákur skráði sig að þessu sinni. Stelpurnar lærðu frá grunni hvernig pönnukökur eru gerðar, hvernig þær eru meðhöndlaðar eftir bakstur og loks fengu þær að smakka á pönnukökunum sem þær bökuðu. Námskeiðið tókst einstaklega vel og var mikil ánægja með það, bæði hjá þátttakendum og kvenfélagskonunum sem stóðu fyrir því. Á myndinni eru þátttakendur námskeiðsins, ásamt kennurum og forsvarskonum kvenfélagsins.

/MHH



Göngugarparnir frá Selfossi og Hveragerði þegar hóparnir hittust í Hveragerði í Dymbilvikunni. Mynd / MHH

Gönguhópar skiptast á heimsóknum

Á Selfossi eru starfandi tveir gönguhópar eldri borgara. Sá á Selfossi er skipaður 12 körlum sem ganga alla virka daga ársins um klukkutíma á dag. Í Hveragerði er hins vegar hópur af körlum og konum sem ganga einu sinni í viku að minnsta kosti klukkutíma í senn.

Báðir hóparnir gera ýmislegt annað fyrir utan gönguna, eins og á fara í vorferð, heimsóknir til fyrirtækja og þess háttar. Nýlega heimsótti hópurinn á Selfossi Hvergerðingana þar sem boðið var upp á flottar móttökur, göngu í skógræktinni undir Hamrinum. Fengu allir páskaegg og lásu málshættina upphátt fyrir hina. Næst fara Hvergerðingar á Selfoss. */MHH*

Íslenska lambakjötið er algerlega einstakt



Kjötsala á útimörkuðum er algeng sjón víða um Evrópu. Bærinn Christchurch við strönd Ermasundsins í Suður-Englandi er þar engin undantekning.

Tíðindamaður Bændablaðsins átti leið þar um og hitti kjötsala sem selur undir nafninu Reynolds beint úr sínum flutningabíl. Var hann með á boðstólum kjöt af ýmsum toga úr viðkomandi héraði, en þarna er töluverð sauðfjárrækt. Þegar hann vissi um uppruna komumanns sagði hann að íslenska lambakjötið væri alveg einstakt og ótrúlega gott. Aðspurður sagðist hann þó ekki hafa getað boðið slíkt til sölu hjá sér og ekki hafði hann heldur komið til Íslands. Íslensku lambakjöti hafði hann þó kynnst af eigin raun þegar vinur hans gaukaði að honum vænum bita frá Íslandi. Sagði hann kjötið hafa bragðast einstaklega vel og það væri ekki líkt neinu öðru lambakjöti sem hann hafi smakkað.

MÆLT AF MUNNI FRAM

199

Varla gerast vísurnar nýrri en næstu fjórar sem **Magnús Halldórsson**, nú baðvörður á Hvolsvelli, orti um sexleytið í morgun, sunnudaginn þann 8. apríl. Magnús hafði, sem jafnan fyrr, vaknað til gegninga kl 7. Þegar hann, heimkominn frá morgunverkum, áttaði sig á því að klukkan hafði hringt hann á lappir klukkustund fyrr en skyldi, þá vitjar hann rekkju sinnar aftur. Þar ríkti kyrrðin ein og engin sýnileg merki þess að hans væri þar beðið sérstaklega, þá fóru hendingar að hefjast á flug innra með honum. Þá leitaði hugurinn ákaft þeirra náttúrustaða sem helst fanga ferðamenn á Suðurlandi. Ljóð Magnúsar nefnist „Hagvöxtur“:

Efst á Apavatnshæðum
er útskitin lítil tó
og funheit af gjaldeyrisglæðum
í gallharðri nútímafró.

Nú túrhestar vilja svo víða
sér velta á jöklum í snjó.
Áfram samt lækirnir líða
og liðast um hvannamó.

Ég sé þarna labbandi „looser“,
hann lifir þó fremur spart,
og svo er þar kona á „Cruiser“,
hún klæðir sig voða smart.

Og skreyttur er himinninn skýjum,
hér skínandi þotum er beitt.
Í jóreyk frá járnfákum nýjum
af Jónasi sést ekki neitt.

Það er alþekkt meðal hagyrðinga, að þeir fyllist hugljómun við lestur hugverka annarra skálda. Þess sjást glögg merki í ofanskráðu ljóði **Magnúsar Halldórssonar.** Þannig fór einnig Tjarnarbræðrum, þeim **Hjörleifi, Þórarni og Kristjáni Hjartarsonum frá Tjörn** í Svarfaðardal, þá þeir samankomnir sungu af mikilli tilfinningu hina landsþekktu vísu **Sigurðar í Krossanesi**, „ Fljót er nóttin dag að deyfa“ o.s.frv. Hafandi sungið þessa snjöllu vísu fóru þeir að velta því fyrir sér, hvort Siggi hefði í reyndinni komist heim þrátt fyrir lausa skeifu undir Blesa. Fóru þeir að fella í rím hugrenningar sínar um framvindu ferðalags Sigga á Blesa. Til að raungera aðstæður þá hefja þeir hugverkið auðvitað á frumgerð vísunnar hans Sigga í Krossanesi:

Fljót er nóttin dag að deyfa,
dimman færist yfir geim.
Undir Blesa skröltir skeifa,
skyldi hún ekki tolla heim.

Síðan fara þeir **Tjarnarbræður** að hekla hugrenningar sínar um framhald ferðarinnar á Blesa:

Jörðu merlar mánageisli
mjöllin þekur fjallageim,
upp í Blesa er ekkert beisli
ætli hann muni rata heim.

Augafullur, allur skakkur,
á öðrum skónum laus er reim.
Uppi á Blesa er enginn hnakkur
ætli ég muni tolla heim.

Fannabreiður fylla gjótur,
fagurt er í þessum geim.
Undir Blesa er enginn fótur
ég efast um hann komist heim.

Er ég nú á ólmu trippi ,
ægilegum gangsteri.
Undir Blesa er ekkert typpi,
ætli hann sé transmeri.

Illa drukkinn eins og sauður,
um það ritar fjölmiðill.
Undir Blesa er ég dauður,
ætli hann sé náriðill.

Sitjandi í sinugresi,
sálin bæði hrygg og „leim“.
Undir mér er enginn Blesi,
ætli hann sé farinn heim.

Vafist getur fyrir fleirum en Tjarnarbræðrum að skilgreina allan fjölda þeirra kyngreininga sem notaðar eru í dag:

Víst er gott að vera saman,
vex mér þor og ásmegin.
Undir Blesa er ekkert gaman,
ætli hán sé kynsegin.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com

FRÉTTIR

Endurskoðunarhópur búvörusamninga:

Sviðsmyndagreining og fundir með bændum

Haraldur Benediktsson, alþingismaður og formaður endurskoðunarhóps búvörusamninga, segir að hópurinn muni hefja störf fljótlega.

„Meðal þess sem hópurinn mun skoða eru möguleikar íslensks landbúnaðar og hvað kostnaður er honum samfylgjandi. Hópurinn mun einnig skoða nokkrar sviðsmyndir sem koma til greina í landbúnaði og hvaða áhrif þeirra gætu orðið."

Haraldur segir að hópurinn muni kalla til fjölda manns með ólíkan bakgrunn og heyra þeirra skoðanir á framtíð landbúnaðarins. „Snemma í júní stendur hópurinn fyrir sex fundum á landsbyggðinni þar sem bændur verða kallaðir til skrafs um framtíð landbúnaðar á Íslandi.

Ef áætlanir ganga eftir mun nefndin síðan skila sínum tillögum í október næstkomandi," segir Haraldur. */VH*



Haraldur Benediktsson.



Nauðsynlegt er að bændur og aðrir sem starfa við landbúnað hugi að heilsunni. Starf bóndans er erfitt og slítandi og vinnudagarnir oft langir.
Mynd / TB

Opinn fundur í Breiðumýri í S-Þingeyjarsýslu:

Heilsufar bænda í brennidepli

Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga í samstarfi við kvenfélög í Suður-Þingeyjarsýslu, Bændasamtökin og Guðmund Hallgrímsson hafa í vetur unnið að verkefni sem miðar að því að efla heilsu bænda. Boðað er til fundar í Breiðumýri þriðjudaginn 17. apríl kl. 20.00 þar sem fundarefnið er „Heilsa og lífsgæði".



Guðmundur Hallgrímsson.

Guðmundur Hallgrímsson hefur heimsótt á þriðja hundrað býli á síðustu árum undir merkjum „Búum vel" vinnuverndarverkefnisins sem Bændasamtökin og nokkur búnaðarsambönd hafa staðið fyrir. „Það er mikið álag sem fylgir búskapnum. Menn vinna mikið einir og alla daga, oft lítið um frí og ekki alltaf auðvelt að bregða sér frá. Maður verður var við að þetta taki verulega á andlegu hliðina, oft án þess að menn geri sér grein fyrir því," segir Guðmundur og bendir á að það sé ekki síður mikilvægt að huga að andlegri en líkamlegri heilsu.

Sjálfsagt mál að skipta um olíu á vélunum – en heilsan gleymist

Guðrún Tryggvadóttir, formaður Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga og bóndi, hefur átt veg og vanda að skipulagningu fundarins í Breiðumýri ásamt Guðmundi. „Við funduðum með Unnsteini Inga Júlíussyni, yfirlækni heilsugæslunnar á Húsavík, og ræddum útfærslur við hann. Ákveðið var að halda almenna kynningu með bændum til að vekja fólk til umhugsunar um heilsu og vellíðan almennt auk þess að gera menn meðvitaðri um málefnið. Það er bændum eðlilegt og sjálfsagt að viðhaldi sé sinnt á vélum og tækjum en stundum gleymist að heilsa okkar sé eitthvað sem þurfi að huga að," segir Guðrún. Hún segir að markmiðið sé að vekja fólk til umhugsunar en líka að kanna áhuga fundargesta á skipulagðri heilbrigðisþjónustu sem miðar að bændum sem starfsstétt.



Guðrún Tryggvadóttir.

Læknir og sálfræðingur miðla af reynslu sinni

Sem fyrr segir verður kynningarfundurinn þriðjudaginn 17. apríl kl. 20.00 í Breiðumýri undir yfirskriftinni „Heilsa og lífsgæði". Unnsteinn Ingi Júlíusson læknir flytur erindi um heilsufar almennt og ábyrgð hvers og eins á eigin heilsu. Á eftir honum mun Hjalti Jónsson sálfræðingur fjalla um andlega heilsu, einkenni og áhættu þunglyndis. Í kjölfarið verða umræður um viðfangsefnið og næstu skref. Fundarstjóri er Eiríkur Blöndal, stjórnarmaður í Bændasamtökunum.

Allir eru velkomnir. Boðið er upp á kaffiveitingar og enginn aðgangseyrir. */TB*



Yfir 220 tilfelli um „martraðar- bakteríu" hafa fundist í 27 ríkjum Bandaríkjanna. Er hún einstaklega hættuleg fyrir eldra fólk og fólk sem haldið er króníska sjúkdómum.
Mynd / CDC

Bandarískir læknar áhyggjufullir:

„Martraðar-baktería" sem þolir nær öll sýklalyf

– Þegar hafa komið upp 220 sýkingartilfelli – bregðast verður hratt við

Yfir 220 tilfelli um „martraðar-bakteríu" hafa fundist í 27 ríkjum Bandaríkjanna. Er bakterían með nýtt eða mjög óvenjulegt gen og þol gegn nær öllum sýklalyfjum, samkvæmt tilkynningu frá miðstöð sjúkdómavarna í Bandaríkjunum (CDC) í síðustu viku.

Hefur CDC varað við áhrifum sýklalyfjaónæmra baktería árum saman, en þessa „martraðar-bakteríu" er raunverulega ekki hægt að meðhöndla með þekktum lyfjum. Þá segir í tilkynningu Scientific American að þær hafi eiginleika til að útbreiða gen sem gerir þær ónæmar fyrir nær öllum sýklalyfjum.

Vegna lyfjanæmis bakteríunnar er hún einstaklega hættuleg fyrir eldra fólk og fólk sem haldið er króníska sjúkdómum. Um helmingur þeirra sem fá þessar bakteríur í sig láta lífið, að sögn dr. Anne Schuchat hjá CDC miðstöð sjúkdómavarna. Hún segir að unnið sé að því innan stofnunarinnar að reyna að komast fyrir bakteríuna áður en hún verði of útbreidd. Hún segir að mögulegt sé að komast fyrir útbreiðslu bakteríunnar með markvissum aðgerðum.

Tvær milljónir Bandaríkjamanna smitast árlega

Nú smitast um 2 milljónir Bandaríkjamanna af sýklalyfjaónæmum bakteríum á hverju ári. Þar af láta um 23 þúsund manns lífið.

Sýklalyfjaónæmar bakteríur eru afleiðing af ofnotkun sýklalyfja meðal mannfólksins og ekki síður í landbúnaði. Um áratuga skeið hafa sýklalyf verið notuð í fóður, m.a. í kjúklinga-, svína- og nautgripaeldi í Bandaríkjunum, Evrópu og víðar um heim. Eru lyfin þá notuð sem forvörn vegna mögulegra sýkinga og eru þá um leið vaxtarhvetjandi sem gefur um leið aukna von um skjótari hagnað. Hafa læknar um allan heim varað við þessu framferði um árabil. Á Íslandi er slík notkun sýklalyfja bönnuð.

Það versta af öllu vondu

Dr. Amesh Adalja, fyrrverandi fræðimaður hjá miðstöð John Hopkins-háskóla í sjúkdómaöryggi, segir að óvenjulegt gen sem fundist hafi í þessum bakteríum valdi áhyggjum. „Þetta er sannarlega það versta af öllu vondu," sagði Adalja í samtali við Scientific American.

„Það eru sum bakteríugen sem valda meiri áhyggjum en önnur og eru mun erfiðari við að eiga. Þessi gen lúra nú í bandarískum sjúklingum og eru að breiðast út í sjúkrahúsum og á heilsustofnunum."

Eins og skógareldur

Læknar hafa líkt útbreiðslunni á þessari „martraðar-bakteríu" og annarra sýklalyfjaónæmra baktería við skógareld sem erfitt sé að hemja þegar hann er einu sinni farinn af stað. Þess vegna leggja læknar áherslu á að reyna að slökkva strax í neistanum, áður en ný afbrigði af bakteríunni ná að breiðast út.

Bregðast þar hratt við

„Við verðum að gera meira og vinna hraðar og á fyrri stigum þegar slíkar sýklalyfjaónæmisógnanir koma upp," segir dr. Anne Schuchat hjá CDC miðstöð sjúkdómavarna.

/HKr.

Hugmyndasamkeppni um nýtingu jarðhita til matvælaframleiðslu:

Að gera sér mat úr jarðhitanum

Auglýst er eftir hugmyndum um nýtingu jarðhita við matvælaframleiðslu í hugmyndasamkeppninni Gerum okkur mat úr jarðhitanum. Það er Eimur, samstarfsverkefni um bætta nýtingu orkuauðlinda og aukinni nýsköpun í orkumálum á Norðurlandi eystra, sem stendur að samkeppninni í samstarfi við Matarauð Íslands, Íslensk verðbréf og Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Engar skorður eru settar varðandi hvar í framleiðsluferlinu hugmyndin er eða hvers konar matvælaframleiðslu er um að ræða. Markmið samkeppninnar er að fá fram hugmyndir að aukinni verðmætasköpun í gegnum matvælaframleiðslu, eða áframvinnslu þeirra með jarðvarma á Norðurlandi eystra.

Tvær milljónir í fyrstu verðlaun

Heildarupphæð verðlauna eru tvær og hálf milljón króna, þar af nema fyrstu verðlaun tveimur milljónum króna. Íslensk verðbréf bjóða



sigurvegaranum þar að auki aðstoð við tillögur um hugsanlegar leiðir til fjármögnunar, að meta eða gera rekstraráætlun ásamt því að meta áætlaða fjárfestingarþörf og við gerð tilboða, endanlegra samninga og annarra löggerninga.

Í keppnislýsingunni kemur fram að mikil tækifæri liggi í nýtingu jarðvarma í matvælaframleiðslu bæði á hefðbundinn og óhefðbundinn hátt og segir þar einnig að aukin innlend framleiðsla sé Íslendingum mikilvæg. Á Norðurlandi eystra sé mikið magn af ónýttum jarðhita, einkum lághita, sem nota megi til alls kyns framleiðslu matvæla og áframvinnslu þeirra.

Við mat á tillögum er tekið tillit til eftirtalinna þátta:

- Frumleika og nýsköpun
- Felur verkefnið í sér sjálfbærni og lítið vistspor?
- Er verkefnið atvinnuskapandi?
- Tengir hugmyndin saman ólíkar atvinnugreinar?
- Er raunverulegur markhópur fyrir vöruna?
- Hver er möguleg arðsemi verkefnisins?
- Er líklegt að hugmyndin verði að veruleika?

Nánari upplýsingar og keppnislýsingu er að finna á vefnum eimur.is. */smh*



Eftirfarandi bíla- og búvélaverkstæði nota Valvoline

Vélabær ehf.
Bæ Bæjarsveit, 311 Borgarnes

Hróar ehf.
Skipanesi, 301 Akranes

Pardus
Suðurbraut, 565 Hofsós

Eystra – Hraun ehf.
Eystra - Hruni, 880 Kirkjubæjarklaustur

Eyfell ehf.
Gilsbakka 33 - Ásólfsskála, 860 Hvolsvöllur

Neyðarþjónusta Sveins
Bjarnaholti 5, 780 Höfn í Hornafirði

Vélaverkstæði Guðmundar og Lofts ehf.
Iðu Bláskógarbyggð, 801 Selfoss

B3 ehf.
Bakka Svarfaðardal, 621 Dalvík

Vélaverkstæði Hjartar Eiríkssonar ehf.
Búlandi 1, 530 Hvammstangi

Bílherjinn
Mörk 2, 765 Djúpivogur

Framrás
Smiðjuvegi 17, 870 Vík



Valvoline framleiðir eingöngu hágæða smuolíur, glussa og efnavörur. Leitaðu ekki langt yfir skammt, við erum með réttu olíuna fyrir allar vinnuvélar.

Poulsen
partur af lífinu

Poulsen ehf. | Skeifunni 2 | 108 Reykjavík | Hyrjarhöfða 9 | 110 Reykjavík | ✆ 530 5900 | poulsen.is

FRÉTTIR



Íbúi nr. 500 í Skútustaðahreppi er Jónas Þór Ingólfsson sem flutti lögheimili sitt nýverið í Helluvað. Myndin er tekin við Vaðlaheiðargöng þar sem Jónas Þór starfar.

Íbúar í Skútustaðahreppi orðnir ríflega 500 talsins:

Öflugt atvinnulíf og uppgangur í ferðaþjónustu

Þau tímamót urðu í byrjun marsmánaðar að íbúafjöldi í Skútustaðahreppi fór í fyrsta skipti frá árinu 1993 í 500 manns, samkvæmt mannfjöldatölum frá Hagstofu Íslands. Íbúarnir eru nú alls 505 talsins.

Frá árinu 2013 hefur íbúum í Skútustaðahreppi fjölgað úr 370 í 505, eða um 36,5%. Á rúmlega einu ári hefur íbúum fjölgað um tæp 19%, eða úr 425 í 505. Um 130 manns hafa annað ríkisfang en íslenskt, eða um fjórðungur.

Íbúarnir voru flestir 1980

Íbúafjöldi í Skútustaðahreppi hefur sveiflast nokkuð í gegnum tíðina. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands voru þeir fæstir 276 talsins árið 1910 en flestir árið 1980, eða 547 sem var í miðjum Kröflueldum. Þetta var á árum Kísiliðjunnar og hélst fólksfjöldinn yfir 500 allt til ársins 1994 en þá fór hann niður í 497 íbúa. Eftir það fækkaði íbúum smátt og smátt. Kísiliðjunni var lokað í nóvember 2004 en þá voru íbúar 442. Í kjölfarið fór að halla verulega undan fæti og fór fólksfjöldinn niður í 370 árið 2013. Síðan þá hefur þróunin snúist við.

Jákvæð áskorun fyrir sveitarfélagið

Þessi fjölgun í Skútustaðahreppi helst í hendur við öflugt atvinnulíf. Harðduglegir og útsjónarsamir Mývetningar hafa byggt upp í sameiningu öflugt sveitarfélag. Íbúafjölgunina undanfarin ár má án nokkurs vafa fyrst og fremst rekja til uppgangs ferðaþjónustunnar og að hún er orðin að heilsárs atvinnugrein í meira mæli en áður. Ungt fjölskyldufólk hefur flutt í sveitina og erlendu vinnuafli fjölgar. Þessi mikla fólksfjölgun þrýstir á innviði sveitarfélagsins. En þetta er fyrst og fremst jákvæð áskorun fyrir sveitarfélagið, segir í frétt á heimasíðu Skútustaðahrepps.

Íbúi nr. 500 í Skútustaðahreppi er Jónas Þór Ingólfsson, sem flutti lögheimili sitt nýverið í Helluvað. Hann er uppalinn í Mývatnssveit, fór suður að mennta sig sem mannvirkjajarðfræðingur en er nú snúinn aftur í heimahagana. */MÞÞ*

Sveitarfélögum fækkar um tvö:

Kosið verður um nafn í nýju sveitarfélagi á Garðskaga

Sveitarfélögum landsins fækkar um tvö eftir næstu sveitarstjórnarkosningar og verða þá alls 72.

Íbúar Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar samþykktu sameiningu sveitarfélaganna laugardaginn 24. mars og 11. nóvember síðastliðinn hafði verið samþykkt sameining sveitarfélaganna Garðs og Sandgerðis.

Atkvæðagreiðsla um nafn nýs sveitarfélags á Garðskaga

Íbúafjöldi í sameinuðu sveitarfélagi Garðs og Sandgerðis verða um 3.200 en heldur fleiri íbúar eru í Sandgerði, eða um 1.700 á móti um 1.500 í Garðinum. Fram undan er atkvæðagreiðsla um nýtt nafn hins sameinaða sveitarfélags en nokkrar tillögur um nafn verða lagðar fram innan tíðar. Nefnd sem undirbýr atkvæðagreiðsluna kallaði eftir tillögum frá íbúum og bárust alls 392 tillögur.

Um 5.000 íbúar eftir sameiningu Fjarðabyggðar og Breiðdalshrepps

Íbúafjöldi Fjarðabyggðar eftir sameininguna við Breiðdalshrepp verður tæplega 5.000 en nú búa í Fjarðabyggð kringum 4.800 íbúar og 182 í Breiðdalshreppi. Í Breiðdalshreppi samþykktu 100 manns sameininguna, eða 85% þeirra sem greiddu atkvæði, en á kjörskrá voru 155 og kjörsókn var 64,5%. Í Fjarðabyggð var 36% kjörsókn og samþykktu 87% sameininguna.

Árið 1950 voru sveitarfélögin 229 og hefur þeim fækkað í nokkrum skrefum. Árin 1994 til 2006 var mikið um sameiningar og fækkaði sveitarfélögum þá úr 196 í 79 og síðan í 74 með síðustu sameiningum. */MÞÞ*

Kjötskandall í Belgíu og krafist aukins eftirlits:

Útrunnið og ónýtt kjöt selt úr landi undir fölskum pappírum

– Blandað saman við hakk og kjötrétti í þrem löndum í Evrópu, Afríku og Kína

Komist hefur upp um kjötsvindl í Belgíu þar sem útrunnið og jafnvel ónýtt kjöt hefur verið flutt út undir fölskum vottorðum til Hong Kong, Fílabeinsstrandarinnar og til Kosovo. Var kjötinu dreift í gegnum matvælafyrirtækið Veviba sem staðsett er í Wallonia-héraði í Belgíu.



Enn eitt svindlið með sölu í ESB löndunum skekur nú markaðinn í Belgíu. Þar var útrunnið og ónýtt kjöti selt úr landi á fölskum pappírum og nýtt í hakk og tilbúna rétti í þrem löndum. Mynd / Global Meat

Það voru samtök sláturhúsa, bænda, kjötiðnaðarins og heildsala í Belgíu (FEBEV) sem upplýsti um málið á dögunum. Er þetta enn eitt dæmið um kjötsvindl þar sem gæðavottunarkerfi matvælaiðnaðarins í ESB-ríkjunum er misnotað og falsaðir pappírar notaðir. Stutt er síðan fréttir bárust frá Írlandi um grun um að verið væri að selja á svörtum markaði kjöt af sjálfdauðum og sjúkum dýrum sem átti að farga. Gáfu samtökin út sameiginlega yfirlýsingu í kjölfar upplýsinga frá belgíska matvælaeftirlitinu (AFSCA) um málið. Í yfirlýsingu AFSCA kemur fram að útrunnið og jafnvel óætt kjöt hafi verið sent af Veviba undir fölskum pappírum til Hong Kong, Fílabeinsstarndarinnar og til Kosovo.

Refsinga krafist

„Það verður að ávíta þetta fólk og refsa því fjárhagslega," sagði Dirk Dobbelaere, yfirritari hjá samtökum kjötiðnaðarins í Belgíu.

Michael Gore, talsmaður FEBEV, sagði að megnið af kjötinu hafi verið flutt út frosið. Eigi að síður hafi um 100 kg af ófrosnu kjöti líka verið í þessum sendingum. Kjötinu hafi verið blandað í hakk-kjötrétti, að því er fram kemur í Global Meat News.

Rætt er um að yfirvöld verði að bregðast hratt við ef takast eigi að endurheimta tiltrú almennings á markaðnum og að fólk geti treyst því kjöti sem það kaupir í stórmörkuðum.

Er þetta ekki síst athyglisvert fyrir Íslendinga í ljósi þess að innflytjendur matvæla á Íslandi hafa iðulega fullyrt að hættan á að verið sé að flytja inn lélega, hættulega eða svikna vöru sé mjög lítil. Hefur þar verið bent á öryggið sem felst í opinberum vottorðum sem vörunni fylgir, en það er einmitt þetta eftirlitskerfi sem hefur ítrekað verið svindlað á.

Dreifingarfyrirtæki með 30% markaðshlutdeild

Í úttekt AFSCA sem gerð var í febrúar kom í ljós að á 133 af 200 vörubrettum frá Veviba var kjöt sem stóðst ekki kröfur matvælaeftirlitsins. Þetta er fyrirtæki sem er með 30% hlutdeild á kjötmarkaði í Belgíu og selur m.a. í stórverslanirnar Coilruyt og Delhaize.

Menn verða að spyrja spurninga

Haft er eftir Gore að ekki væri endilega þörf á meira eftirliti en skoða yrði hvernig því besta yrði betur náð út úr því kerfi sem er við lýði. Hann sagði að á endanum væru allir ábyrgir fyrir því að öll matvælakeðjan virki rétt. Þar verði menn að spyrja spurninga. Ef verið sé að koma vöru á markað á verði sem sé of gott til að vera satt, þá eigi menn að spyrja spurninga.

„Er þetta lögformlega mögulegt og getum við ekki komið á einn stað einhvers konar samskiptakerfi til að varpa ljósi á svona hluti?" spurði Gore.

Fagnaði Gore einnig fyrirhugaðri rannsókn yfirvalda í Belgíu á mismunandi verðmyndun í matvælakeðjunni. */HKr.*

Hringvegurinn opinn rafbílaeigendum:

Hraðhleðslustöð fyrir rafbíla opnuð í Mývatnssveit

Hlaða með hraðhleðslu fyrir rafbíla hefur verið tekin í notkun í Skútustaðahreppi, hún er staðsett við Fosshótel í Reykjahlíð. Með opnun hraðhleðslustöðvarinnar hefur ON varðað allan hringveginn hlöðum.

Friðrik Jakobsson, sem starfar við ferðaþjónustu í Mývatnssveit, fékk sér fyrstu hleðsluna þegar stöðin var formlega tekin í notkun. Viðstaddir voru þeir Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri og Bjarni Már Júlíusson, framkvæmdastjóri ON, sem kvaðst vonast til þess að tímamótin hvetji ekki einungis landsmenn til að skipta yfir í rafmagn í samgöngum heldur ekki síður ferðafólk.

Auk hraðhleðslunnar við Fosshótel í Reykjahlíð er þar líka hefðbundin AC hleðsla. Á milli Mývatns og Egilsstaða eru 165 kílómetrar og þar á milli er hlaða ON á Skjöldólfsstöðum í Jökuldal. Hún er nú búin AC hleðslu sem verður uppfærð fyrir sumarið. Vorið 2017 opnaði ON leiðina milli Akureyrar og Reykjavíkur og hefur ekki látið deigan síga síðan. Hlöður ON eru nú 31 talsins og á næstu vikum og mánuðum bætast um 20 við, á höfuðborgarsvæðinu og í öllum öðrum landshlutum.

Aukin umferð eykur kolefnisspor

Mikil fjölgun ferðamanna síðustu



Frá vinstri: Áslaug Thelma Einarsdóttir, Bjarni Már Júlíusson og Friðrik Jakobsson við opnun hlöðunnar við Fosshótel í Reykjahlíð. Mynd / On

ár hefur gert það að verkum að kolefnisspor samgangna á landi hefur vaxið, þvert á markmið um minnkað kolefnisspor. Margt ferðafólk leigir sér bíl og ferðast á eigin vegum. Talið er að ríflega 20 þúsund bílaleigubílar séu í landinu og kolefnisspor þeirra sé meira en 100 þúsund tonn kolefnisígilda á ári. Til samanburðar eru rafbílar hér á landi um fimm þúsund eftir að hafa fjölgað um nálægt þrjú þúsund á árinu 2017.

Mikil tækifæri

Bjarni Már telur að sóknarfæri séu nú fyrir þessa öflugu atvinnugrein og segir ON hvergi nærri hætt sinni uppbyggingu á innviðum fyrir orkuskipti í samgöngum. Nýlegar kannanir sýni að Íslendingar séu tilbúnari en flestar aðrar þjóðir til að skipta yfir í rafbíl og gera það fyrr. ON muni því halda áfram að gera sitt besta til að auðvelda landsmönnum slíka ákvörðun. */ MÞÞ*

KLETTAR

Upplifun á Íslandi

ÍSLENSK HEILSÁRSHÚS - SÉRHÖNNUÐ
FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

Grunnflötur
65 fm
+35 fm svefnloft


Verð 6.900.000 kr. *m/vsk*

- Forsniðin einingahús
- Fljótleg í uppsetningu
- Hagkvæm í innkaupum
- Íslensk hönnun



- Auðvelt að stækka





Húsin afhendast ósamsett miðað við skilalýsinguna „Tilbúin að utan, fokheld að innan“ Húsin standast 100% íslenska byggingareglugerð.

STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN

Landshús - Sími 553 1550 - landshus@landshus.is - www.landshus.is

LANDSHÚS

Sparaðu og við hvetjum þig áfram

Landsbankinn greiðir 6.000 kr. mótframlag þegar fermingarbörn leggja 30.000 kr. eða meira inn á Framtíðargrunn eða í verð-bréfasjóð. Ef báðir kostir eru nýttir leggur Landsbankinn því til 12.000 kr. í mótframlag. Þannig viljum við hvetja til sparnaðar.

Nánari upplýsingar um verðbréfasjóði má nálgast á landsbankinn.is/sjodir.

Landsbankinn **Landsbankinn.is** **410 4000**

FRÉTTIR

Áfangaáætlun á Vestfjörðum:

Vinna við lokaáfanga á fullu skriði

Vinna við áfangastaðaáætlun á Vestfjörðum er á fullu skriði. Lokaáfangi verkefnisins er hafinn en áætluninni verður skilað inn til Ferðamálastofu í vor. Síðasti opni fundurinn vegna áfangastaðaáætlunar á Vestfjörðum var haldinn í lok febrúar síðastliðinn á Patreksfirði.

Við gerð áfangastaðaáætlunar á Vestfjörðum hefur landshlutanum verið skipt í þrjú svæði. Til að draga fram áherslur og þarfir á hverju svæði fyrir sig hafa verið haldnir opnir fundir á Ísafirði, Patreksfirði og á Hólmavík. Á þessum fundum hefur verið farið yfir atriði sem tengjast vinnunni við gerð áfangastaðaáætlunar og aðgerðaáætlun sem hún felur í sér, og verkefnum hagsmunaaðila forgangsraðað. Að auki hafa sveitarfélög á Vestfjörðum verið fengin til að forgangsraða verkefnum á sínum svæðum sem og á Vestfjörðum í heild.

Heilsársamgöngur í forgang

Á opna fundinum á Patreksfirði voru dregnar fram áherslur hagaðila á forgangsröðun aðgerða. Mikil og góð umræða skapaðist á fundinum um þau verkefni sem þykja þörf á svæðinu. Kosið var um hvaða verkefni þóttu brýnust og hlutu málefni sem tengjast heilsársamgöngum á svæðinu mörg atkvæði. */MÞÞ*



Undirskriftarlistar afhentir, frá vinstri: Óttar Már Kárason, Eyþór Stefánsson, Sigurður Ingi Jóhannsson og Steinunn Káradóttir.

Íbúar í Borgarfirði eystri:

Vilja slitlag um Njarðvíkurskriður strax í sumar

Þrír íbúar og fulltrúar sveitarfélagsins Borgarfjarðar eystri afhentu Sigurði Inga Jóhannssyni, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, lista með 2.461 nafni þess efnis að ráðherra setti Borgarfjarðarveg nr. 84 á samgönguáætlun.

Þau Steinunn Káradóttir, Eyþór Stefánsson og Óttar Már Kárason afhentu ráðherra listann en í áskoruninni til ráðherra segir:

Byrjað verði á slitlagi nú í sumar

„Við leggjum til að hafist verði handa við að leggja bundið slitlag um Njarðvíkurskriður sumarið 2018 samhliða öðrum framkvæmdum þar og að aðrir hlutar vegarins verði síðan malbikaðir í kjölfarið.“

Endurbætur brýnar

Þremenningarnir sögðu brýnt að hefjast sem fyrst handa við endurbætur á Borgarfjarðarvegi, samfélagið þar krefðist þess enda væri mikilvægt að tryggja íbúum greiða leið milli Borgarfjarðar eystri og Héraðs. Sigurður Ingi tók undir mikilvægi þess að hefja umræddar endurbætur og kvaðst fara yfir málið, að því er fram kemur í frétt á vef stjórnarráðsins. */MÞÞ*

Skógasafn undir Eyjafjöllum:

Andri Guðmundsson er nýr forstöðumaður

Andri Guðmundsson frá Selfossi hefur verið ráðinn nýr forstöðumaður Skógasafns undir Eyjafjöllum. Hann tekur við starfinu af Sverri Magnússyni sem lætur af störfum sökum aldurs.

Andri tekur við nýja starfinu 1. júlí í sumar. Hann hefur unnið á Skógasafni frá 2015 og tekið þátt í flestu sem tengist faglegu safnastarfi og hefur starfað með fólki með þverfaglegan bakgrunn. „Starf forstöðumanns leggst vel í mig. Það er margt sem ég þarf að koma mér inn í svo breytinga er ekki að vænta fyrst um sinn. Það sem ég hef í öndvegi er að halda áfram með það góða starf sem hér hefur verið unnið og leiða safnið áfram inn í framtíðina,“ segir Andri. Á síðastliðnum tveimur árum fór gestafjöldinn á safninu yfir 73 þúsund manns á ári. Stöðugildi á safninu eru tólf en á sumrin fjölgar starfsmönnum töluvert. Andri er með M.Sc í hagnýtri menningarmiðlun frá HÍ og með BA-próf í þjóðfræði frá HÍ, auk þess að vera stúdent frá Fjölbrautaskóla Suðurlands. */MHH*



Andri Guðmundsson.



Frá undirskrift viljayfirlýsingar Árborgar og Gagnaveitu Reykjavíkur um ljósleiðara í sveitarfélaginu. Á myndinni er bæjarráð Árborgar, frá vinstri, Arna Ír Gunnarsdóttir, Kjartan Björnsson, Eyrún Magnúsdóttir og Helgi S. Haraldsson. Fyrir framan frá vinstri eru þau Ásta Stefánsdóttir, Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur, og Gunnar Egilsson, formaður bæjarráðs. Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson

Ljósleiðari inn á öll heimili í Árborg

Gagnaveita Reykjavíkur og Sveitarfélagið Árborg hafa gert með sér samkomulag um ljósleiðaravæðingu alls þéttbýlis í sveitarfélaginu en það er Selfoss, Stokkseyri og Eyrarbakki. Verkefninu verður lokið á næstu þremur árum.

Með framkvæmdunum munu heimilum í þessum byggðakjörnum standa til boða eitt gíga gæðasamband ljósleiðarans, sem gefur kost á 1000 megabitum til og frá heimili.

Flest stærstu fjarskipta- og afþreyingarfyrirtæki landsins bjóða þjónustu sína um ljósleiðarann og viðskiptavinum stendur til boða val á milli fjölmargra þjónustuleiða Vodafone, Nova, 365, Hringdu og Hringiðunnar. Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Árborgar, fagnar samkomulaginu um ljósleiðarann.

Sjálfsagður hlutur

„Öflug fjarskiptatenging er orðin jafn sjálfsagður hlutur í nútíma sveitarfélagi og vatn, rafmagn og fráveita. Íbúum Árborgar fjölgar hratt og við erum ánægð með að fá ljósleiðarann í hverja íbúð í bænum. Atvinnulíf verður hér líka samkeppnishæfara með bættum fjarskiptatengingum og við sjáum fram á gróskumikinn vöxt í sveitarfélaginu með því að þjónusta við íbúa og atvinnulíf eflist með tilkomu ljósleiðarans. Árborg kemst í fremstu röð sveitarfélaga í þessu tilliti.“ */MHH*

Tillaga frá aðalfundi Landssamtaka sauðfjárbænda:

Gæðastýringar- og býlisstuðningsgreiðslur verði frystar í fjögur ár

Á nýliðnum aðalfundi Landssamtaka sauðfjárbænda (LS) var samþykkt tillaga úr endurskoðunarnefnd um breytingar á greiðslufyrirkomulagi til sauðfjárbænda frá gildandi samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar milli ríkis og sauðfjárbænda. Í þeim er meðal annars gert ráð fyrir að stuðningsgreiðslur vegna gæðastýringar og býlisstuðnings verði frystar á hverri jörð frá og með árslokum 2018 til ársins 2023.

Unnsteinn Snorri Snorrason, framkvæmdastjóri LS, segir að tillagan gangi fyrst og fremst út á að frysta greiðslur í samningnum með ákveðnum undantekningum og með það að markmiði að minnka framleiðsluhvata.

Tillagan verði höfð að leiðarljósi við endurskoðun sauðfjársamnings.

Brostinn rekstrargrundvöllur

Í ályktun fundarins vegna tillögunnar segir að þetta sé gert vegna hruns í afurðaverði og þar af leiðandi brostins rekstrargrundvallar sauðfjárbúa.

Er gert ráð fyrir að greiðslurnar verði frystar eins og þær líta út í ársáætlun 2018, en samt með viðmið í framleiðslu betra ársins í afkomu af árunum 2016 og 2017. „Greiðslur verði skilyrtar við búsetu og atvinnurekstur á viðkomandi jörð. Greiðslumark verði áfram framseljanlegt og geta greiðslur þess vegna flust búa á milli í samræmi við viðskipti bænda þar um.

Framlög samkvæmt samningnum árin 2019, 2020, 2021 og 2022 verði þau sömu og árið 2018 að teknu tilliti til verðlagsbreytinga og vatnshalla samnings,“ segir í ályktuninni.

Gert er ráð fyrir að ásetningshlutfall fari ekki undir 0,5 en einstökum bændum verði heimilt að draga meira úr eða hætta sauðfjárframleiðslu og halda öllum eða hluta af sínum greiðslum gegn tilteknum skilyrðum.

Til dæmis gæti það verið af aldurstengdum ástæðum eða vegna fjárfestinga eða uppbygginga á jörðunum.

Fjárhæðir í milljónum króna	2018	2019	2020	2021	2022
Beingreiðslur	2.267	2.256	2.142	2.132	2.114
Gæðastýring	1.679	1.672	1.603	1.597	1.582
Gripagreiðslur	0	0	0	0	0
Býlisstuðningur	194	193	185	185	183
Ullarnýting	437	436	430	428	424
Fjárfestingastuðningur	48	48	95	95	94
Svæðisbundinn stuðningur	145	145	143	143	141
Aukið virði afurða	145	145	95	95	94
Alls	**4.915**	**4.895**	**4.693**	**4.675**	**4.632**

Tillaga aðalfundar Landssamtaka sauðfjárbænda. Miðað við sama verðlag og reiknað var með í gerð sauðfjársamnings, geta greiðslur til sauðfjárbænda litið út með þessum hætti til ársins 2023.

Fjárhæðir í milljónum króna	2018	2019	2020	2021	2022
Beingreiðslur	2.267	2.205	1.944	1.635	1.319
Gæðastýring	1.679	1.674	1.652	1.816	1.970
Gripagreiðslur	0	0	95	225	355
Býlisstuðningur	194	242	239	238	235
Ullarnýting	437	436	430	428	424
Fjárfestingastuðningur	48	48	95	95	94
Svæðisbundinn stuðningur	145	145	143	143	141
Aukið virði afurða	145	145	95	95	94
Alls	**4.915**	**4.895**	**4.693**	**4.675**	**4.632**

Greiðslur samkvæmt gildandi samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar.

Þráðurinn tekinn upp aftur frá 2023

Frá árinu 2023 er, samkvæmt tillögunni, gert ráð fyrir að greiðslufyrirkomulagið taki upp þráðinn aftur í samningnum eins og því er lýst fyrir árið 2019 og haldi þannig áfram. */smh*

BOGAHÚS

STYRKURINN FELST Í BOGANUM

10% AFSLÁTTUR AF STAÐFESTUM PÖNTUNUM BOGAHÚSA **TIL 15. MAÍ**



BOGAHÚSIN FRÁ **FUTURE RUNDBUEHALLER** ERU HAGKVÆMAR BYGGINGAR. VAL ER UM FIMM MISMUNANDI BREIDDIR, **8 M, 10 M, 12 M, 14 M, OG 16 M.** HÚSIN ERU FRAMLEIDD EFTIR PÖNTUNUM OG Í ÞEIRRI LENGD SEM KAUPANDI VELUR. VAL ER UM HURÐIR, GLUGGA OG IÐNAÐARHURÐIR EFTIR ÓSKUM VIÐSKIPTAVINA. HÚSIN FÁST ÝMIST EINANGRUÐ EÐA ÓEINANGRUÐ. ÖLL BOGAHÚS FRÁ **HÝSI - MERKÚR HF** ERU SELD MEÐ AÐAL- OG BURÐARVIRKJATEIKNINGUM.

HÝSI

Hýsi-Merkúr hf. | Lambhagavegur 6, 113 Reykjavík
Sími 534 6050 | hysi@hysi.is | **www.hysi.is**

MERKÚR



STERKUR PALLBÍLL VERÐUR STERKARI

Sparneytnari, hagkvæmari og hljóðlátari ISUZU D-MAX

Isuzu D-Max BASIC dísil, beinskiptur. Verð: **4.850.000 kr.**
Isuzu D-Max PRO dísil, sjálfskiptur. Verð: **5.690.000 kr.**

164 hestöfl – 3.500 kg dráttargeta. Eyðsla frá 7,0 l/100km*

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM86518

GE bílar Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400	**Bílasalan Bílás** Akranesi www.bilas.is 431 2622	**Bílasala Akureyrar** Akureyri www.bilak.is 461 2533	**Bílaverkstæði Austurlands** Egilsstöðum www.bva.is 470 5070	**IB ehf.** Selfossi www.ib.is 480 8080	**BL söluumboð** Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

FRÉTTIR



Guðný Helga Björnsdóttir, formaður fagráðs í nautgriparækt, afhenti Agli Gunnarssyni og Hafþóri Finnbogasyni viðurkenningu fyrir nautið Úranus 10081.

Fagþing nautgriparæktarinnar:

Úranus 10081 besta nautið í árgangi 2010

Nautið Úranus 10081 frá Nautastöð Bændasamtaka Íslands var valið besta nautið í árgangi 2010 á fagþingi nautgriparæktarinnar um síðustu helgi.



Úranus 10081.

Guðný Helga Björnsdóttir, formaður fagráðs í nautgriparækt, afhenti Agli Gunnarssyni og Hafþóri Finnbogasyni viðurkenningu af því tilefni.

Guðmundur Jóhannesson, ábyrgðarmaður í nautgriparækt hjá RML, fór nokkrum orðum um Úranus fyrir afhendingu verðlaunanna þar sem kom meðal annars fram að Úranus var fæddur 21. nóvember 2010 á Hvanneyri í Andakíl í Borgarfirði undan Sírius 02032 frá Leirulækjarseli og Urði 1229. Ræktendur Úranusar er Hvanneyrarbúið ehf., þá Grímshagi ehf.

Í umsögn um dætur Úranusar kemur fram að þær eru gríðarlega mjólkurlagnar en fituhlutfall í mjólk er undir meðallagi en próteinhlutfall liggur nærri því. Þetta eru stórar kýr, háfættar, boldjúpar með miklar útlögur en aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru breiðar, eilítið hallandi og nokkuð flatar. Fótstaða er góð, bein, rétt og sterkleg. Júgurgerðin er öflug, mikil júgurfesta, áberandi júgurband og júgrin ákaflega vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega grannir og stuttir en örlítið gleitt settir. Mjaltir eru frábærar og mjög lítið er um galla í mjöltum. Skap þessara kúa er mjög gott. */VH*

KÆLI- & FRYSTI-
BÚNAÐUR



BÍLAR
Kæli- & frystibúnaður
frá Carrier í miklu úrvali.
Fyrir allar gerðir af sendi- og flutningabílum.

HURÐIR fyrir kæla
Hentar afar vel fyrirtækjum
í landbúnaði, sjávarútvegi og iðnaði.



Hafðu samband í síma 587 1300
og við sérsníðum lausn sem hentar þér!

KAPP ehf
VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI
Miðhraun 2 | 210 Garðabær | Sími 587 1300 | kapp@kapp.is | www.kapp.is



Glímukóngur Íslands og Glímudrottning Íslands, Ásmundur Hálfdán og Kristín Embla með Lilju Alfreðsdóttur menntamálaráðherra og Guðna Th. Jóhannessyni forseta sem afhentu þeim verðlaunin. Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

Glímukóngur Íslands er Ásmundur Hálfdán og Kristín Embla Guðjónsdóttir er glímudrottning

Hundraðasta og áttunda Íslandsglíman fór fram í íþróttahúsi Kennaraháskólans laugardaginn 24 mars. Keppnin var afar jöfn og skemmtileg og áhorfendur urðu vitni að spennandi keppni frá upphafi til enda.

Heiðursgestir mótsins voru Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og sáu þau um að afhenda keppendum verðlaun í mótslok.

Í glímunni um Grettisbeltið sigraði Ásmundur Hálfdán Ásmundsson, UÍA og hlaut þar með sæmdarheitið Glímukóngur Íslands í þriðja sinn. Í glímunni um Freyjumenið sigraði Kristín Embla Guðjónsdóttir og hlaut sæmdarheitið Glímudrottning Íslands í fyrsta sinn.



Lilja og Guðni Th. afhentu líka fegurðarverðlaunin en hér eru þau með þeim Einari og Jönu.



Hallarbylting hefur verið gerð innan stjórnar Glímusambands Íslands því nú eru konur þar allsráðandi því af fimm manna stjórn eru fjórar konur. Nýr formaður sambandsins og þar með fyrsta konan til að gegna því embætti er Svana Hrönn Jóhannsdóttir. Hún er hér með þeim Lilju og Guðna Th.

Fegurstu glímurnar

Á Íslandsglímunni voru fegurðarverðlaun afhent í þrettánda sinn samkvæmt reglugerð Glímusambandsins. Fegurðarglímudómarar voru þrír að vanda, Kristinn Guðnason og Ingibergur Jón Sigurðsson, ásamt formanni dómnefndar, Jóni M. Ívarssyni sem tilkynnti úrslitin. Fegurðarverðlaun kvenna, Rósina, hlaut Jana Lind Ellertsdóttir HSK en fegurðarverðlaun karla, Hjálmshornið, kom í hlut Einars Eyþórssonar HSÞ. */MHH*

Sveitarstjórnarmenn á Norðurlandi funduðu um samgönguáætlun ríkisins:

Efst á blaði að ljúka Dettifossvegi

Dettifossvegur fékk mest fylgi á fundi sveitarstjórnarmanna norðan heiða um samgönguáætlun ríkisins sem haldinn var nýverið á Akureyri. Á fundinum lögðu sveitarfélögin fram sínar hugmyndir um framtíðaruppbyggingu í samgöngum í kjördæminu og var Dettifossvegur þar efstur á blaði.

Fram kemur í nýlegum pistli Þorsteins Gunnarssonar, sveitarstjóra í Skútustaðahreppi, að heimamenn þar hafi lagt áherslu á gerð göngu- og hjólreiðastígs umhverfis Mývatn, að lokið verði við að leggja bundið slitlag á Kísilveg, að vegur frá þjóðvegi 1 að Hverfjalli verði lagfærður og að vetrarþjónusta verði stórbætt.

Leggja til tilfærslu á þjóðvegi 1

Þá lögðu Mývetningar áherslu á að þjóðvegur 1 verði færður af bökkum Mývatns og lagður sunnan Skútustaða og komi þaðan nálægt núverandi legu við Garð, fari þaðan beina leið austur á milli Lútents og Hvannfells og síðan austur yfir Búrfellshraun og tengist núverandi vegi við Skeiðflöt. Með þessu móti styttist leiðin milli Akureyrar og Egilsstaða og einn fjallvegur, Námaskarð, verði aflagður, þá verði ekki heldur lengur ekið með alls konar vafasaman flutning á bökkum/vatnasviði Mývatns, eins og bensín og olíur. */MÞÞ*



Dettifoss. Mynd / HKr.

VIÐ ERUM MEÐ ALLT KLÁRT FYRIR SAUÐBURÐINN

Lambamjólk • peli • túttа • litasprey • Staldren • saltsteinar • selen o.fl.
Sheep Conditioning Drench stútfull af næringarefnum.
Sauðfjárfóður • Líflína fyrir lömb og ær.



Vorið góða, grænt og hlýtt,
græðir fjör um dalinn,
allt er nú sem orðið nýtt,
ærnar, kýr og smalinn.

Jónas Hallgrímsson

Sendum um allt land

Hafðu samband
570 9800

FB Verslun Selfossi
Austurvegi 64a
570 9840

FB Verslun Hvolsvelli
Hlíðarvegi 2–4
570 9850

FB Verslun Hellu
Suðurlandsvegi 4
570 9870

FÓÐURBLANDAN
...gæði í hverri gjöf!

STEKKUR

Rómantísk fiskifræði

Rækja er tvíkynja. Hún byrjar lífsferilinn sem karldýr en nokkurra ára skiptir hún um kyn og er breytilegt á milli svæða á hvaða aldri hún skiptir um kyn.

Fiskar eru misnæmir fyrir hljóði. Gullfiskur heyrir hljóð á tíðninni 5 til 2000 Hz, en þorskur heyrir hljóð á tíðninni 2 til 500 Hz.

Nærsýnir framfyrir sig

Sjónsvið fiska er 150–170° á hvoru auga. Þeir eru nærsýnir framan við augað og sjá ekki nema 1 til 15 metra út frá sér. Hins vegar eru þeir fjarsýnir til hliðanna.

Tunnulaga augu

Nokkrar ættir djúpsjávarfiska hafa þróað með sér augu sem eru tunnulaga. Augun hafa þykka sjónhimnu með mörgum lögum af stöfum í augnbotnunum og stóran augastein. Stafirnir skynja ljós og er þessi aðlögun til þess að geta fangað sem mest af ljósi.

Þefar kerlinguna uppi

Sædjöflar sem lifa á miklu dýpi nota lyktarskynið til að finna sér maka í myrkrinu. Karlinn þefar uppi kerlinguna og hefur hann til þess stór lyktarskynfæri með óvenju stórum þeflauk. Eftir að karlinn finnur kerlinguna bítur hann sig fastan á magann á henni og verður samvaxinn henni það sem eftir er ævinnar.

Hvað eru sjófuglar?

Til að fuglar flokkist sem sjófuglar þurfa þeir að afla fæðu sinnar að öllu leyti úr sjó. Hafa varpstöðvar við sjó og verja öllu lífi sínu við sjóinn að varptímanum undanskildum.

Sjófuglar eru fremur langlífir, trygglyndir við maka sinn og nota yfirleitt alltaf sömu varpstöðvar. Ungar sjófugla eru ósjálfbjarga og dvelja oft lengi í hreiðrinu. Fuglar við Ísland sem teljast til sjófugla eru álka, dílaskarfur, fýll, haftyrðill, langvía, lundi, sjósvala, skrofa, stormsvala, stuttnefja, súla, teista og toppskarfur. Kynjamunur sjófugla er lítill og er það helst stærðarmunur sem greinir kynin að.

Sálin verður að þorski

Í gamalli þjóðsögu er sagt frá því að þegar einhver deyr þá verði sálin að þorski.

Æxlunarferli hvala

Æxlunarferli flestra skíðishvala er lagað að árstíðabundnu fari þeirra. Mökun og æxlun á sér stað á veturna eftir að hvalirnir eru komnir á æxlunarstöðvar. Lífsstíll tannhvala er margbreytilegri og æxlun þeirra getur átt sér stað á lengra tímabili og er ekki eins bundinn árstíðabundnum breytingum eða farleiðum og hjá skíðishvölunum.

Rauðmaginn, grásleppan og marglyttan

Einu sinni gekk Jesús Kristur með sjó fram og sankti Pétur með honum. Kristur hrækti í sjóinn og af því varð rauðmaginn. Þá hrækti sankti Pétur í sjóinn og af því varð grásleppan og þykir hvort tveggja gott til átu og rauðmaginn jafnvel herramannsmatur. Djöfullinn gekk í humátt á eftir þeim með sjónum og sá hvað fram fór. Hann vildi þá ekki vera minnstur og hrækti líka í sjóinn en úr þeim hráka varð marglyttan og er hún einskis nýt. */VH*

HLUNNINDI & VEIÐI

Ris og hnig rækjunnar



Kjartan Stefánsson
kjartanst@simnet.is

Sú var tíðin að veiðar og vinnsla á rækju voru stór grein innan íslensks sjávarútvegs. Nú eru rækjuveiðarnar ekki nema svipur hjá sjón og framleiðsla rækjuafurða aðeins brot af því sem var þegar best lét. Frá síðustu aldamótum hefur rækjuiðnaðurinn byggst á innfluttu hráefni að verulegu leyti.

Rækjuiðnaðurinn hefur mikla sérstöðu innan íslensks sjávarútvegs vegna fjölbreytts uppruna hráefnis og leitun er að annarri grein sem gengið hefur í gegnum jafnmiklar sveiflur og rækjan.

Segja má að hráefni fyrir rækjuiðnaðinn hvíli á þrem stoðum. Í fyrsta lagi er rækja sem veidd er á grunnslóð, í öðru lagi úthafsrækja sem veidd er á Íslandsmiðum og í þriðja lagi rækja sem veidd er á ýmsum hafsvæðum í Norður-Atlantshafi. Sú rækja er að mestu veidd af erlendum skipum og flutt inn til vinnslu, svonefnd iðnaðarrækja.



Norðmaðurinn Simon Olsen var brautryðjandi rækjuveiða hérlendis og hóf veiðar á rækju í Ísafjarðardjúpi á fjórða áratug tuttugustu aldar. Hér er verið að landa rækju úr bát hans, Karmöy, á Ísafirði 1955. Mynd / Jón Hermannsson.

Fór mest í 89 þúsund tonn

Rækjuveiðar við Ísland hófust á fjórða áratug síðustu aldar þegar farið var að veiða rækju í Ísafjarðardjúpi. Aflinn var lítill framan af, aðeins nokkur hundruð tonn. Hann jókst eftir að fleiri svæði á grunnslóð fundust. Lengi vel var heildarafli á grunnslóð þó aðeins 2 til 7 þúsund tonn á ári. Stóra stökkið kom ekki fyrr en veiðar á djúprækju og rækju utan landhelginnar komu til sögunnar.

Árið 1996 var metár í rækjuveiðum íslenskra skipa. Þá lönduðu þau alls rúmum 89 þúsund tonnum. Þar af voru rúm 55 þúsund tonn úthafsrækja, um 12.500 tonn rækja á grunnslóð og 21 þúsund tonn rækja frá Flæmingjagrunni sem er alþjóðleg veiðislóð austur af Kanada.

Eftir árið 1997 dróst rækjuaflinn nokkuð hratt saman og fór lægst niður í um rúm 2 þúsund tonn í heild árin 2006 og 2007. Veiðar á rækju á grunnslóð brugðust nær alveg þessi tvö ár, veiðum íslenskra skipa á Flæmingjagrunni hafði verið hætt og síðast en ekki síst vóg það þungt að margar útgerðir hættu veiðum á úthafsrækju vegna bágrar afkomu rækjuveiða. Einnig áttu verksmiðjurnar í erfiðleikum vegna styrkingar íslensku krónunnar á árunum fyrir hrun.

Aflinn jókst aftur og var kominn í 11 þúsund tonn árið 2013. Afkoman batnaði vegna veikingar krónunnar og verðhækkunar á erlendum mörkuðum en Adam var ekki lengi í Paradís. Útflutningstekjur hafa lækkað vegna þess að krónan hefur styrkst á ný sem kunnugt er, verðið fór niður og ástand rækjustofna hefur sjaldan verið verra.

Á árinu 2017 var aflinn aðeins um 4.300 tonn í heild, þar af rúm 1.200 tonn rækja á grunnslóð og 3.055 tonn úthafsrækja. Aflinn í fyrra varð þannig aðeins 4,6% af veiðinni metárið 1996.

Hrun víðast á grunnslóð

Rækja hefur verið veidd á alls átta svæðum á grunnslóð allt frá Eldey norður og austur um að Öxarfirði. Þar á milli eru þessi veiðisvæði: grunnslóð við Snæfellsnes, Arnarfjörður, Ísafjarðardjúp, Húnaflói, Skagafjörður og Skjálfandi. Þarna er um sjálfstæða rækjustofna að ræða á hverju svæði sem Hafrannsóknastofnun metur árlega og veitir í framhaldinu ráðgjöf um hámarksveiði.



Rækja eða stóri kampalampi (Pandalus borealis).

Misjafnt er hvað hvert svæði hefur gefið. Að hámarki hefur ársaflinn á einu svæði verið um 3 þúsund tonn á einu ári, en flest hafa þau skilað í sæmilega góðum árum milli 1 og 2 þúsund tonnum eða meir. Á 10. áratug síðustu aldar var veitt úr öllum þessum stofnum. Mestur varð ársaflinn samanlagt á grunnslóð um 16.600 tonn árið 1994 en var kominn niður í um 1.200 tonn á síðasta ári eins og áður er getið.

Rækjustofnar á grunnslóð norðanlands hrundu á árunum 1997 til 2000 og hafa veiðar ekki verið leyfðar þar síðan nema á Skjálfanda í eitt ár. Engar veiðar voru leyfðar í Ísafjarðardjúpi á árunum 2002 til 2004 og í Arnarfirði 2005 til 2007. Á öllum þessum svæðum er talið að afrán þorsks og ýsu hafi átt verulegan þátt í hruni rækjustofnanna. Einnig lágu veiðar niðri við Eldey í meira en ártug en veiðar voru leyfðar á ný á árunum 2103 til 2016.

Í haust leit út fyrir engar veiðar yrðu heimilaðar á grunnslóð nema á rækju við Snæfellsnes en nú hafa veiðar í Ísafjarðardjúpi einnig verið leyfðar eftir endurteknar mælingar.

Bágborið ástand á úthafsrækju

Veiðar á úthafsrækju á Íslandsmiðum hófust um miðjan áttunda áratuginn. Helstu veiðisvæðin eru djúpt norður af landinu. Veiðar á úthafsrækju urðu fljótt umfangsmeiri en veiðar á grunnslóð. Afli úthafsrækju varð mestur 62.400 tonn árið 1997. Hann minnkaði síðan og var kominn niður í 15.400 tonn árið 2004.

Enn seig á ógæfuhliðina og úthafsrækjan gaf einungis 600 tonn árið 2006. Veiðarnar glæddust eftir það og námu rúmum 7 þúsund tonnum bæði árin 2012 og 2013. Um tíma voru veiðarnar frjálsar en voru svo settar í kvóta á ný. Aflinn minnkaði aftur og varð rúm 3 þúsund tonn árið 2017. Ástand úthafsrækjunnar er bágborið. Afrán þorsks á rækju er mikið og hefur farið vaxandi undanfarin ár. Kvótinn á yfirstandandi fiskveiðiári er 5.000 tonn.

Á fyrri hluta 9. áratugarins hófu íslensk skip að veiða rækju á Dohrnbanka sem er við miðlínu milli Íslands og Grænlands. Mest hafa skipin veitt þar tæp 2.900 tonn árið 1997.



Konnráð Eggertsson við rækjuveiðar í Ísafjarðardjúpi á árum áður á bát sínum, Halldóri Sigurðssyni ÍS.

Rækjuveiðar á alþjóðlegum hafsvæðum

Á 10. áratugnum færðu íslensk skip út kvíarnar og hófu veiðar á rækju á alþjóðlegum svæðum. Hér er einkum um að ræða veiðar á Flæmingjagrunni.

Þær veiðar voru stundaðar á árunum 1993 til 2006. Ársaflinn var oftast á milli 2 þúsund til 9 þúsund tonn en árið 1996 skar sig þó úr. Þá veiddist þar tæpt 21 þúsund tonn. Íslendingar komu einnig að veiðum á rækju á Flæmingjagrunni í gegnum eignaraðild að hluta til á nokkrum útgerðum í Eystrasaltsríkjunum. Afli Eystrasaltsskipanna var að stærstum hluta unninn hér á landi. Engar rækjuveiðar eru nú heimilaðar á svæðinu vegna bágs ástands stofnsins.

Undir lok tíunda áratugarins hófust veiðar á rækju í smáum stíl á Miklabanka sem er nálægt Flæmingjagrunni. Einnig fóru íslensk skip í Barentshafið til rækjuveiða og hófust þær árið 1997. Mestur afli íslenskra skipa þar var rúm 2.300 tonn árið 1999. Þessar veiðar lágu niðri á árunum 2001 til 2010 en hafa eitthvað verið stundaðar eftir það með hléum þó.

Vinnslu haldið uppi með innfluttu hráefni

Á sama tíma og rækjuveiðum hnignaði ört var rækjuvinnslu innanlands haldið uppi með innfluttu hráefni. Um er að ræða rækju sem fryst er um borð í erlendum veiðiskipum. Auk þess að fá rækju frá togurum Eystrasaltsríkja hafa íslenskar verksmiðjur keypt iðnaðarrækju frá Noregi, Grænlandi og Kanada.

Strax í kringum aldamótin 2000 var meira flutt inn af rækju til vinnslu hér en íslensk skip veiddu. Eftir því sem á leið varð innflutt rækja í yfirgnæfandi meirihluta. Til dæmis voru tekin tæp 70 þúsund tonn af rækju til vinnslu hér á landi árið 2004, þar af voru rétt rúm 53 þúsund tonn innflutt rækja og tæp 16 þúsund tonn rækja af íslenskum skipum. Innflutningur nam því um 76% af hráefninu.

Frá árunum 2005 og 2006 harðnaði á dalnum hjá rækjuverksmiðjunum, bæði vegna þess að veiðar íslenskra skipa drógust enn meira saman og innflutt hráefni minnkaði einnig. Á síðasta ári voru tekin til vinnslu rúm 17 þúsund tonn af rækju, þar af voru um 13 þúsund tonn innflutt iðnaðarrækja.

Fækkun verksmiðja

Rækju af Íslandsmiðum er aðallega landað ferskri og er hún pilluð, soðin og pakkað í rækjuverksmiðjunum. Innflutt iðnaðarrækja er öll frosin. Frystiskipin íslensku meðan þau voru og hétu lönduðu afla sínum sem iðnaðarrækju en þau fullunnu einnig rækjufurðir um borð, einkum úr stærstu og verðmestu rækjunni.

Víða um land voru rækjuverksmiðjur snar þáttur í atvinnusköpun. Á tíunda áratug síðustu aldar voru um og yfir 20 verksmiðja starfandi. Þrátt fyrir að innflutt hráefni bjargaði miklu þegar veiðar drógust saman fækkaði verksmiðjunum. Árið 2000 voru þær 18, árið 2004 voru þær 15 og í lok árs 2005 var fjöldi þeirra kominn niður í 8. Á síðasta ár voru starfandi 6 rækjuverksmiðjur, frá Grundarfirði að Siglufirði. Var lokun verksmiðja mikið högg í hverju byggðarlagi, einkum á minni stöðum eins og Bíldudal og Súðavík.


Þessi þróun, þverrandi hráefni og fækkun verksmiðja, endurspeglast í samdrætti í útflutningi rækjuafurða. Íslendingar fluttu út tæp 32 þúsund tonn af rækjuafurðum á árinu 2002 en árið 2017 voru aðeins flutt út um 7.900 tonn. Samdrátturinn í magni nemur um 75%. Verðmæti útfluttra rækjuafurða var 9,9 milljarðar árið 2016 en 7,2 milljarðar í fyrra.

Rækjuafurðir eru aðallega fluttar út til Bretlands og eru þær notaðar meðal annars í rækjukokteila sem Bretar eru svo sólgnir í.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Garðyrkjubændur


Bónus óskar eftir garðyrkjubændum í **bein viðskipti.**
Við leitum að bændum sem rækta **tómata,**
gúrkur, paprikur, blómkál, spergilkál,
hvítkál, kínakál, grænkál og rófur.



Varan afhendist í vöruhús í Reykjavík
ópökkuð eða pökkuð (án umbúðaplasts)
og greiðsla er fyrsta virka dag eftir móttöku.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Marteinsson,
netfang: gummi.m@bonus.is







32 verslanir um land allt







BÓNUS

SAMA VERð
um land allt

SKÓGRÆKT & LANDGRÆÐSLA

Íslendingar mjög hlynntir skógrækt

– Vilja að skógrækt verði nýtt sem vopn í baráttunni við loftslagsbreytingar

Langflestir landsmenn eru mjög jákvæðir fyrir skógrækt og þeim fjölgar sem telja að auka beri skógrækt til að binda koltvísýring og hamla gegn loftslagsbreytingum. Jákvæðastir mælast ungir Íslendingar, háskólamenntaðir og íbúar nágrannasveitarfélaga Reykjavíkur.

Gallup gerði netkönnun dagana 8.–21. mars þar sem spurt var tveggja spurninga um skógrækt. Þessar tvær spurningar voru samhljóða tveimur spurningum úr viðamikilli könnun á viðhorfum landsmanna til skógræktar sem Gallup lagði fyrir þjóðina árið 2004. Að könnuninni nú standa Skógræktin, Skógræktarfélag Íslands og Landssamtök skógareigenda.

Spurningarnar sem spurt var nú voru þessar:

Spurning 1. Telur þú að skógar hafi almennt jákvæð eða neikvæð áhrif fyrir landið?

Spurning 2. Hversu mikilvægt eða lítilvægt finnst þér að binda kolefni í skógum?

Landsmenn jákvæðir sem fyrr

Í stuttu máli gefa svörin til kynna mjög svipaðar niðurstöður og í könnuninni 2004. Langflestir eru jákvæðir þótt heldur fleiri hafi fallið í jákvæðasta flokkinn 2004 en nú. Samanlagt eru mjög jákvæðir og frekar jákvæðir þó álíka margir og voru 2004.

Athyglisvert er hins vegar að sjá að þeim sem voru neikvæðir fækkar marktækt þegar kemur að spurningunni um bindingu kolefnis. 7,3% svarenda voru neikvæðir fyrir slíkum hugmyndum 2004 en aðeins 3,1% nú. Stuðningur við aukna skógrækt til kolefnisbindingar hefur samkvæmt því aukist meðal þjóðarinnar.

Ef litið er til þjóðfélagshópa mælist lítill munur í könnuninni nú. Þó er ungt fólk, háskólamenntaðir og fólk búsett í nágrannasveitarfélögum höfuðborgarinnar heldur jákvæðara gagnvart skógum en aðrir landsmenn.

Nær enginn telur áhrifin mjög neikvæð

Ef litið er nánar á tölurnar telja 62% svarenda að skógar hafi almennt mjög jákvæð áhrif fyrir landið og 31% telur að áhrifin séu frekar jákvæð. Samanlagt telja því 93% svarenda að skógrækt hafi almennt jákvæð áhrif fyrir landið. 5,4% eru hlutlaus en aðeins 0,1% telur áhrifin mjög neikvæð.



Þessi mynd af skógi í uppvexti er tekin á holtinu ofan við Hjalteyri við Eyjafjörð og sér út til Kaldbaks. Mynd / PH



Myndarlegt birkitré í nágrenni Hraunfossa með Eiríksjökul í bakgrunni. Mynd / HKr.

Svipaða sögu segja svörin við spurningunni um kolefnisbindinguna. Aðspurð segja 51,6 prósent svarenda mjög mikilvægt að binda kolefni í skógum og 35% frekar mikilvægt. Hlutlausir eru 10,3% (hvorki né) og einungis 3% telja þetta frekar eða mjög lítilvægt. Ef tölurnar nú eru bornar saman við könnunina 2004 kemur í ljós að þeim sem telja kolefnisbindingu með skógrækt frekar eða mjög lítilvæga hefur fækkað að mun, úr 7,9% í 3,1%. Samtals telja 86,6% svarenda að þetta sé frekar eða mjög mikilvægt en sambærileg tala frá 2004 var 83,8% sem er innan skekkjumarka.

Unga fólkið jákvæðast

Nokkur munur sést eftir búsetu á fjölda þeirra sem telja skógrækt mjög jákvæða og að kolefnisbinding með skógrækt sé mjög mikilvæg. Mestur stuðningur við skógrækt er í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur þar sem 70% telja skógrækt mjög mikilvæga á móti 64% í Reykjavík og 54% í öðrum sveitarfélögum landsins. Eindreginn stuðningur við skógrækt eykst eftir því sem menntun fólks er meiri og eins eru ungir Íslendingar á aldrinum 18–34 ára hlynntastir skógrækt af öllum landsmönnum.

Í úrtakinu nú voru 1.450 manns af öllu landinu, 18 ára og eldri, handahófsvaldir úr viðhorfahópi Gallups. Alls svöruðu 814 manns spurningunum tveimur en 636 svöruðu ekki. Þátttökuhlutfallið er því 56,1 prósent. Helmingur þátttakenda var spurður fyrri spurningarinnar á undan og hinn helmingurinn seinni spurningarinnar á undan. Ekki sást munur á meðaltölum eftir röðun spurninganna. */PH*



www.n1.is facebook.com/enneinn

Svo allt rúlli hnökralaust áfram



Michelin

Vertu með Michelin gæði undir vinnuvélunum þínum.



Michelin XEOBIB

Engin breyting á loftþrýstingi hvort sem ekið er á jarðvegi eða vegum.

Fara betur með jarðveg, spóla minna og eyða minni olíu.

Aukin þægindi og mýkt.



Michelin MULTIBIB

Passa á hefðbundnar felgur.

Mýkt í akstri.

Henta fyrir allt að 40 km hraða.



Michelin BIBLOAD

Gríðarlega sterk.

Henta einstaklega vel fyrir vélar á malbiki eða öðru hörðu undirlagi.

Frábær ending.

Mitas og Cultor

Evrópsk gæðadekk á góðu verði frá einum stærsta framleiðanda landbúnaðar- og iðnaðardekkja í heimi. Allt frá minnstu heytætlum og upp í stærstu vinnuvélar, þá eru Mitas og Cultor dekkin lausnin fyrir þig. Hagkvæmur kostur sem fer vel með jarðveg.



Hjólbarðaþjónusta N1

Bílaþjónusta, dekkjadeild	440 1120	Reykjavíkurvegi Hafnarfjörður	440 1374
Réttarhvammi Akureyri	440 1433	Grænásbraut Keflavík	440 1372
Dalbraut Akranesi	440 1394	Höfn, þjónustustöð	478 1940
Langitanga Mosfelsbæ	440 1378	Reyðarfirði, verslun	474 1293
Réttarhálsi Reykjavík	440 1328	Ólafsvík, verslun	436 1581

Alltaf til staðar N1

FRÉTTASKÝRING

Plastframleiðsla eykst hröðum skrefum á heimsvísu og plastúrgangur hrannast upp:

Endurvinnsluöngþveiti eftir að Kínverjar skrúfuðu fyrir móttöku á plastúrgangi

– Fá önnur úrræði virðast í boði en að nota plastruslið í landfyllingar, eða fara í stóraukna endurvinnslu á plasti í hverju landi

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Kínverjar hafa fengið nóg af plastrusli Vesturlandabúa sem sent hefur verið til þeirra í stórum stíl á liðnum árum í mismunandi ástandi. Nú hafa þeir skrúfað alveg fyrir kaup á úrgangsplasti til endurvinnslu og kaupa þess í stað nýtt og hreint hráefni til að vinna úr. Um leið hrúgast upp úrgangsplastið, öllum til ama og náttúrunni til tjóns.

Eins og lesendum Bændablaðsins er vel kunnugt þá hefur umræða um plastmengun í náttúrunni vart farið fram hjá nokkrum manni á undanförnum vikum og mánuðum. Enn er þó til staðar mikil hræsni hvað þetta varðar og vandinn er margfalt meiri en menn töldu fyrir örfáum misserum. Meira að segja sjávarsaltið er orðið mengað af plasti, sem og loftið sem við öndum að okkur.

Hagsmunaaðilar hafa grímulaust beitt fyrir sig umhverfisverndarsinnum til að hvetja til notkunar á gerviefnum í stað þess að nota ull og skinn af dýrum. Allt er það sagt vera vegna væntumþykju um dýr og náttúru. Ýmislegt er þó á huldu um hvað verður um allt gerviefnaruslið sem við þurfum svo á endanum að losa okkur við. Fyrstir til að verða fyrir barðinu á svona tilfinningalegum blekkingarleik og hræsni eru bændur og svo auðvitað lífríki náttúrunnar sem þeir og allir aðrir jarðarbúar verða að treysta á.

Þótt vitundarvakning sé að verða meðal almennings um skaðsemi plasts fyrir náttúruna, þá er stöðugt verið að auka framleiðsluna á plasti. Hvort sem okkur líkar það betur eða verr, þá er plast um leið mjög hentugt til margra hluta og nær órjúfanlegur þáttur í lífsmáta nútímafólks. Spurningin er bara hvernig við meðhöndlum það plast sem hverfur úr daglegri notkun og við þurfum að loasa okkur við.

Sú ákvörðun Kínverja að hætta að kaupa notað plast til endurvinnslu um síðustu áramót og færa sig þess í stað í framleiðslu úr nýju plasthráefni mun auka enn á þennan vanda. Allt er þetta knúið áfram af óseðjandi peningaöflum og lífsgæðakröfum neyslusamfélagsins.

Við drekkum plast í bjór og drykkjarvatni

Nýjar rannsóknir eru stöðugt að koma fram sem sýna hversu hrikalegur plastmengunarvandinn er að verða fyrir allt lífríki jarðar. Salt frá Kína, Evrópu og Bandaríkjunum sem unnið er úr sjó er nú sagt mengað örplasti, samkvæmt frétt breska blaðsins The Guardian. Allur þýskur bjór frá 24 framleiðendum sem rannsakaður var á rannsóknastofu reyndist einnig mengaður örplasti.

Svifrykið á götum borganna inniheldur mikið af örplasti

Samkvæmt skýrslu frá Chartered Institution og Water and Enviromental Managment í Bretlandi kemur mesta magn örþráða úr plasti úr fatnaði og úr hjólbörðum bíla. Hjólbarðar eru nefnilega ekki bara úr náttúrulegu gúmmíi, heldur miklu fremur úr nyloni og öðrum plastefnum. Örplastmengunin meur frá öllum ökutækjum ar á meðal frá trukkum, rútum, strætisvögnum og rafbílum. Menn geta þá rétt ímyndað sér hvað það þýðir t.d. fyrir höfuðborgarbúa á Íslandi að götur eru alla jafna mjög illa eða ekki þrifnar. Örplast safnast þar upp með niðurbrotnu malbiki og salti og þyrlast upp aftur og aftur á þurrviðrisdögum. Þessum óhroða andar fólk svo að sér, grunlítið um mögulega alvarlegar afleiðingar.



Plast er í ýmsu formi og þykir einstaklega heppilegt hráefni í margvíslega iðnaðarframleiðslu eins og föt, tölvur, síma, bíla og allt mögulegt.



Þegar ekki er lengur þörf fyrir plastpokana og annað plastdót þarf að gera eitthvað við það. Oftar en ekki er því sturtað út í náttúruna eða í sjóinn.

Engar tölur um svifryk fyrir og eftir gatnahreinsun

Greinilegt er af fjölmiðlaumræðunni að í Reykjavík hafa menn nær eingöngu einblínt á kolefnismengun frá sprengihreyflum bifreiða sem mesta skaðvaldinn, en horft algjörlega framhjá hættunni af gerviefnamengun í svifrykinu og kolefni úr malbikinu. Enda hefur engum samanburðarmælingum verið flíkað um það í fjölmiðlum hvað svifryk mælist mikið fyrir og eftir hreinsun gatna. Kannski vart hægt að ætlast til að slíkt sé framkvæmanlegt þar sem hreinsun á götum er jafn ómarkviss og sjaldgæf og raun ber vitni.

Umhverfisstofnun annast samkvæmt korti Umhverfisstofnunar staðsettir á 31 stað á landinu. Athygli vekur að enginn slíkur mælir virðist vera á svæðinu frá Borgarfirði, vestur um Snæfellsnes, á öllum Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og allt að Akureyri. Engir slíkir mælar eru svo á öllu svæðinu frá austanverðum Öxarfirði, austur um að Reyðarfirði. Enga mæla er heldur að finna á korti Umhverfisstofu á svæðinu frá Reyðarfirði og allar götur að Selfossi, fyrir utan mæli í Vestmannaeyjum. Fimm mælar eru hins vegar á höfuðborgarsvæðinu, fimm á Suðurnesjum og sjö á Reykjanesi og á Hengilsvæðinu og að Selfossi. Einfaldast er að álykta út frá þessu að Umhverfisstofnun telji að svifryk skipti aðra landsmenn engu máli.

mælingar á svifryki og hefur Bændablaðið sent stofnuninni fyrirspurn um þessi mál, m.a. hvað varðar samanburð mælinga fyrir og eftir þrif gatna í höfuðborginni. Einnig um innihald örplasts í svifrykinu. Svör höfðu þó ekki borist frá stofnuninni þegar blaðið fór í prentun.

Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 90/2002 um Umhverfisstofnun, en hlutverk hennar er einnig markað af fjölda annarra laga. Hlutverk Umhverfisstofnunar er að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Loftgæðamælar eru

23 sinnum meira plastrusli sturtað á landi en í hafið

Samkvæmt skýrslunni er talið að plastrusli sem sturtað er á urðunarstaði í Evrópu á hverju ári sé um 23 sinnum meira en allt plast sem sturtað er í höf heimsins á ári. Mikið af plastögnum verður eftir í vatni sem hreinsað er í vatnshreinsunarstöðvum. Því vatni er síðan gjarnan veitt til að vökva nytjajurtir til manneldis. Áætlað er að með vökvunarvatninu sé mögulega verið að bæta 430.000 tonnum af örplasti á akra Evrópu á hverju einasta ári og um 300.000 tonnum í Norður-Ameríku. Engin rannsókn hefur veri gerð á hvaða áhrif þetta getur haft á heilsu manns sem neytir fæðunnar sem þarna er framleidd.

Við öndum líka að okkur plasti alla daga

Enn ein rannsóknin sem The Guardian vísar til sýndi að plasti bókstaflega rignir yfir borgir eins og París með regnvatni. Þar er um að ræða rannsókn sem stýrt var af Johnny Caspaeri hjá Parísarháskóla (Université Paris-Est Créteil Val de Marne) í árslok 2014. Virðist regnvatnið skola plastagnir úr loftinu og í skýrslunni kemur fram að það sem fellur til jarðar í Parísarborg geti numið um 3 til 10 tonnum af plasti á ári. Sami hópur hafði áður unnið rannsókn um örplast í íbúðum og á hótelherbergjum. Niðurstaðan um örplastið í regnvatninu þýðir bókstaflega að Parísarbúar sem og aðrir íbúar heimsins eru að anda að sér plasti alla daga.

Ymsir orsakaþættir valda þessum ósköpum. Teppi úr gerviefnablöndum í híbýlum manna er t.d. einn þáttur í þessu.

Endurvinnsla er fallegt hugtak

Íslendingar eru sem betur fer að verða sífellt meðvitaðri um að plast er efni sem á alls ekki henda út í náttúruna. Vegna þessarar auknu meðvitundar er fólk í auknum mæli farið að flokka plast, pappír og ál sem endurvinnslustöðvar pressa í bagga til endurvinnslu erlendis. Þetta er vissulega göfugt en hvað er raunverulega á bak við alla þessa hugmyndafræði? Hvað þýðir það t.d. þegar rætt er um að plastið sé endurunnið erlendis?

Hvert fer plastið eftir að Kínverjar hættu að taka við því?

Oftast heyrist Svíþjóð nefnt í því sambandi. Ljóst er þó að hvorki Svíar né aðrar Evrópuþjóðir hafa verið að endurvinna allt það plast sem til fellur, heldur treystu þær á að geta sent stóran hluta af ruslinu áfram til Kína til endurvinnslu. Til að plast sé endurvinnanlegt þarf það að vera tiltölulega hreint og vel flokkað. Sama á við um pappír og ál. Mikill misbrestur hefur oft verið á slíku og þegar „ónothæfar“ sendingar berast í endurvinnslustöðvar er ekki um annað að ræða en að brenna þær eða urða. Kínverjar virðast hreinlega hafa fengið nóg af þessu og voru að drukkna í öllu „óhreina“ ruslflóðinu sem til þeirra streymdi. Sögðu þeir að of mikið af eiturefnum og öðrum óþverra væri í úrgagnsefnunum sem þangað hafi verið flutt og vildu um leið bæta ímynd sína á þessu sviði gagnvart Alþjóða-viðskiptastofnuninni WTO. Lái þeim hver sem vill. Því bönnuðu þeir innflutning á úrgangi til endurvinnslu í byrjun þessa árs. Þetta var mikið áfall fyrir Evrópuþjóðir og Bandaríkjamenn og litlum sögum fer af því hvað verður nú um allt ruslið sem áður var flutt til Kína og fáir vilja um það ræða.

Kjaftshögg fyrir endurvinnsluiðnaðinn

Í frétt Bloomberg 6. desember 2017 kemur fram að ákvörðun Kínverja að hætta að taka við endalausum skipsförmum af rusli til endurvinnslu sé mikið högg fyrir endurvinnsluiðnaðinn á Vesturlöndum. Á það bæði við um notað plast og pappír. Kína hafði verið að taka við um 51% af öllu rusli sem sent er til endurvinnslu og stærsti hluti þess hefur komið frá Bandaríkjunum. Um 30% af öllu plastefni sem til fellur í Bandríkjunum til endurvinnslu var sent til Kína, samkvæmt tölum Morgan Stanley.

Á árinu 2016 voru Bandaríkjamenn að selja Kínverjum úrgangsefni til endurvinnslu fyrir 16,5 milljarða dollara. Þar af voru þeir að fá fyrir úrgangsplast og pappír um 3,9 milljarða dollara. Það ár voru yfir tveir þriðju af öllum úrgangspappír sem til féll sendur til Kína og um 40% af úrgangsplasti.

Plastúrgangurinn var einn og sér að skila yfir 2,2 milljörðum dollara, eða hærri upphæð en Bandaríkjamenn voru að fá fyrir allan útflutning sinn til Kína á hveiti, hrísgrjónum, korni, kjöti, mjólkurvörum og grænmeti.

„Endurvinnsluöngþveiti“

Olli þessi ákvörðun Kínverja strax í desember um 10% verðlækkun á úrgangi til endurvinnslu á heimsmarkaði. Á vefsíðu Environment mátti t.d. sjá í forsíðufyrirsögn „endurvinnsluöngþveiti“ þann 9. desember, eða: Recycling Chaos In U.S. As China Bans 'Foreign Waste'. Vitnað var í Satish og Arlene Palshikar hjá endurvinnslufyrirtækinu Rogue Waste System í suðurhluta Oregon sem annast höfðu flutninga á úrgangsplasti til Kína. Þeir sögðust ekki lengur sjá neina aðra leið eftir lokun Kínverja en að urða allt plastið sem hrannaðist upp.

Sem dæmi um umfangið var fyrirtækið Waste Management Inc. t.d. að flytja til Kína yfir 1.000 gáma í hverjum einasta mánuði af úrgangsefnum til endurvinnslu. Allur þessi úrgangur hverfur ekkert, en er nú væntanlega að hlaðast upp.

Hjá flestum Evrópuþjóðum sem á annað borð hafa verið að endurvinna plast, er um frekar sérhæfðan vélbúnað að ræða. Víðast er því ekki tækni til staðar til að nýta annað en „hentugasta plastið“ þ.e. plastflöskurnar. Annar endurvinnsluúrgangur verður þá væntanlega að fara eitthvað annað.

Kínverjar stórauka innkaup á hráefni fyrir plastiðnaðinn

Í stað þess að endurvinna plast úr ruslinu, tóku Kínverjar ákvörðun um að kaupa fremur hreint hráefni til plastframleiðslu sem voru um leið gleðitíðindi fyrir fyrirtæki eins og DowDuPoint Inc. Hafa Kínverjar verið að auka mjög innflutning á plasthráefni til iðnaðarframleiðslu á liðnum árum. Hefur innflutningurinn farið úr um 4–500 þúsund tonnum árið 2010 í um 850 þúsund tonn í fyrra.

Mark Lashier, forstjóri hjá Chevron Phillips Chemical Co., sem er afleiða af olíufélaginu Chevron, fagnaði þessum tíðindum mjög. Enda var fyrirtækið að opna tvær polyethylen-verksmiðjur í Old Ocean í Texas. Mikil framleiðsla á plasti í Bandaríkjunum byggir á miklu aðgengi að ódýru gasi. Hefur það verið á innan við helmingi þess verðs sem menn hafa þurft að greiða fyrir orkueiningar í olíu. Bjuggust Bandaríkjamenn því við að geta fjórfaldað plastútflutning sinn til 2020. Er það í samræmi við áhuga Donalds Trump forseta um að jafna viðskiptahalla landsins. Hvort tolladeilur Bandaríkjamanna og Kínverja muni hafa áhrif á þau áform á eftir að koma í ljós.



Úrgangsplast hleðst upp um allan heim í stórum stíl. Það þarf að endurvinna með einhverjum hætti svo það endi ekki feril sinn úti í náttúrunni.



Pakkningar úr frauðplasti er eitur í beinum endurvinnslumanna þar sem erfitt er að greina þær frá umbúðum úr pappa.

Um 5 milljónir tonna af plasti frá Bandaríkjunum til Asíu

Gert er ráð fyrir að útflutningur Bandaríkjamanna á polyethylen-plasti til Asíu muni nema um 5 milljónum tonna árið 2020. Hafa stóru efnarisarnir verið að stórauka hráplastframleiðslu sína á liðnum misserum og árum og eru enn að stækka. DowDuPoint Chemical eitt og sér mun þar t.d. vera með 3,6 milljón tonna framleiðslu á ári.

Frauðplastumbúðir til mikilla vandræða

Samkvæmt frétt BBC um nýliðin mánaðamót, þá valda frauðplast-umbúðirnar undan matvælum sem víða eru notaðar hvað mestum vandræðum. Sjálfvirkar vélar í hreinsunarstöðvum geta mjög illa greint á milli hvort slíkar umbúðir eru úr plasti eða pappa. Þá hefur þetta frauðplast líka þann eiginleika að kurlast mjög auðveldlega niður í öreiningar eða örplast sem getur orðið mikill skaðvaldur í náttúrunni.

Þá valda ýmsar aðrar plastumbúðir vanda við endurvinnslu. Þannig hafa sum framleiðslufyrirtæki notað frauðplastumbúðir í staðinn fyrir pappa undir t.d. jógúrt. Það veldur sama vanda og frauðplastbakkarnir og endurvinnslustöðvarnar vilja því ekki fá slíkt til sín. Aftur á móti eru umbúðir úr „polyethylene terephthalate”, eins og hér á landi þekkist utan um jógúrt, auðvinnanlegar, enda úr sama efni og plastflöskurnar.

Ef fólk ætlar að flokka umbúðir utan um smjör eða blöndu smjörs og jurtaolíu, þá getur málið vandast enn frekar. Þær umbúðir eru oft og tíðum bæði úr plasti og pappa. Því verður að rífa þær niður í einingar svo hægt sé að flokka þær til endurvinnslu.

Plastfilmur og plastpokar geta svo líka verið mjög erfið til flokkunar í endurvinnslustöðvum og um leið kostnaðarsöm aðgerð. Allt þetta vafasama endurvinnslurusl var m.a. sent til Kína, en er ekki lengur hægt. Þótt Kína sé stórt og mikið veldi, þá tekur það ekki endalaust við ruslinu frekar en hafið.

Bretar, sem eru yfir 60 milljónir talsins, drekka firnin öll af gosi, vatni, ávaxtasafa, orkudrykkjum og ýmsu öðru úr plastflöskum. Samt hafa þeir enn ekki tekið upp skilagjald á slíkar umbúðir og er allur gangur á hvar þær lenda. Þetta kann þó að vera að breytast samkvæmt frétt BBC á dögunum.

Samkvæmt fréttinni er þetta þó enn ekki komið lengra en á áformastig, samkvæmt tilkynningu sem ríkisstjórn Englands sendi frá sér í kjölfar mikillar umræðu um plastmengun í höfum og annars staðar í villtri náttúru.

Breski umhverfisráðherrann Michael Gove sagði í samtali við BBC að það væri ekki nokkur vafi á að plastið væri að valda mikilli eyðileggingu á lífkerfi sjávar.

„Við höfum þegar bannað notkun á skaðlegum örkúlum og reynt að draga úr plastpokanotkun. Nú viljum við takast á við plastflöskurnar og hjálpa til við að hreinsa upp höfin.“

Það er dálítið undarlegt að Bretar skuli ekki hafa tekið upp endurvinnslugjald á drykkjarumbúðir úr plasti í ljósi þess að Bretar voru með slíkt kerfi í gangi þegar glerflöskurnar voru allsráðandi, m.a. varðandi mjólk.

Íslendingar með góða reynslu af endurvinnslugjaldi

Sannarlega er tími til kominn að Bretar vakni því þeir eru ansi aftarlega á merinni í þessum efnum. Þarf þá ekki annað en að miða við Íslendinga sem örugglega eru samt ekki þjóða bestir. Reglugerð um þetta var sett hér á landi samkvæmt 4. gr. laga nr. 52 frá 1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.

Svíar tóku slíkt kerfi upp 1984 og hafa lengi verið fyrirmynd Íslendinga í þessum efnum. Þar er nú fullyrt að um 90% af sorpi frá heimilum landsins sé endurunnið. Það er að segja að töluvert af því fer til brennslu í orkustöðvum og annað en unnið áfram til endurnýtingar.

Endurheimtur á plastpokum í miklum ólestri

Það er þó fleira plast en plastflöskur og þar eru t.d. blessaðir plastburðarpokarnir. Hér á landi þarf fólk að borga fyrir notkun þeirra í verslun og rennur ágóðinn af pokasölunni hjá mörgum verslunum í Pokasjóð sem áður hét Umhverfissjóður verslunarinnar. Hann úthlutar styrkjum til verkefna sem heyra undir almannaheill. Má þar nefna verkefni eins og umhverfismál, menningarmál, listir, íþróttir og mannúðarmál.

Pokasjóðurinn er svo sem ágætur til síns brúks, en hann tryggir samt ekki það sem mest er um vert, nefnilega endurheimt á plastpokunum til endurvinnslu. Flest ef ekki öll heimili hafa nýtt sér burðarpokana undir heimilisúrgang. Mest er eðlilega af þeim á höfuðborgarsvæðinu og þar fara milljónir slíkra poka árlega í urðun á sorpi í Álfsnesi.

Fleiri þjóðir hafa farið svipaðar leiðir og Íslendingar varðandi plastpokana, sem áður voru gjarnan afhentir ókeypis í verslunum. Stóra-Bretland er þar engin undantekning þó stutt sé síðan. Þar var Wales fyrst þjóða innan samveldisins til að taka upp gjald á plastpoka í verslunum árið 2011 til að reyna að draga úr notkun þeirra. Norður- Írland fylgdi í kjölfarið 2013 og Skotland í október 2014. Englendingar gerðu svo slíkt hið sama árið 2015.

Enn er fjöldi umbúða utan skilagjaldskerfis

Gjaldskylda skilagjalds á Íslandi nær til allra drykkjarvara í einnota umbúðum, sem fluttar eru til landsins eða framleiddar og átappaðar hérlendis og eru til sölu hér á landi samkvæmt vöruliðum í tollskrá. Gildir þá einu hvort um er að ræða umbúðir úr plasti, gleri eða áli.

Stóri gallinn við reglugerðina er þó að enn eru margvíslegar umbúðir undanþegnar eins og plastumbúðir utan af tómatsósu, þvottalegi, mjólkurdrykkjum, ávaxtaþykkni og matarumbúðum. Einnig glerumbúðir undan t.d. matarolíu, ediki sem og glerkrukkur af ýmsum toga

Verkefni framtíðarinnar

Skilagjald á plastpoka og annað umbúðaplast væri án efa áhrifaríkasta leiðin til að búa til hvata á söfnun á þessu úrgangsefni. Það er þó ekki alveg einfalt, því snúið er að meta skilin og varla fara menn að telja plastpoka eða umbúðir líkt og plastflöskur.

Velta mætti fyrir sér hvort hægt sé að beita vigtun eða einhvers konar rúmtaksmælingu við slíkt. Við innheimtu gjaldsins yrði þó væntanlega alltaf stuðst við vigt, en það getur þó líka verið flókið, en alls ekki vonlaust. Þá yrði líklega að vera skylt að gefa upp heildarþyngd vöru og taka fram heildarþyngd umbúða. Síðan væri skilgreint hlutfall af plasti, pappa eða öðru efni í umbúðum.

Samfélagsleg og samþjóðleg ábyrgð Íslendinga

Það er alveg ljóst í ljósi lokunar Kínverja á kaup á úrgangsplasti og pappír að Vesturlandabúar verða að stórauka endurnýtingu á slíku hráefni. Íslendingar geta siðferðilega ekki lengur þvegið hendur sínar af ábyrgðinni með því að skutla draslinu í gám og senda til endurvinnslu bara eitthvað út í heim, með tilheyrandi kolefnisspori vegna flutninganna. Hér verður að finna leiðir til að stuðla að aukinni endurvinnslu á plasti sem okkar neysluþjóðfélag skilur eftir sig.

Við getum ekki lengur leyft okkur að velta þeirri ábyrgð yfir á aðrar þjóðir. Skilagjald á allar plastumbúðir gæti mögulega verið lykillinn að því að styrkja stoðir endurvinnslu í landinu.



Tækniskólinn fékk veglega gjöf sem nýtist vel við kennslu í pípulögnum

– Gefendur eru Gjöfull varmagjafi, Tengi, Blikksmiðjan Vík og Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps

Þann 13. mars síðastliðinn var Tækniskólanum gefin vegleg gjöf til verklegrar kennslu nemenda í pípulagningum. Gjöfin samanstendur af hitaveitugrind, skáp, hemli og forðakút sem ætlað er til uppsetningar í sumarhús þar sem hitaveita er takmörkuð gegnum hemil. Að gjöfinni standa Gjöfull varmagjafi, Tengi, Blikksmiðjan Vík og Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita (Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps).

Kennarar við pípulagningadeild Tækniskólans, Böðvar og Gunnar, tóku við gjöfinni ásamt skólastjóranum Gunnari Kjartanssyni. Þá mættu fleiri góðir gestir við afhendinguna og má þar nefna formann FIT, Hilmar Harðarson, ásamt Helga Pálssyni þjónustufulltrúa ásamt fleiri góðum gestum og velunnurum.



Frá afhendingu gjafarinnar, talið frá vinstri: Hilmar Harðarson, formaður FIT, Helgi Pálsson, þjónustufulltrúi FIT, Gísli Tómasson, pípulagningameistari og annar eigandi Gjöfuls varmagjafa, Halldór Fannar Halldórsson, sölustjóri Tengis, Böðvar Ingi Guðbjartsson, kennari við pípulagningadeild Tækniskólans, Gunnar Ásgeir Sigurjónsson, kennari í pípulagningadeild Tækniskólans, Sandra Björg Gunnarsdóttir, upplýsinga- og markaðsfulltrúi Gjöfuls varmagjafa, Eyjólfur Ingimundarson, einn eigenda Blikksmiðjunnar Vík og Gunnar Kjartansson, Skólastjóri Byggingartækniskólans.

Kemur sér vel fyrir nemendur

„Okkur sem stöndum að gjöfinni þykir mikilvægt að nemendur í iðngreinum hafi aðgang að góðum búnaði til að vinna með í verklegri kennslu, enda eru það þessir nemendur sem munu síðan lifa og starfa í þeirri iðn sem þeir hafa valið sér. Okkur þótti því tilvalið að gefa Tækniskólanum búnað sem notaður er á markaðnum í dag sem án efa kemur sér vel fyrir nemendur að námi loknu,“ segir Sandra Björg Gunnarsdóttir, upplýsinga- og markaðsfulltrúi Gjöfuls varmagjafa.

Sumarhúsaeigendur eiga það margir sameiginlegt að vera með hitaveitu sem gefur að jafnaði 3–5 lítra af heitu vatni gegnum hemil.

„Rennsli heita vatnsins í sumarhúsum er því ekki á pari við það sem gerist og gengur í þéttbýlum landsins,“ segir Gísli Tómasson pípulagningameistari

Algengt er að hitaveita sé leidd beint inn á neysluvatnskerfi sumarhúsa, en það skapar einnig aukna hættu á kostnaðarsömum tjónum. Í því samhengi er vert að benda á að hitaveituvatn er ekki skilgreint sem neysluvatn og því ekki æskilegt að leiða það inn á neysluvatnslagnir innanhúss. Efnainnihald í hitaveituvatni veldur mikilli útfellingu í og við blöndunartæki sem skerðir endingartíma þeirra með tilheyrandi kostnaði.

Hægt er í einhverjum tilfellum að kaupa aukið magn af heitu vatni gegnum hemilinn en þó svo sé gert verður þrýstingur á heitu vatni aldrei til jafns við það kalda og aukinn fastur kostnaður leggst á sumarhúsaeigendur í kjölfarið.

„Þetta er það sem búnaðurinn í heild sinni kemur í veg fyrir,“ segir Gísli en tenging forðakúts við hitaveitugrind með hemli sér til þess að jafn þrýstingur verður á heitu og köldu neysluvatni.

Með þessari samsetningu búnaðar er hægt að koma í veg fyrir lakan endingartíma neysluvatnslagna og blöndunartækja og koma í veg fyrir kostnaðarsöm tjón sem fylgja því þegar hitaveituvatn er tengt beint inn í lagnir húsa.

Bæði kennarar og skólastjóri tóku undir þau orð Söndru Bjargar að gjöfin muni nýtast vel nemendum en að auki benti Böðvar á að fyrirtæki ættu að sjá hag sinn í að veita gjafir sem þessa, enda uppskeri fyrirtæki sterkari iðnmenntað fólk út á vinnumarkaðinn í kjölfarið.

Efla verkfræðistofa fengin til að gefa umsög um búnaðinn

Verkfræðistofan Efla var að beiðni Gjöfuls fengin til að skoða hitakút og tengibúnað fyrirtækisins fyrir sumarhús sem eru tengdar við óstöðugar hitaveitur. Hitakúturinn (forðakútur) er staðsettur utandyra við hlið tengigrindar (inntaksgrind) til að lágmarka líkur á vatnstjóni innanhúss sem getur orðið á köldum vetri ef hitaveita slær út og vatn frýs í lögnum. Tengibúnaðurinn sem Gjöfull ehf. framleiðir samanstendur af spíral sem er tengdur við hitaveitu og er ætlað að hita upp kalt vatn til neyslu í sumarhúsinu. Eftir að hitaveituvatnið hefur runnið í gegnum spíralinn er það látið flæða í gegnum varmaskipti fyrir upphitun á sumarhúsinu.

Kosturinn við framangreindan tengibúnað er að hitaveituvatnið rennur í gegnum tengibúnaðinn og varminn nýttur án þess að hitaveituvatn fari inn fyrir húsvegg á sumarhúsinu. Gjöfull hefur sett upp hitabúnað á 25 sumarhúsum sem er tengdur eins og meðfylgjandi tengimynd sýnir. Kostur er að búnaðurinn jafnar út sveiflur á innflæði frá hitaveitu og notar upphitað kalt vatn fyrir neyslukerfi hússins. Í niðurstöðu Eflu segir enn fremur:

Á tengigrind er aðeins öryggisloki á inntaki á köldu vatni og því þarf að ganga úr skugga um að allur búnaður sé vottaður fyrir hærri þrýsting en hæsti mögulegi veituþrýstingur. Tankurinn sem Gjöfull notast við er CE vottaður og framleiddur af viðurkenndum framleiðanda. Prófunarþrýstingur tanksins er uppgefinn 13 bör frá framleiðanda og vinnuþrýstingur 10 bör. Í flestum litlum hitaveitum nær veituþrýstingurinn aldrei svo hátt og því er öryggisloki óþarfur á inntaki hitaveitu (tryggja þarf að veituþrýstingur geti ekki orðið hærri t.d. að öryggisloki sé á veitunni).

Í tilfellum þar sem hitaveitan slær út í miklu frosti, kólnar fljótt í tanknum og getur frosið í honum. Tankurinn er 160L og einangraður og því mun tengigrindin alltaf frjósa á undan tanknum. Kostur við búnaðinn frá Gjöfuli er að frosthættan hefur verið færð utandyra þar sem tankurinn er staðsettur utan við sumarhúsið.

Með upphitun á köldu vatni í forðatanknum er komið í veg fyrir að sveiflur í flæði hitaveitunnar skili sér í neysluvatn með tilheyrandi óþægindum fyrir íbúa. EFLA hefur ekki lagt mat á afköst spíralsins í tanknum né reglun á framrásarhitastigi neysluvatnsins.





AUÐLINDIR & UMHVERFISMÁL



Áhugahópur um plastpokalaust samfélag á Blönduósi útbýr fjölnota burðarpoka, sá þúsundasti var saumaður nýverið.

Plastpokalaust samfélag á Blönduósi:

Hafa saumað þúsund fjölnotapoka

Áhugahópur um plastpokalaust samfélag á Blönduósi hefur staðið fyrir verkefni sem miðar að því að útbúa fjölnota burðarpoka. Nú fyrir skömmu náðist sá árangur í verkefninu að þúsundasti fjölnota pokinn var saumaður.

Bæjarbúar hafa tekið verkefninu mjög vel og verið viljugir að gefa efni og að nýta sér pokana í Kjörbúðinni svo ekki sé nú talað um vinnuframlag þeirra sem setið hafa við að sauma pokana, segir um verkefnið á vefnum huni.is.

Verkefnið á Blönduósi hefur einnig fengið jákvæða umfjöllun utan svæðisins og er það afar hvetjandi fyrir aðstandendur þess. Minnt er á að nauðsynlegt er að skila pokunum aftur í Kjörbúðina eftir að þeir hafa verið fengnir að láni til þess að hringrásin virki eins og til er ætlast. */MÞÞ*

Bændablaðið
Kemur næst út
26. apríl







Veitingamennirnir samankomnir í Súlnasal Hótel Sögu síðastliðinn föstudag. Myndir / smh

Icelandic lamb veitti 21 veitingastað viðurkenningar

Oddný Steina Valsdóttir, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, veitti 21 veitinga- og gististað viðurkenninguna „Icelandic lamb Award of Excellence“ í Súlnasal Hótel Sögu síðastliðinn föstudag.

Það er markaðsstofan Icelandic lamb sem stendur að viðurkenningunum og eru þær veittar fyrir framúrskarandi matreiðslu á íslensku lambakjöti og eftirtektarverð störf við kynningu á íslensku lambakjöti til ferðamanna.

Árangurinn farið fram úr björtustu vonum

Í tilkynningu frá Icelandic lamb kemur fram að þetta sé í annað sinn sem viðurkenningar eru veittar samstarfaðilum Icelandic lamb á sviði veitinga- og gististaða. Dómnefnd skipuð þeim Sigurlaugu Margréti Jónasdóttur, útvarpskonu hjá RÚV, Dominique Plédel Jónsson hjá Slow Food Reykjavík og Hafliða Halldórssyni, verkefnastjóra hjá Icelandic lamb, útnefndu staðina sem hlutu viðurkenningar að þessu sinni. „Yfir 90 íslenskir veitingastaðir eru samstarfsaðilar sauðfjárbænda í gegnum verkefnið Icelandic lamb sem ætlað er að undirstrika sérstöðu íslenskra sauðfjárafurða með tilvísun til uppruna, hreinleika og gæða. Árangurinn hefur farið fram úr björtustu vonum og sala á lambakjöti aukist verulega hjá veitinga- og gististöðum sem taka þátt í verkefninu,“ segir í tilkynningunni. Staðirnir sem hlutu viðurkenningu eru:

- Bjarteyjarsandur Hvalfirði
- Eldhúsið Restaurant-Gistihúsið Egilsstöðum
- Fiskfélagið
- Fiskmarkaðurinn
- Fosshótel Jökulsárlón Restaurant
- Grillið- Hótel Sögu
- Haust Restaurant - Fosshótel Reykjavík
- Hótel Anna
- Hótel Smyrlabjörg
- Íslenski Barinn
- Kopar
- Lamb Inn Eyjafjarðarsveit
- Matarkjallarinn
- Múlaberg Bistro
- Narfeyrarstofa
- Rústík
- Salka Húsavík
- Slippurinn Vestmannaeyjum
- Sushi Social
- Von Mathús Hafnarfirði
- VOX

/smh



Ólafur Helgi Kristjánsson tók við viðurkenningunni fyrir Grillið. Með honum eru Oddný Steina, þá Dominique og Sigurlaug yst til hægri.



Gísli Matthías Auðunsson með viðurkenninguna sem Slippurinn í Vestmannaeyjum hlaut.

Gámurinn
er þarfaþing



Til leigu eða sölu:

- Þurrgámar
- Hitastýrðir gámar
- Geymslugámar
- Einangraðir gámar
- Fleti og tankgámar
- Gámar með hliðaropnun
- Gámahús og salernishús
- Færanleg starfsmannaðstaða
- Bos gámar og skemmur



Hafðu samband 568 0100

www.stolpigamar.is
Stólpi Gámar
Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði

Stalosan® F

Umhverfisvænt sótthreinsiduft





Frábær forvörn gegn slefsýki í lömbum

Stalosan F vinnur gegn bakteríum, vírusum, sveppum og snýkjudýrum. Slefsýki í lömbum orsakast af *E. coli* sem berst með óhreinindum, oft á undan broddmjólkinni. Stalosan F er öflug vörn gegn *E. coli* og hefur reynst vel sem forvörn gegn slefsýki. Með góðum forvörnum sparast vinna og kostnaður við lyf. Stalosan F kemur meðal annars í veg fyrir júgurbólgur, öndunarfærasjúkdóma, húðvandamál.

Kostir Stalosan F

- Sótthreinsiduft með lágt sýrustig sem er hagstætt fyrir húð dýra, fæst meðal annars sem sárakrem.
- Fækkar sýkingartilfellum.
- Dregur úr raka.
- Bindur ammóníak og lækkar sýrustig í umhverfi dýranna.
- Skapar óhagstæðar aðstæður fyrir skaðlegar örverur.
- Vinnur gegn bakteríum, sveppum, vírusum og snýkjudýrum.
- Ekki skaðlegt fólki eða dýrum og því óhætt að nota sem undirburð hjá öllum dýrum, þar með talin ungviði.
- Má nota sem undirburð og til að hreinsa útihús.

Gott er að nota Stalosan F yfir sauðburð til að fækka tilfellum veikinda og auka almennt heilbrigði dýranna.

Stalosan F má notast í lífrænni framleiðslu!

Búvörur SS | Fosshála 1, Reykjavík | Ormsvellir 4, Hvolsvöllur | Oddeyrarskáli, Akureyri | 575 6000 | www.buvorur.is

SeoFoss Haugmelta fyrir bændur




SeoFoss er haugmelta úr vandlega samsettum steinefnum. Það bindur ammóníakið í búfjáráburðinum og skilar því meira köfnunarefni á túnin. Rannsóknir sýna aukningu upp á allt að 1,4 kg N/m³ af mykju.
Þar að auki verður auðveldara að vinna með mykjuna þar sem hún verður einsleitnari og flæðið verður betra.

- SeoFoss bindur köfnunarefni í mykjuna sem gerir hana að betri áburði.
- SeoFoss eykur einsleitni mykjunnar sem þýðir að dreifing áburðarefna verður jafnari.
- SeoFoss minnkar lykt með því að binda köfnunarefni í mykjunni. Það þýðir betra umhverfi bæði utandyra og innandyra fyrir dýr jafnt sem menn.
- SeoFoss sparar vinnuafl og tíma.

Frekari upplýsingar um SeoFoss er að finna inn á www.buvorur.is

Það getur verið erfitt að hræra saman mykjuna og þurrefnið vegna yfirborðsspennu í mykjunni. Það þýðir minnkuð einsleitni.
Með SeoFoss verður mykjan samræmdari og einsleitnari, þurrefni og mykja blandast saman.



Búvörur SS | Fosshála 1, Reykjavík | Ormsvellir 4, Hvolsvöllur | Oddeyrarskáli, Akureyri | 575 6000 | www.buvorur.is

Samtökin Beint frá býli fagna 10 ára afmæli:

Margt hefur áunnist á áratug

– Fjölmargar áskoranir að takast á við til framtíðar, segir Þorgrímur Einar Guðbjartsson á Erpsstöðum, formaður samtakanna

Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is



„Stærsti sigur félagsins er eflaust sá að hafa náð þessum aldri," segir Þorgrímur Einar Guðbjartsson á Erpsstöðum, formaður samtakanna Beint frá býli. Þau fagna 10 ára afmæli sínu um þessar mundir, voru stofnuð á Möðruvöllum á Fjöllum 29. febrúar 2008.

Hann segir afmælisbarnið bera sig vel á þessum tímamótum, margt hafi áunnist á þeim áratug sem liðinn er frá stofnun samtakanna, en vissulega séu einnig fram undan áskoranir að takast á við. Félagsmenn í Beint frá býli eru að jafnaði á bilinu 80 til 100 talsins, rokkar aðeins á milli ára. „Það er alltaf pláss fyrir fleiri félagsmenn, því fleiri sem við erum því meiri virkni og kraftur er í félaginu."

Undirbúningur að stofnun samtakanna hafði staðið yfir um tveggja ára skeið áður en blásið var til stofnfundar, m.a. á vegum landbúnaðarráðuneytis og Bændasamtaka Íslands, þar sem farið var yfir á hvern hátt best færi á því að koma á fót heimavinnslum til matvælaframleiðslu. Markmiðið hefur frá upphafi verið að aðstoða félagsmenn við að koma upp heimavinnslu sem og að vinna að hagsmunum þeirra bænda sem stunda eða hyggjast stunda hvers konar framleiðslu og sölu á heimaunnum afurðum. „Okkar leiðarljós er að tryggja neytendum gæðavörur þar sem öryggi og rekjanleiki er í fyrirrúmi," segir Þorgrímur og bætir við að félagið hvetji einnig til varðveislu hefðbundinna framleiðsluaðferða og kynningar á staðbundnum hráefnum og hefðum í matargerð.

„Fyrstu árin fóru að mestu í gagnaöflun, að rýna í reglur og lög og finna út hvað þyrfti að vera til staðar svo hefjast mætti handa við matvælavinnslu heima á bæjum. Við höfðum framan af starfsmann, Árna Snæbjörnsson, og síðar Guðbjörgu Andrésdóttur, en frá árinu 2012 hefur fjármagn til að halda úti starfsmanni ekki verið til staðar. Vinnan hefur því að mestu lent á formanni samtakanna á hverjum tíma," segir Þorgrímur.



Þorgrímur Einar Guðbjartsson, bóndi á Erpsstöðum, kynnir afurðir rjómabúsins á hátíð sem haldin var í Reykjavík 2011 undir heitinu „Full borg matar". Mynd / HKr.



Þorgrími Einari og hans fólki á Erpsstöðum er ýmislegt til lista lagt þegar kemur að því að vekja athygli á búinu. Mynd /HKr.



Rjómabúið á Erpsstöðum vakti mikla athygli þegar það bauð landsmönnum upp á skyrkonfekt sem hannað var í samstarfi við myndlistarnema. Mynd / HKr.

Traust ríki milli eftirlits og framleiðenda

Hann segir að um árin hafi margs konar álitamál verið uppi og miklum tíma, fjármunum og orku varið til að finna út úr þeim. Þannig hafi of mikill tími og fé farið í samskipti milli samtakanna og Matvælastofnunar, Mast, sem að hans sögn hafi verið félaginu Þrándur í götu; Fremur reynt að hindra þá í sinni uppbyggingu í stað þess að finna lausnir sem henta smáframleiðendum. „Ég vona að nú höfum við komist yfir þann þröskuld. Það er mikilvægt að trúnaður ríki á milli eftirlitsins og framleiðenda. Markmið okkar sem erum að framleiða matvæli heima er ekki að skorast undan ábyrgð, við viljum þvert á móti bera ábyrgð í eðlilegu umhverfi og miðað við umsvif hvers og eins framleiðenda," segir hann.





Ostar og óhrært og sjálfsíað „Sveitaskyr" og rjómi frá Rjómabúinu Erpsstöðum. Myndir / HKr.



Forsetahjónin Guðni Th. Jóhannesson og Elíza Reid, smakka afurðir bænda á Hrafnagilshátíð í Eyjafirði. Mynd / MÞÞ

Kostnaðarsamt þannig að áhuginn þarf að vera fyrir hendi

Ný atvinnugrein varð til þegar samtökin voru stofnuð, félagið hefur hvatt fólk til að hefja vinnslu matvæla heima til endursölu út á markað. „Þessi leið er löng, grýtt og þyrnum stráð. Það er kostnaðarsamt að hefja slíka vinnslu og enginn ætti að fara út í þetta nema hafa þeim mun meiri ánægju og áhuga og ég hvet fólk iðulega til að skoða hug sinn vel áður en lagt er út í milljóna fjárfestingar. Ánægjan, áhuginn og tíminn þurfa að vera fyrir hendi ef vel á til að takast. Þetta er mikil vinna og engin mistök eru leyfð, kunnátta þarf að vera til staðar og menn að vera kröfuharðir í eigin garð. Oftast sjá menn um alla þætti, ákveða hvað er framleitt, útvega hráefnin, vinna vöruna, finna hentugar umbúðir, prenta límmiða og ganga frá vörunni til kaupenda og jafnvel að afhenda hana heima á tröppur. Fólk verður að hafa gaman af þessu öllu, við sjálf sem framleiðum vöruna erum í augum kaupenda hluti af henni, erum ímynd vörunnar," segir Þorgrímur.

Margt hefur á áratug áunnist og verið fært til betri vegar þegar kemur að heimaframleiðslu, en ávallt er það svo að nýjar áskoranir blasa við. Um þessar mundir er unnið að könnun meðal félagsmanna sem nýtt verður í stefnumótunarvinnu sem hefur það markmið að auka og auðga matarflóru landsins. Þá segir Þorgrímur að Beint frá býli hafi sótt um aðild að Bændasamtökum Íslands og væntir þess að hún muni auka inngjöf í starf félagsins.

Margar glufur sem þarf að leiðrétta

„Við vonumst líka til að þær reglugerðir sem okkur ber að starfa eftir verði lagfærðar þannig að þær virki. Sem dæmi nefni ég að samkvæmt kröfum sem til okkar eru gerðar eigum við að skila inn sýnum af okkar vörum til rannsóknar hjá viðurkenndri rannsóknarstofu. Það er eðlilegt. En við þurfum að skila inn fimm sýnum af hverri vöru í hvert sinn. Framleiðandi sem býr til sultu tekur þá fyrstu krukkuna, síðan þrjár innan úr framleiðslunni og lokst þá síðustu. Þessi framleiðandi er ef til vill einungis að gera 50 krukkur af sultu og þarf að senda 10% af framleiðslunni til rannsóknar. Það kostar töluverða fjármuni. Reglurnar eru þannig ekki hagstæðar fyrir smáframleiðendur, þó svo að þær séu ætlaðar þeim. Það eru margar glufur í þeim sem þarf að leiðrétta og gera raunhæfari fyrir þá sem ekki eru í umfangsmikilli framleiðslu," segir Þorgrímur.

Nefnir hann m.a. reglugerð um lítil matvælafyrirtæki og hefðbundin matvæli frá haustinu 2016, en í henni eru stærðarmörk svo lág að engan veginn svari kostnaði við að koma á fót heimavinnslu. „Ráðuneytið er duglegt að setja reglugerðir og liggur þar alls ekki á liði sínu. Markmiðið er að auðvelda okkur uppsetningu á heimavinnslum, en því miður skila þessar reglugerðir ekki alltaf þeim árangri sem að var stefnt."

Hvað er smáframleiðandi?

Sátt þurfi að nást um þá skilgreiningu sem liggur að baki því hvað sé smáframleiðandi. Þykir Þorgrími langur vegur frá að hlustað hafi verið á rök samtakanna í þeim efnum, einkum þegar kemur að magntölum sem í gildi eru og standist engan veginn. Kostnaður við að setja upp litlar matvælavinnslur sé mikill og því brýnt að það magn sem í gegnum þær megi fari endurspeglist bæði í þeim kostnaði og eins kröfum sem til þeirra séu til starfseminnar gerðar.

Nýlegur samstarfssamningur við Matís um verð og afslætti af rannsóknum er félaginu mikilvægur



Garður í Eyjafirði er landsþekkt fyrir veitingastaðinn Kaffi Kú sem rekinn er í fjósinu á staðnum. Mynd /HKr.

og segir Þorgrímur að fyrir hendi sé skilningur af hálfu Matís á því að taka þurfi mið af umfangi rekstrarins hjá hverjum og einum.

Hann nefnir flutningskostnað sem er töluverður baggi á smáframleiðendum, sem sendi frá sér litlar sendingar. Samningur um afslátt við Landflutninga bæti þar aðeins úr, „en eftir stendur að kostnaður við flutninga er þröskuldur sem margir eiga erfitt með að yfirstíga“.



Nautakjöt frá Garði. Mynd /MÞÞ

Handverksmatvæli leysi staðbundin matvæli af hólmi

Þorgrímur segir Íslendinga sýna þeim matvælum sem framleidd eru heima á býlum víða um land mikinn áhuga, viðtökur séu jafnan góðar en vissulega sé hinn íslenski markaður ekki ýkja stór. „Það hafa margir áhuga á að vinna matvörur til sölu á markaði, en við Íslendingar eru fáir og dreifðir um allt land. Það verðum við að hafa í huga,“ segir hann. Í framhaldinu nefnir hann skilgreiningar á staðbundnum matvælum og er þá miðað við ákveðinn radíus út frá framleiðslustaðnum. „Það er mjög erfitt að eiga við þessa skilgreiningu í því dreifbýli sem við búum í. Sumir hafa Reykjavíkurmarkaðinn innan síns radíus á meðan aðrir hafa í raun engan markað innan þessara viðmiða. Í mínum huga ættum við að hafa Ísland allt undir þegar við tölum um staðbundin matvæli, að það skipti ekki máli hvar á landinu varan er framleidd. Það er vart hægt í svo fámennu og dreifbýlu hagsvæði að skipta framleiðendum upp með þessum hætti. Vörur framleiddar á Möðrudal á Fjöllum væru þannig hvergi staðbundin matvæli nema á hlaðinu þar, því í öllum tilvikum þyrfti að flytja þær út fyrir 50 kílómetra radíus til að koma þeim á markað. Að mínu viti ættum við að tala um handverksmatvæli, það er auðveldara að skilgreina þau.



Beint frá býli, hér er verið að kynna vörur frá Holtsseli. Mynd /MÞÞ











Hafsteinn Hafliðason garðyrkjufræðingur er sestur í helgan stein en sinnir enn garðyrkjuráðgjöf á spjallborðum Facebook-hópa:

Þurfum að koma okkur upp hagkvæmri skógarauðlind

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is





Hafsteinn býr í Þingborg í Flóa og dundar sér þar við ýmsa dægradvöl; sýsl og tilraunir í eigin bakgarði. Myndir / smh

Hafsteinn Hafliðason er mörgum garðeigendum og öðru áhugafólki um plöntur að góðu kunnur. Hann hefur á starfsferli sínum getið sér gott orð sem garðyrkjufræðingur og alþýðufræðari um ræktun plantna og umhirðu.

Fyrir fáeinum árum skrifaði hann lipra og lærða pistla í Bændablaðið um plöntur og oft með áhugaverðu þjóðfræðilegu ívafi út frá þeim.

Hann er að mestu sestur í helgan stein í Þingborg í Flóa og dundar sér þar við ýmsa dægradvöl; sýsl og tilraunir í eigin bakgarði, auk þess sem hann er nokkuð iðinn við að uppfræða alþýðuna á Facebook-síðunni *Ræktaðu garðinn þinn*.

Garðyrkja engin afgangsstærð í uppvextinum

„Ég er náttúrlega alinn upp við garðyrkju meira og minna," segir Hafsteinn um ræturnar að áhuga hans á plöntum. „Garðyrkja var engin afgangsstærð. Ég er fæddur á Ísafirði og alinn upp í Djúpinu, í Vigur, meðal annars hjá stjúpömmu minni, Björgu Björnsdóttur, sem var mikil ræktunarkona. Hún var á lífrænu línunni, vildi ekki nota tilbúinn áburð, en notaði kúamykjuna á rófurnar, sauðatað á kartöflurnar og hrossatað á rabarbarann – ef hrossin skildu eitthvað eftir í hesthúsunum. En þau voru nú oftast úti við.

Hún var vel lesin og verseruð í fræðunum, enda var systir hennar, Guðrún Björnsdóttir, menntaður garðyrkjufræðingur.

Svo varð pabbi auðvitað garðyrkjumaður frá Garðyrkjuskólanum, útskrifaður 1944. Hann var garðyrkjustjóri í Reykjavík í ein 30 ár. Ég var ekkert mikið að snuddast með með honum fyrr en ég var kominn yfir fermingu – enda tíðkuðust ekki þessar pabbahelgar þá."

Almennilegt þjóðlíf þrífst bara í ræktuðu landi

„Ég var næmur ungur piltur með áhuga á mannkyninu. Það þrífst ekkert almennilegt þjóðlíf nema í ræktuðu landi þannig að ég var fljótur að tengja þar á milli. Annars konar þjóðlíf er bara villimennska, eða hjarðmennska eins og hefur reyndar tíðkast hér á Íslandi alla tíð.

Mér finnst miklu máli skipta að fólk stundi það að rækta gróður; hvort sem það er tré, gras eða matjurtir til dæmis. Það verður engin menning án ræktunar. Í okkar máli aðskiljum við reyndar ræktun og menningu, en í mörgum öðrum löndum er þetta bara eitt orð – kúltúr," segir Hafsteinn.

Lærði að sinna herragarði í Svíþjóð

Hafsteinn fór til Svíþjóðar til að læra garðyrkjufræðin. „Þar snerist námið um það að nemendurnir gætu sinnt herragarði í einu og öllu; hvort sem það var að skipuleggja garða, fella eða gróðursetja tré, fjölga trjám og sinna garðplöntum – hvort sem það voru skrautplöntur eða matjurtir. Svo þurfti maður að kunna allt um pottaplöntur og híbýlaprýði; geta gert blómaskreytingar og annað slíkt.

Ég kom svo heim og kláraði sveinsprófið – en það voru reyndar engar löggildingar þá. Ég starfaði stutt við garðyrkjuna eftir prófið en fór að vinna í gestamóttöku á hóteli í fjögur ár. Ég fór svo aftur til Svíþjóðar og starfaði síðan mikið í svokölluðum garðmiðstöðvum, bæði úti í Svíþjóð en einnig hér heima, eins og í Blómavali."

Miðlun á garðyrkjufróðleik

Meðfram sölumennskunni og ráðgjöfinni miðlaði Hafsteinn garðyrkjuefni í gegnum ýmsa fjölmiðla. „Þegar ég hef fjallað um garðyrkju þá reyni ég að gera það á skemmtilegan hátt líka – og þannig að ég hafi gaman af því – fyrir utan að gera það skilmerkilega. Markmiðið er þá að reyna að koma öðrum á bragðið, enda hef ég lengst af verið tengdur sölumennsku á garðplöntum og upplýsingamiðlun. Þetta helst í hendur. Þú getur varla selt vöruna nema kúnninn þekki hana að einhverju leyti.

Í slíkum garðmiðstöðvum þurfa alltaf að vera starfsmenn sem kunna á vörurnar, sem geta leiðbeint um það hvað henti á hverjum stað og hvernig eigi að hirða um plönturnar. En mér þótti þetta alltaf mjög áhugavert starf því að starf sölumannsins felst ekki síst í því að lesa viðskiptavininn – og það eru þessi mannlegu nánu samskipti sem eru mjög gefandi. Í raun er þetta líka mjög skapandi vinna og ég hef sótt í slíka vinnu líka á öðrum sviðum.

Ég vann til að mynda að þáttagerð, bæði fyrir útvarp og sjónvarp, þar sem fjallað var um garðyrkju frá ýmsum hliðum. Þetta fjölmiðlabrölt byrjaði reyndar þannig að ég skrifaði pistla í Þjóðviljann, líklega í ein tvö ár. Þá bauðst mér að gera útvarpsþætti á Rás 2 sem ég vann við meira og minna í yfir tíu ár, samhliða garðyrkjuráðgjöf og sölu, örugglega til 1998. Í þeim voru meðal annars símatímar, þar sem fólki bauðst að hringja inn og viðra vandamál sín eða með fyrirspurnir til mín sem ég svaraði bara í beinni útsendingu. Þetta var auðvitað alveg nýtt en naut mikilla vinsælda.

Svo var það 1988 að Sveinn Einarsson, þáverandi dagskrárstjóri á RÚV, bað mig um að gera sjónvarpsþætti um garðyrkju. Ég gerði það fyrst í ein tvö sumur ásamt tökumanninum snjalla, Baldri Hrafnkeli Jónssyni. Hann var með kvikmyndatökuvélina en ég var í umfjölluninni, reyndi að vera frekar minna í mynd en segja meira frá því sem bar fyrir augu – auk þess að tala við garðyrkjufólkið auðvitað. Svo hélt ég áfram með smáþætti á Stöð 2, lítil innslög sem voru kostuð. Blómaval stóð að þessari þáttagerð."

Sýslar við pistlaskrif og garðyrkjuráðgjöf

Hafsteinn fór svo út úr fjölmiðlabransanum og gerðist umhverfisstjóri í Snæfellsbæ, sem þá var nýstofnað sveitarfélag. „Þaðan fór ég á Selfoss í svipað starf. Selfyssingar vildu reyndar ekki hafa mig lengi í þessu starfi og fundu út að það væri of dýrt að hafa sérstakan garðyrkjustjóra á fullum launum fyrir bæjarfélagið. Bærinn lagði stöðuna niður og nú sér áhaldahúsið um þetta.

Það má segja að ég hafi síðan að mestu setið í helgum steini, en er þó að sýsla við eitt og annað og leika mér hér heima. Ég hef gaman af því að skrifa pistla ef ég er beðinn um það og ég hef gert dálítið af því – meðal annars fyrir Bændablaðið. Svo fylgist ég með garðyrkjuumræðu á vefnum – til dæmis á Facebook – og blanda mér þar í umræðuna og gef ráð. Ég er félagi í Facebook-síðunni *Ræktaðu garðinn þinn* þar sem fjölmargir skiptast á skoðunum um ýmis málefni og ég reyni að hjálpa til með ráðgjöf þar. Líka á síðunni *Stofublóm inniblóm pottablóm*. Á þessum síðum er töluverður hluti þjóðarinnar að leita sér aðstoðar, enda er þetta mjög sniðugur vettvangur fyrir skoðanaskipti og skilvirk leið til upplýsingaöflunar. Ef ég sé eitthvað í ummælum notenda sem þarf að athuga betur, þá grip ég oft inn í og hef gaman af því að vera í sambandi við fólk. Oft er það þá fróðleikur sem ég er með á takteinum en stundum þarf ég að grúska eitthvað til að finna réttu svörin. Ég reyni að vanda mig við þetta. Maður fær nú svo sem ekkert mikil viðbrögð oftast nær, en það er gaman að sjá ef manni tekst að gleðja einhvern."

Umræðan á Alþingi oft tómt rugl og þras

„Oftast fæ ég fyrirspurnir um ástand pottaplantna þegar þær eru nær dauðar; annaðhvort með ofvökvun eða með of mikilli áburðargjöf. Það hefur líka gerst að fólk hefur samband sem hefur keyrt með pálmana sína í janúar frá Keflavík til Reykjavíkur á opnum bíl í frosti. Því miður er það nú þannig að náttúrufræðikennslu – hvort sem það er almenn líffræði eða umhverfisfræði – er illa sinnt í grunnskólakerfinu. Í kennaranámi er mikið verið að fókusera á kenningar og hverjir hafi komið með þær og af hvaða tilefni. Það er minna hugað að hinum praktísku hliðum lífsins. Með öðrum orðum þá er í íslensku skólakerfi meira verið að hugsa um fenginn, hvers maður aflar, en um það hvernig skynsamlegast sé að afla hans. Það er meira þrasað en gert –



Fróðleiksbásinn

Hafsteinn Hafliðason garðyrkjufræðingur

Hlynir – kjörviðir fínsmiðanna

Til hlynsættkvíslarinnar sem nú er talin til Sápuberjaættar, *Sapindaceae*, teljast um 160 tegundir sem dreifðar eru vítt um Norðurhvel, allt frá fjalladölum S-Asíu og Mið-Ameríku norður til Alaska, Noregs og Síberíu. Steingerðar leifar hlynlaufa hafa fundist í íslenskum surtarbrandslögum. Á hlýjum svæðum eru tegundirnar sígrænar en flestar vaxa þó þar sem vetrarríkis gætir og eru þá lauffellandi.

Þrjár í næsta nágrenni – en gera má betur!

Síðari reglan á við um þær þrjár tegundir hlyna sem vaxa í V- og NV-Evrópu. Tvær þeirra þrífast sæmilega hér á landi við bestu aðstæður, garðahlynur og broddhlynur. Hér að neðan verður nokkuð sagt frá þeim. Þriðja „norræna tegundin", hagahlynur, *Acer campestre*, þrífst ekki hér nægilega vel, enda eru hin náttúrulegu norðurmörk hennar við Eyrarsund og ræktun hennar nokkrum takmörkunum háð þegar norðar kemur í norskar og sænskar sveitir. Nokkrar tegundir frá Asíu og Norður-Ameríku hafa verið reyndar í ræktun hér en ekki gefist sérlega vel. Líklega þarf að leita betur og skipulega að líklegustu kvæmunum og reyna í nokkru magni til að finna tegund eða tegundir sem geta með góðu móti sætt sig við íslenskar aðstæður. Það ætti að vera hægt og vissulega þess virði að fá harðgerðar hlynstegundir sem ívaf í íslenska skógrækt. Eina tegundin sem einhverju hefur skilað hér, aðrar en broddhlynur og garðahlynur, og virðist geta þrifist bærilega í skjólgóðri útmörk er hinn snotri fjallahlynur, *Acer spicatum*, frá vesturströnd N-Ameríku, m.a. frá Nýfundnalandi. Hann er fremur smávaxinn og runnkenndur í eðli sínu. En samt er viður hans kjörinn í ýmiss konar smáhluti og rennismíði.

Garðahlynur – bolurinn dýri.

Blöð garðahlyns, hagahlyns og broddhlyns – bakhlið.

af komast á röngum stað, er auðvelt að flytja þá til. Garðahlynur verður afar stórt og fyrirferðamikið tré sem ekki hentar í litla garða. Hann þarf gott skjól í uppvextinum og vegna þess hve honum hættir við haustkali aður en hann hefur náð að þroska endabrumin, þrífst hann betur ofarlega í landi þar sem loft er á hreyfingu og næturfrosta gætir því síður. Góð von er um að garðahlynur geti hér orðið verðmætt timburtré. En þá þarf að gróðursetja tveggja til þriggja metra há ungtré á milli uppvaxinna trjáa, t.d. alaskaaspa eða sitkagrenis. Haustnæturfrostin ná venjulega ekki mikið upp fyrir 180-200cm frá jörðu svo að hæðin verndar. Skjóltrén hlífa líka vel og draga úr því að hlynurinn myndi strax breiða krónu, heldur leggi áherslu á að vaxa upp í ljósið.

Fræ – garðahlynur og broddhlynur.

eru fagurgræn og hárlaus báðum megin, en garðahlynur ber mattgræn blöð sem eru dálítið leðurgljáandi á efra borði en grágræn á neðra borði. Blómgunin er í klösum sem ápekkir eru hjá báðum tegundum og blómin sjálffrjó með

hafa gagnstæð blöð, þ.e. að hliðarbrumin á greinunum eru í pörum – eitt á móti öðru. Ef endabrumið ferst í frosti taka hliðarbrumin við, svo að greinarnar skipta sér og klofna í tvær eða fleiri áttir. Þetta er ástæðan fyrir því hversu ungir

Úrklippa úr umfjöllun Hafsteins um hlyni, kjörviði fínsmiðanna, sem var birt í Bændablaðinu 22. mars 2016.



„Oftast fæ ég fyrirspurnir um ástand pottaplantna þegar þær eru nær dauðar; annaðhvort með ofvökvun eða með of mikilli áburðargjöf," segir Hafsteinn.

og þetta nær alla leið upp á Alþingi. Þetta þras um skógrækt, landgræðslu og kolefnisjöfnun. Mikið af því sem kemur upp á yfirborð umræðunnar og inn á Alþingi er tómt rugl og þras. Það byggir ekki á raunverulegri þekkingu eða praktískri nálgun. Þetta virðist allt snúast um fjárveitingar og boðvald," segir Hafsteinn og er mikið niðri fyrir.

Manneskjan er skógarvera

„Íslendingar eru svona berangursþjóð. Þeir eru alltaf að berjast skáhallt upp í vindinn, slagviðrið. Ef þeir komast í var við klett, þá er líðanin eins og þeim sé borgið, í stað þess að ganga um landið í skjólmiklum skógi," segir Hafsteinn og ekki laust við að yfirfærð merking liggi einnig á bakvið þessi bókstaflegu orð hans. En hvernig myndi hann vilja sjá landnýtinguna hér með tilliti til landgræðslu, skógræktar og ræktarlanda? „Það er eins og ráðamenn þjóðarinnar geri sér ekki grein fyrir því að landsmönnum fjölgar mjög hratt. Um næstu aldamót er líklegt að hér muni búa milljón manna þjóð. Á hverju á þessi milljón manna þjóð að lifa – á hverju á þjóðlífið að þrífast? Það gerist ekki með góðu móti nema með því að planta skógi. Fólk verður að geta átt skjól í skógi.

Manneskjan er skógarvera í þeim skilningi að maðurinn þróast úr því umhverfi að hafa skjól af skógi; á sléttunum með skóginn innan seilingar. Manninum líður vel í grænu umhverfi og helstu auðlindir okkar felast í náttúrunni sjálfri. Skógræktin gæti, þegar fram líða stundir, orðið mikilvæg auðlind fyrir okkur í framtíðinni – og atvinnuvegur. Við höfum tegundir, eins og sitkagreni, stafafuru og ösp, sem vaxa hratt og vel hér og í skjóli þeirra má rækta verðmætari viðartegundir fyrir mublusmíði til dæmis. Við þurfum ekki nema 50 ár til að koma okkur upp mjög hagkvæmri skógarauðlind. Við þurfum að taka þetta land til skógræktar sem vex hér upp sem kargamói og -þýfi, engum til gagns. Því landbúnaður byggist nú minna á útbeit."

Kapítalistar kúga lýðinn

Hafsteinn telur að áhugi almennings á garðrækt sé aðeins að vaxa. „Það er góð þróun og skiptir sérstaklega miklu fyrir hugafarið. Það er öllu fólki hollt að hugsa um gróður. En sömuleiðis er þjóðinni hollt að geta ræktað allt sem hægt er að rækta hér á landi – og það er æskilegt að það sé stefnt að því. Veðurfarið býður að vísu ekki upp á mikla fjölbreytni í útirækt, en við búum við þær aðstæður að geta tæknilega ræktað miklu meira inni í gróðurhúsum – og í raun hvað sem er. Hins vegar búum við nú við þær markaðsaðstæður að það virðist vera hagkvæmara að flytja inn vörur um hálfan hnöttinn en að rækta þær hér. Það sýnir að það er eitthvað að í kerfinu. Hálfgildings þrælahald er víðs vegar í landbúnaði á svæðum sem íslensk framleiðsla þarf kannski að keppa við. Þetta er kerfi – heimsmarkaðurinn – sem kapítalistar hafa komið á til að kúga lýðinn. Í staðinn fáum við vörur sem eru meðhöndlaðar þannig með efnum, til dæmis vaxi, geislum og gasi, að líftími þeirra er margfaldur á við þær vörur sem ekki þarf að flytja um langan veg. Ég keypti tómata í verslun sem er mikið með innfluttar vörur; grænmeti og ávexti. Mér fannst líftíminn eitthvað grunsamlega langur og gerði því smá tilraun. Ég lét þá standa óhreyfða á stofuborðinu í sex vikur áður en fór að sjá á þeim. Ég fóðra fugla hér fyrir utan hjá mér. Svartþrösturinn minn sem er hér, hann lítur ekki við ávöxtum sem ekki eru lífrænir. Ég held að það segi sína sögu. Því miður er neytendum bara dálítið sama, svo fremi sem þeir fá sitt prins póló og kók – og hamborgara. Það er lítil meðvitund um þessi mál og fólk nennir hreinlega ekki að standa í einhverju svona veseni varðandi umhverfismál, framkomu við náttúruna eða virðingu gagnvart aðbúnaði verkafólks í öðrum löndum.



> „Manninum líður vel í grænu umhverfi og helstu auðlindir okkar felast í náttúrunni sjálfri. Skógræktin gæti, þegar fram líða stundir, orðið mikilvæg auðlind fyrir okkur í framtíðinni – og atvinnuvegur.

Við getum lært ýmislegt af Svíum; fólkinu sem ég lærði mína garðyrkju hjá. Þar er fyrirhyggjan í fyrirrúmi og umhyggja fyrir náunganum. Við sem þjóð verðum að rækta okkar garð og ætti þá að farnast vel í framtíðinni. Ég hef ekki áhyggjur af okkur ef við getum stillt saman strengi; plægt akurinn og sáð í hann, plantað trjám og stöðvað uppfok. Þá erum við í fínum málum."

/smh





CHAR-BROIL BIG EASY
Steikarofn, reykofn og grill
54.900 KR.

CHAR-BROIL GASGRILL
Grillflötur 470x470 mm
2 brennarar
69.900 KR.

CHAR-BROIL GASGRILL
Grillflötur 670x470 mm
3 brennarar
109.900 KR.

CHAR-BROIL TITAN GASGRILL
Grillflötur 670x485 mm
3 brennarar
189.000 KR.

Öll Char-Broil grillin eru með TRU-infrared tækninni sem kemur í veg fyrir eldtungur og tryggir jafnari steikingu.

Rekstrarland er opið alla virka daga kl. 8–17.

Fæst í Rekstrarlandi og útibúum Olís um land allt.

Rekstrarland verslun | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Sími 515 1500 | rekstrarland.is

REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís



Undirritun viljayfirlýsingar, frá vinstri, Magnús Jóhannsson, fulltrúi Landgræðslu ríkisins, Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra, Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra og Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri Skútustaðahrepps.

Úrbætur í fráveitumálum við Mývatn:

Svartvatn nýtt til landgræðslu á Hólasandi

Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra og Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra rituðu á dögunum, ásamt fulltrúum Skútustaðahrepps og fulltrúa Landgræðslu ríkisins, undir viljayfirlýsingu um samstarf við úrbætur í fráveitumálum við Mývatn.

Unnið verður að framkvæmd þróunarverkefnis, sem felst í því að taka seyru úr skólpi í byggð við Mývatn og nýta hana til uppgræðslu á illa förnu landi á Hólasandi.

Leitað hefur verið lausna um hríð á fráveitumálum við Mývatn, ekki síst vegna áhyggna vísindamanna um að næringarefni úr fráveitu geti haft neikvæð áhrif á lífríki vatnsins. Lausnin sem nú verður unnið að er að miklu leyti nýmæli á Íslandi, en hún felst í aðskilnaði svokallaðs svartvatns og grávatns, þar sem svartvatni er safnað og ekið burt og það síðan nýtt fjarri vatninu til landgræðslu.

„Þetta er góð lausn fyrir Mývatn og fyrir umhverfið," segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra. „Ávinningurinn við þetta er þríþættur; álag á lífríki Mývatns minnkar, næringarefnin eru nýtt sem áburður til landgræðslu og þessi lausn er hagkvæmari en þær lausnir sem hafa lengst af verið á borðinu. Hér er varúðarreglan virkjuð og hagsmunir náttúrunnar hafðir í fyrirrúmi."

„Með þessari viljayfirlýsingu er staðfestur ríkur vilji ríkisstjórnarinnar til að koma að þessu mikilvæga verkefni með heimamönnum" segir Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra.

„Ein helsta forsenda fyrir aðkomu ríkisins að málinu er hið einstaka lífríki Mývatns- og Laxársvæðisins, sem nýtur verndar að lögum en Mývatn var fyrsta svæðið sem Ísland tilkynnti til alþjóðlegrar skrár um verndun votlendis á grundvelli Ramsar-sáttmálans. Það er sérstakt gleðiefni hversu vel heimamenn hafa haldið á þessu verkefni í samstarfi allra aðila. Þannig hefur verið fundin hagkvæm og umhverfisvæn lausn með aðkomu íslenskra sérfræðinga á fjölmörgum sviðum, allt frá verkfræði til landgræðslu."

Umræða hefur verið um ástand lífríkis í Mývatni um nokkra hríð, meðal annars á Alþingi. Vísindamenn hafa lýst yfir áhyggjum að innstreymi næringarefna af mannavöldum kunni að ýta undir bakteríublóma og fleiri neikvæða þætti í vistkerfi vatnsins. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið lét gera úttekt á fráveitumálum við Mývatn 2017 og í kjölfar hennar gerði Skútustaðahreppur umbótaáætlun, þar sem fram kom að sveitarfélagið taldi sig ekki geta hrint henni í framkvæmd án aðstoðar ríkisvaldsins, þar sem kröfur væru strangar og umbætur dýrar fyrir fámennt sveitarfélag. Í desember 2017 ákvað ríkisstjórnin að ganga til viðræðna við Skútustaðahrepp um mögulega aðkomu ríkisins að fráveitumálum. Skútustaðahreppur setti svo fram nýja umbótaáætlun, sem var samþykkt af heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra í mars. Í kjölfar þess var gengið frá samkomulagi um aðkomu ríkisvaldsins að umbótaáætluninni, verkaskiptingu aðila og fjármögnun. Það samkomulag var formfest í viljayfirlýsingunni sem ritað var undir um liðna helgi. */MÞÞ*



Frá Handverkshátíð í Eyjafirði 2016. Myndir / MÞÞ

Undirbúningur Handverkshátíðarinnar í Eyjafirði í fullum gangi:

„Hátíðin er stökkpallur fyrir handverksfólk"

Handverkshátíðin í Eyjafjarðarsveit er ein af gamalgrónustu og fjölsóttustu sumarhátíðum landsins og verður hún haldin í 26. sinn dagana 9.–12. ágúst næstkomandi.

Eitt af því sem skapar þessum viðburði sérstöðu er mikil þátttaka fólks í félagasamtökum í Eyjafjarðarsveit í undirbúningi og framkvæmd hátíðarinnar og leggja þar allir aldurshópar hönd á plóg; hvort heldur er í veitingasölu, uppsetningu og frágangi sýningarbúnaðar, miðasölu eða öðru því sem leysa þarf til að hátíðin takist sem best.

Stökkpallur fyrir handverksfólk

„Við leggjum okkur alltaf fram um að þróa viðburðinn í takt við tíðarandann og þarfir sýnenda og gesta hverju sinni," segir Dóróthea Jónsdóttir, sem sæti á í sýningingarstjórn Handverkshátíðarinnar en að baki sýningunni stendur sveitarfélagið Eyjafjarðarsveit.

„Markmiðið með sýningunni er að laða til okkar sýnendur með fjölbreytt handverk, sýna gestum þá miklu grósku, metnað og fagmennsku sem er í íslensku handverki og hvernig það þróast á hverjum tíma. Þetta tel ég að hafi tekist vel á þessum aldarfjórðungi sem Handverkshátíðin hefur verið haldin og ég er ekki í vafa um að hátíðin er og hefur verið stökkpallur fyrir handverksfólk. Það er líka mjög gleðilegt að sjá hversu víða af landinu handverksfólk kemur til að sýna og selja sitt handverk á hátíðinni og þannig má fullyrða að Handverkshátíðin er í sjálfu sér mikið og gott framlag til atvinnunýsköpunar víða um land," segir Dóróthea.



Í aðalsýningarsal Handverkshátíðarinnar á komandi sumri verður gerð breyting á fyrirkomulagi sýningarkerfisins sem bæði eykur rými fyrir gesti og býður fleiri möguleika í framsetningu fyrir sýnendur.

Enn fleiri möguleikar fyrir sýnendur

Í aðalsýningarsal Handverkshátíðarinnar á komandi sumri verður gerð breyting á fyrirkomulagi sýningarkerfisins sem bæði eykur rými fyrir gesti og býður fleiri möguleika í framsetningu fyrir sýnendur.

„Vegna fjölda gesta sem heimsækja sýninguna þá hafa þeir sem framleiða fáa muni ekki séð hag í því að koma en núna er kominn vettvangur fyrir þá til þátttöku. Við hyggjumst bjóða upp á sýningarsvæði fyrir þá sem vilja jafnvel koma með örfáa muni, sýna og taka við pöntunum. Þar með er líka hægt að koma með ferska strauma og kanna áhuga kaupenda. Við höfum í röðum sýnenda þaulvana aðila sem hafa mikið vöruúrval og mikinn lager fyrir sína sölu en viljum líka ná til þeirra sem vilja sýna sitt handverk og taka niður pantanir. Líkt og á öðrum sviðum hefur margt handverksfólk tekið vefverslanir í sína þjónustu og þá er Handverkshátíðin tilvalin kynningarvettvangur," segir Dóróthea og bendir einnig á þann mikilvæga þátt sýningarinnar sem felst í tengslamyndun innan sýnendahópsins.

Umsóknarfresti að ljúka

Líkt og áður verður bændamarkaður opinn á sýningarsvæði Handverkshátíðarinnar, veitingasala, kvöldvaka á sínum stað með skemmtilegri dagskrá og margt annað sem gleður augu, eyru og maga!

Umsóknarfrestur um þátttöku í sýningunni stendur til 15. apríl næstkomandi og er hægt að sækja um á heimasíðu hennar, handverkshatid.is. Dóróthea segirst eiga von á góðri þátttöku sem fyrr.

„Handverkshátíðin er í hugum margra viðburður sem þeir láta alls ekki framhjá sér fara," segir hún.

/MÞÞ

INNRÉTTINGAR

Spinder

Spinder fjósainnréttingar eru hannaðar og prófaðar eftir ströngustu gæðakröfum og miða að velferð bæði dýra og manna. Áralöng reynsla hefur leitt af sér innréttingakerfi sem auðvelt er að aðlaga að nánast öllum þörfum nútímafjósa.

Við afgreiðum stíur, jötugrindur og milligerði í mörgum stærðum og gerðum og í flestum tilfellum er afgreiðslutíminn stuttur og varan flutt heim í hlað.

Hafðu samband:
bondi@byko.is



byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Votrými
Píplulagningaþjónusta
Breytingar • Endurlagnir • Nýlagnir
votrymi@votrymi.is
Sími 6234445

AÐALFUNDUR BEINT FRÁ BÝLI

Aðalfundur *Beint frá býli* fer fram á Brjánslæk á Barðaströnd laugardaginn 14. apríl og hefst kl. 13.

Venjuleg aðalfundarstörf og fræðsluerindi.

Að loknum fundi verður skoðunarferð með ábúendum um svæðið og m.a. sagt frá nýrri kjötvinnslu sem þau eru að taka í notkun.

Kaffiveitingar í fundarhléi.

Allir velkomnir!

Stjórnin.

BEINT FRÁ BÝLI

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðs-menn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Bústólpi
FÓÐUR OG ÁBURÐUR

Ný og betri Kraftblanda

Inniheldur nú Effekt Midi Island steinefnablönduna vinsælu.

Kraftblanda-30

30% fiskimjöl
Óerfðabreytt hráefni
Lífrænt selen

Kraftblanda-15

15% fiskimjöl
Óerfðabreytt hráefni
Lífrænt selen



Bústólpi ehf · fóður og áburður · 600 Akureyri · bustolpi@bustolpi.is · Sími 460 3350 · Fax 460 3351

Bændablaðið Kemur næst út 26. apríl

Er rafmagnsvespan orðin slöpp?
Þá færðu nýja rafgeyma í hana hjá okkur á frábæru tilboðsverði!



X 4

Á aðeins kr. 23.950,-



HÁGÆÐA OLÍA Á ÖLL TÆKI. **FÁÐU TILBOÐ** Í 60L & 208L TUNNUR
MANNOL
Advance Lubrication Technologies

Sjá nánar á www.automatic.is

Automatic ehf

Smiðjuvegi 11, 200 Kópavogi

Sími: 512 3030

pantanir@automatic.is

automatic ... gengur vel

Ráðrík kannar viðhorf íbúa í A-Hún. til sameiningar:

Atvinnumál fyrirferðarmest í sameiningarumræðunni

Ráðrík ehf. hefur efnt til sex opinna funda í Austur-Húnavatnssýslu til að kanna viðhorf íbúanna til þess að sameina sveitarfélögin.

Fundarsókn fór fram úr björtustu vonum en alls mættu á þriðja hundrað manns á fundina. Það var misjafnt hvaða málaflokkar brunnu á íbúum og fór það eftir því hvar í sýslunni var fundað. Til að mynda voru fjallskil ofarlega á baugi í Húnavatnshreppi og Skagabyggð. Jafnframt brunnu skólamálin á íbúum Húnavatnshrepps. Þá voru íþrótta- og æskulýðsmálin rædd og velt upp möguleikum sem gætu myndast í sameinuðu sveitarfélagi.

Fjölbreyttara atvinnulíf

Atvinnumálin voru þó fyrirferðarmest í umræðunni og þá sérstaklega sóknarfæri í ferðaþjónustunni sem þykir óplægður akur í sýslunni. Uppbygging á fjölbreyttara atvinnulífi er forsenda viðsnúnings í mannfjöldaþróun í sýslunni, að því er fram kemur í frétt á vef huna.is.

Ráðgjafar hjá Ráðrík ehf. munu hitta sameiningarnefndina í lok mánaðarins og fara yfir stöðu mála. Þá verður gert hlé á vinnunni fram yfir sveitarstjórnarkosningar sem fram fara þann 26. maí næstkomandi.

/MÞÞ

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook



RÚÐUR Í MIKLU ÚRVALI

EIGUM TIL Á LAGER RÚÐUR Í FLEST ALLAR GERÐIR DRÁTTARVÉLA – FRÁBÆR VERÐ

John Deere
Zetor
Case IH
McCormick
Steyr
Claas
Ford
Fiat
New Holland
Deutz-Fahr
Massey Ferguson

SÉRPÖNTUM RÚÐUR Í ALLAR GERÐIR DRÁTTARVÉLA MEÐ SKÖMMUM FYRIRVARA

VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.
www.VBL.is
REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000
AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600



Íbúaþingið markar upphaf að verkefni Byggðastofnunar, Brothættum byggðum, á Þingeyri í samstarfi við heimamenn, Ísafjarðarbæ og Vestfjarðastofu og er verkefnisstjórn skipuð fulltrúum þessara aðila.


Um 60 manns sóttu íbúaþing á Þingeyri:

Tveir megin drifkraftar í byggðaþróun

Ef samgöngur eru góðar, atvinnulífið öflugt og íbúar kraftmiklir, er samfélaginu á Þingeyri og við Dýrafjörð allir vegir færir. Þetta eru niðurstöður tveggja daga íbúaþings sem haldið var í Félagsheimilinu á Þingeyri nú nýverið.

Um sextíu manns tóku þátt í þinginu, sem hófst með því að sýnt var myndband um Þingeyri, unnið af nemendum á miðstigi grunnskólans, og nemendur tónlistarskólans komu fram.

Á allra næstu árum munu skapast ný tækifæri með opnun Dýrafjarðarganga og tilkomu ljósleiðara og spurning er hvernig íbúar vilja nýta möguleikana. Fjallað er um íbúaþingið á vef Byggðastofnunar. Samkvæmt umræðum á íbúaþinginu skiptir máli að byggja á því sem þegar er til staðar og orðið er rótgróið í samfélaginu en jafnframt að leita nýrra leiða og sýna framsækni til að leiða Þingeyri og nágrenni inn í framtíðina.



Um sextíu manns tóku þátt í þinginu.



Ef samgöngur eru góðar, atvinnulífið öflugt og íbúar kraftmiklir, er samfélaginu á Þingeyri og við Dýrafjörð allir vegir færir.

Fiskverkun undirstaðan en huga þarf einnig að nýsköpun

Fram kom að fiskverkun er undirstöðuatvinnugrein á Þingeyri og að renna þurfi styrkari stoðum undir hana, auk þess sem horft er til fiskeldis. Halda ætti áfram að þróa víkingaferðaþjónustu og nýta önnur sóknarfæri í ferðaþjónustu. Samhliða þurfi að auka aðra nýsköpun og skapa umhverfi fyrir frumkvöðla og minni fyrirtæki og þar bera íbúar miklar væntingar til Blábankans. Fjárfesta þarf í fólki og skapa enn betri skilyrði fyrir ungar fjölskyldur, t.d. með sveigjanleika í leikskóladvöl og auknu tómstundastarfi.

Þó nú styttist í hin langþráðu Dýrafjarðargöng, þarf jafnframt að bæta vetrarþjónustu, marka stefnu um Þingeyrarflugvöll og huga að umferðarmálum í þorpinu og næsta nágrenni. Lagning ljósleiðara er í farvegi og æskilegt að hann verði kominn fyrir árið 2020.

Styrkja þarf samvinnu

Styrkja þarf samvinnuna milli íbúa við Dýrafjörð og stjórnsýslunnar á Ísafirði og lofaði samtalið á íbúaþinginu góðu. Gengið er út frá því að áfram verði hátt hlutfall skammtímaíbúa, sem margir vildu líta á sem styrkleika, og m.a. kanna hvort eigendur frístundahúsa væru tilbúnir að bjóða þau til leigu yfir afmarkaðan tíma.

Á þinginu var rætt um umhverfismál og stefnu til framtíðar, með áherslu á sjálfbærni og fram kom mikill metnaður fyrir fallegri ásýnd og snyrtimennsku. Auðlegð í sögu Dýrafjarðar var kortlögð og einnig var varpað fram hugmyndum um söfn, markaðssetningu á afurðum úr héraði og rými fyrir listagallerí, fyrir dýrfirska listamenn og gesti.

Öll vötn til Dýrafjarðar

Íbúaþingið markar upphaf að verkefni Byggðastofnunar, Brothættum byggðum, á Þingeyri í samstarfi við heimamenn, Ísafjarðarbæ og Vestfjarðastofu og er verkefnisstjórn skipuð fulltrúum þessara aðila. Nú verður unnin samantekt um skilaboð þingsins, sem verður, ásamt stöðugreiningu, efniviður fyrir verkefnisáætlun, með framtíðarsýn og markmiðum fyrir byggðaþróunarverkefni sem staðið getur í allt að fjögur ár.

Á næstu árum munu opnast margvísleg tækifæri þegar Þingeyri verður miðsvæðis á Vestfjörðum og getur byggðaþróunarverkefnið verið farvegur fyrir þá sókn, enda var því á þinginu gefið heitið „Öll vötn til Dýrafjarðar“.

/MÞÞ



Sveitarfélög í Austur-Húnavatnssýslu:

Góð fjárhagsstaða og eignir upp á 4,5 milljarða

Fjárhagsstaða fjögurra sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu sem hyggja á sameiningu er góð, en öll skiluðu þau jákvæðri niðurstöðu fyrir árið 2016, að því er fram kemur í minnisblaði sem er að finna á nýjum vef um sameiningarmál í sýslunni. Heildareignir sveitarfélaganna í Austur-Húnavatnssýslu ásamt byggðasamlögum námu samtals um 4,5 milljörðum í loks ársins 2016.

Þegar skuldir og skuldbindingar sveitarfélaganna eru brotnar niður á íbúa er nokkur munur á stöðunni eftir sveitarfélögum. Hæstar voru skuldirnar í Blönduósbæ og námu þær um 1,4 milljónum á íbúa árið 2016. Á Skagaströnd námu þær um 960 þúsund krónur á íbúa, í Húnavatnshreppi 471 þúsund á íbúa og tæpar 260 þúsund á íbúa í Skagabyggð.

Hæstu tekjurnar í Húnavatnshreppi

Hæstar tekjur á hvern íbúa árið 2016 voru í Húnavatnshreppi og námu þær rúmri milljón króna. Næsthæstar voru tekjurnar á Skagaströnd, eða um 986 þúsund á hvern íbúa, á Blönduósi námu þær 974 þúsund krónum og í Skagabyggð 962 þúsund á íbúa.

Í lok árs 2016 voru hæstar eignir á hvern íbúa á Skagaströnd, eða rúmar 3 milljónir, og næsthæstar á Blönduósi, tæpar 2 milljónir. Eignir á hvern íbúa í Húnavatnshreppi námu tæplega 1,3 milljónum og tæpri milljón í Skagabyggð.

Nýr upplýsingavefur

Nýr upplýsingavefur um sameiningarmál sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu hefur verið opnaður en þar má finna upplýsingar af ýmsu tagi, fréttir og tilkynningar, fundargerðir, minnisblöð og hvaðeina sem tengist mögulegri sameiningu sveitarfélaganna fjögurra, Húnavatnshrepps, Blönduósbæjar, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar. Vefslóðin er sameining.huni.is.

Upplýsingavefurinn er samstarfsverkefni Húnahornsins, sameiningarnefndar A-Hún. og Ráðrík ráðgjafa. Hann er í umsjón og á ábyrgð Húnahornsins – fréttavefs Húnvetninga í 17 ár. Upplýsingar sem á vefinn koma eru frá sameiningarnefndinni og Ráðrík ráðgjöfum. Aðra almenna textavinnslu sér Húnahornið um. Ljósmyndirnar í haus vefsins voru teknar af Höskuldi B. Erlingssyni. Vefurinn er einnig hannaður fyrir snjalltæki og er því mjög aðgengilegur í t.d. sjallsímum.

Opnir fundir fyrir íbúa

Svanfríður Jónasdóttir hjá Ráðrík ráðgjöf segir á vef Húna upplýsingavefinn mjög mikilvægan til þess að allir geti fylgst með og kynnt sér þá vinnu sem er í gangi í tengslum við framtíðarskipan sveitarstjórnarmála í A-Hún. Hún segir mikilvægt að sem flestir hafi tök á að kynna sér sameiningarmálefnin, geti rætt málin og komið sínum sjónarmiðum á framfæri.

Í undirbúningi er að halda opna fundi á sex stöðum í sýslunni strax eftir páska. „Þeir verða opnir öllum íbúum, þ.e.a.s. þú þarft ekki að mæta á fundinn sem er næstur þínu heimili, heldur getur sótt hvaða fund sem er til að taka þátt í umræðu um framtíðarskipan sveitarfélaganna í Austur-Húnavatnssýslu," segir Svanfríður. */MÞÞ*

ORKUSJÓÐUR

Orkusjóður auglýsir sérstaka styrki 2018

Ráðgjafarnefnd Orkusjóðs hefur ákveðið að styrkveitingar Orkusjóðs á árinu 2018 verði til verkefna samkvæmt b) lið 7. gr. reglugerðar nr. 185/2016 um Orkusjóð en þar segir:

„Styrkri til verkefna sem leiði til lægri kostnaðar við óniðurgreidda rafkyndingu húsnæðis og mannvirkja í eigu sveitarfélaga".

Til greina kemur meðal annars: Uppsetning varmadæla, uppsetning eða endurbætur hitastýringarkerfa og önnur verkefni sem leiða til minni raforkunotkunar við hitun.

Um er að ræða fjárfestingarstyrki, sem hæst geta numið 50% af áætluðum kostnaði við einstök verkefni, þó að hámarki 5 m.kr.

Við mat á umsóknum verður sérstaklega litið til:
- Að verk- og kostnaðaráætlun sé vönduð og ítarleg.
- Að raunsætt mat sé lagt á áætlaðan raforkusparnað.
- Hlutfalls orkusparnaðar miðað við kostnað

Umsóknarfrestur er til 18. Apríl 2018

Skrifleg staðfesting á afgreiðslu umsókna mun berast umsækjendum eigi síðar en 18. júní 2018

Umsóknum skal skila rafrænt af vef Orkustofnunar **www.os.is** undir Orkusjóður

Nánari upplýsingar á **www.os.is** og hjá Orkusjóði, Rangárvöllum við Hlíðarfjallsveg, 603 Akureyri. Símar 569 6083 – 894 4280 – Netfang jbj@os.is

ORKUSTOFNUN ORKUSJÓÐUR

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 26. apríl

Er lélegt rennsli á heitu vatni í bústaðnum?

Gjöfull Varmagjafi

Ekki sætta þig við það!

- Eykur þrýsting á heitu neysluvatni
- Bætir gæði neysluvatns í bústaðnum
- Minnkar hættu á tjóni af völdum hitaveitu



„Það er skemmst frá því að segja að ábatinn af þessari viðbót kom strax í ljós þar sem þrýstingur á heitu neysluvatni jókst til muna og varð sambærilegur á við þrýsting á köldu vatni. Þetta var mikil bragarbót frá þeim litla þrýsting sem 3 ltr/mín veita."

Axel Óli Ægisson viðskiptavinur í Grímsnesi

TENGI

Hafðu samband við sölumenn Tengis í síma 414 1000

eða kynntu þér málið á www.gjofull.is

Uppsett sýnishorn er hjá sölumönnum Tengis að Smiðjuvegi 76

Ábúendur á Brunnhóli við Hornafjörð standa í stórræðum:

Ferðaþjónustubændur blómstra við rætur Vatnajökuls



Myndin er frá árinu 2015 sem sýnir vel afstöðu húsa og þar lætur gamli Brunnhóll lítið yfir sér. Eftir framkvæmdirnar á árinu 2017 verður búið að byggja á þrjá vegu umhverfis íbúðarhúsið, sem byggt var laust fyrir 1960 og í gamni og alvöru er sagt á bænum að það sé hjartað í starfseminni en þar er eldhús, búr og annað er tengist daglegum rekstri. Fyrst var byggt til vesturs 1992, gistiálma, til norðurs 2011, veitingasalur 2017 til suðurs, starfsmannaíbúðir og önnur starfsmannaaðstaða.

Ekkert lát virðist vera á uppgangi í ferðaþjónustunni og fara ábúendurnir á Brunnhóli, við rætur Vatnajökuls, ekki varhluta af því blómaskeiði sem verið hefur undanfarin ár. Hjónin Sigurlaug Gissurardóttir og Jón Kristinn Jónsson keyptu jarðirnar Árbæ og Brunnhól í Austur-Skaftafellssýslu árið 1980, en þá var þar stundaður blómlegur kúabúskapur og hefur svo verið allar götur síðan, nú í eigu sonar þeirra, Sæmundar Jóns.

Fljótlega sáu þau þó tækifæri í ferðaþjónustunni og í ónotuðu íbúðarhúsi buðu þau upp á þjónustu fyrir ferðamenn frá árinu 1986. Eftirspurnin á þeim tíma var ekkert í líkingu við það sem er í dag, en dafnaði þó jafnt og þétt. Framkvæmt var í takt við eftirspurn.

Á þeim tæplega 40 árum sem þau hafa búið á Hornafirði, þar af boðið upp á gistingu í 33 ár, hefur mikið vatn runnið til sjávar. Þrátt fyrir gott orðspor af gistingunni þá er það þó heimagerði jöklaísinn sem framleiddur er úr mjólk af kúabúinu sem er í dag ímynd staðarins. Mikill fjöldi ferðamanna kemur dag hvern til að fá sér ís og framkvæmdir eru á fullu við fjölgun á gistirýmum staðarins.

„Dagarnir fljúga hér áfram og ég rembist eins og rjúpan við staurinn að láta enda ná saman. Við erum að bæta við 12 herbergjum við vesturendann sem verða öll með útsýni að jöklum. Húsið verður byggt úr límtréseiningum sem IDEX flytur inn frá Austurríki og það verður farið að reisa þær strax eftir páska, við erum bjartsýn á að geta tekið herbergin í notkun í kringum 20. júní ef allt gengur upp,“ segir Sigurlaug, sem hafði átt annasaman dag rétt fyrir páska þegar blaðamaður Bændablaðsins náði af henni tali enda vegurinn um Skeiðarársand lokaður sem þýddi alls kyns erindi og reddingar vegna ferðamanna á Brunnhóli þann daginn.



Hjónin Sigurlaug Gissurardóttir og Jón Kristinn Jónsson á Brunnhóli í Austur-Skaftafellssýslu hafa boðið upp á þjónustu fyrir ferðamenn í rúmlega 30 ár og standa nú í framkvæmdum til að stækka gistirými staðarins.



Það hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan Sigurlaug og Jón Kristinn keyptu Brunnhól og Árbæ árið 1980 eins og sjá má á þessari mynd.

Liður í kynslóðaskiptum

Á Brunnhóli er unnið eftir Agenda21-hugmyndafræðinni þar sem lögð er áhersla á hágæðaþjónustu og virðingu fyrir umhverfinu. Ábúendurnir leggja einnig ríka áherslu á að skila landinu af sér óspilltu til komandi kynslóða.

„Þessar framkvæmdir eru liður í kynslóðaskiptum því við Jón erum hægt og hljótt að draga okkur í hlé, minnka við okkur vinnuna niður í fullan vinnudag til að byrja með.

Á sama tíma erum við að bæta starfsmannaaðstöðuna hjá okkur, við erum með 5 starfsmenn yfir veturinn og þeir fara upp í 12–14 á sumrin. Eftir framkvæmdirnar getum við boðið upp á 32 herbergi. Við höfum verið lengi í þessu og erum með fastar ferðaskrifstofur sem beina meginþorra af gestunum til okkar en við verðum einnig að vera á www.booking.com,“ útskýrir Sigurlaug og segir að mikil breyting hafi orðið á kauphegðun ferðamanna á allra síðustu árum.

Aðspurð um veitingasöluna hjá sér segir hún: „Við höfum ekki auglýst veitingasöluna beint og erum þar fyrst og fremst að þjóna okkar gestum, en sífellt fleiri detta þó inn fyrirvaralaust.“ Það tengist ekki síst íssölunni sem hefur vaxið jafnt og þétt og þau hafa kosið að líta á sem afþreyingu en ekki veitingasölu.

„Um íssöluna má segja eins og allt annað að orðsporið er besta auglýsingin enda hefur allt frá upphafi ekki verið lagt í mikinn kostnað við auglýsingar, en við alla tíð verið virkir þátttakendur í sölu- og kynningarkerfi Ferðaþjónustu bænda, nú Hey





Framkvæmdir á Brunnhóli, unnið við þakfrágang á starfsmannahúsi. Jón Kristinn Jónsson á Brunnhóli og Salómon, bróðir hans, hjálpast að við vinnuna.



„Jarðvegsframkvæmdir í bullandi rigningu en það varð að nýta hverja stund sem gafst í það þar sem frostið í vetur var bara alls ekki okkur vinveitt. Og þá þurfti bæði útsjónarsemi og úrræðagóða vélamenn til að sæta færis," segir Sigurlaug.



Vinna við gólfhitakerfið, en slíkt er í öllum gólfum á gistiheimilinu. Í dag er vatnið hitað með rafmagni en nú er fyrirhugað að leggja pípur í jörð og koma upp varmaskipti, svokallað vatn í jörð, og segir Sigurlaug það muni verða spennandi að fara í þá vinnu. Auk þess verður komið upp loftskiptakerfi sem endurnýtir allan hita úr nýju herbergjunum og vonandi til framtíðar öllu húsinu.

Iceland sem og í landshlutabundnu markaðssamstarfi. Og síðast en ekki síst heima í héraði, í ríki Vatnajökuls. Við höfum aldrei átt okkar eigin bækling, en látið gera nafnspjöld og póstkort sem gestir geta tekið með sér til minningar um dvölina," segir Sigurlaug en ísborðið er opið alla daga frá 10–22 og drjúgt er að gera í því og fáir dagar sem enginn kemur.

„Við höfum þó valið að hafa lokað í allt að þrjá mánuði yfir veturinn, í nóvember, desember og janúar. Við höfum ekki farið út í að leyfa gestum að koma ótakmarkað inn í fjósið enda spyr maður sig hvort slíkt sé æskilegt út frá heilbrigðissjónarmiðum. Allur er varinn góður í þeim efnum. Þess í stað hafa eftirlitsmyndavélar sem eru í fjósinu verið tengdar inn á sjónvarpskerfið og þar geta gestir fylgst með því sem er að gerast í fjósinu, allan sólarhringinn."

Án ferðaþjónustu – engin byggð

Þegar Sigurlaug var spurð um hver væri hennar sýn á þolmörkum ferðaþjónustunnar, sagði hún að áralangt starf hennar í félagsmálum ferðaþjónustunnar hefði meðal annars kennt henni að aðstæður eru mjög misjafnar milli landshluta og jafnvel innan héraða.

„Stóra verkefnið framundan er að vinna markvisst að því að gera það eftirsóknarverðara og auðveldara að sækja heim þau svæði sem þola meira álag. Veigamikill þáttur hér eru bættar samgöngur, hvort heldur er með betri vegum eða með flugi, annaðhvort beint til landsvæðanna eða það sem ég hef raunar alltaf sagt, að tengiflug frá Keflavík til annarra flugvalla vítt og breitt um landið væri skynsamlegur kostur. Satt að segja hef ég fengið bágt fyrir þá eindregnu skoðun mína að innanlandsflugið ætti að vera í Keflavík eða nágrenni, það muni auka hlut ferðaþjónustunnar úti um allt land," útskýrir Sigurlaug og segir jafnframt:

„Og gleymum ekki samspili búsetu um allt land og ferðaþjónustu. Án byggðar, engin ferðaþjónusta, og um leið langar mig að segja, án ferðaþjónustu, engin byggð. Hæfileg blanda af hefðbundinni atvinnustarfsemi og ferðaþjónustu er það sem gestir okkar vilja.

Annar stór þáttur er auðvitað staða krónunnar en það er augljóst að hún gerir það að verkum að samkeppnisstaða Íslands er veikari og í stað þess að koma ekki til landsins, dvelja gestir skemur og álag á þá staði sem næst eru innkomuleiðum verða fyrir auknu álagi. Þetta þarf einfaldlega að laga." */ehg*

RÁÐSKONA ÓSKAST Í SVEIT

Óskað er eftir því að fá að taka viðtöl við konur sem störfuðu sem ráðskonur á sveitabæjum frá 1950–2000.

Tilgangur viðtalanna er að afla gagna fyrir doktorsrannsókn undirritaðrar í sagnfræði, en markmið rannsóknarinnar er að varpa á ljósi á störf íslenskra ráðskvenna á þessu tímabili.

Dalrún J. Eygerðardóttir
Netfang: dalrunsaga@gmail.com
Sími: 664-7083

SuperGrass Advanced Silage Wrap 5 plus
Framúrskarandi 5 LAGA rúlluplast



FORSALA Á ASPLA PLASTI HAFIN
Til 20. apríl
Leitið upplýsinga hjá sölumönnum



VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.
www.VBL.is
REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000
AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600



VÖNDUÐ JEPPADEKK
Á FRÁBÆRU VERÐI

STÆRÐ 315/70R17
49.600,- kr.

STÆRÐ 285/70R17
46.900,- kr.



ÞÚ FÆRÐ JEPPADEKKIN HJÁ OKKUR!

ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS

ARCTIC TRUCKS | KLETTHÁLSI 3 | 110 REYKJAVÍK | 540 4900
WWW.ARCTICTRUCKS.IS

MENNING & LISTIR



Anna Englund, formaður Forystufjárfélags Íslands, og Daníel Hansen, forstöðumaður Fræðaseturs um forystufé, við bás Fræðafélags um forystufé. Myndir / Anna Englund.

Fårfest í Kil:

Kindahátíð í Kil

Í upphafi mars síðastliðinn var haldin mikil kindahátíð í Kil í Svíþjóð. Þetta er í tólfta sinn sem það er haldið. Í raun og veru er þetta stór landbúnaðarsýning. Í fyrsta sinn var íslenskur sýnandi með en Fræðafélag um forystufé var með sölu- og kynningarbás á hátíðinni.

Sýningin er haldin í grunnskóla í Kil en á þessum tíma eru nemendur í vetrarfríi. Nú er svo komið að um 500 umsóknir bárust um aðstöðu til að kynna sína vöru en aðeins var hægt að úthluta 150 sýningaraðstöðu. Sýningin er bæði inni og á lóðinni utan við skólann.

Sauðfé og afurðir þess

Allt sem varðar sauðfé og nýtingu afurða þess var þarna hægt að sjá. Úti voru sýndar sænskar kindur auk girðingaefnis, jarðvinnslutækja og tækja til skógræktar og heyverkunar. Inni voru kynningarbásarnir allir eitthvað tengdir kindum, bændur voru að kynna og selja sínar kjötafurðir, osta og fleira matarkyns.

Öll möguleg tæki til nýtingar ullar voru til sýnis, m.a. margar tegundir af vefstólum, rokkum, kömbum og snældum. Sérstaklega áhugavert var að sjá bás hjá ungum manni sem var að smíða og hanna rokka. Hann er að hanna einfaldan og léttan rokk sem hann fer með til þróunarlandanna og kennir konum þar að nýta hár af kindum, geitum og fleiri dýrum og búa til fallega framleiðslu.

Margir þekktir hönnuðir voru með bása þarna og sást það að fólk stóð í biðröð til að ná í framleiðslu þeirra. Spunaverksmiður voru með sína framleiðslu, jurtalitunarfólk, prjónafólk og margt fleira. Gaman er að sjá hve mikill metnaður er hjá fólki í að nýta ullina og fólk stolt að kynna og sýna sína framleiðslu, sérstaklega þeir sem nýta sína eigin ull til framleiðslu á tískuvörum.

Tískusýningar þrisvar á dag


Haldnar voru miklar tískusýningar þrisvar á dag þar sem sýningarfólk



Biðraðir mynduðust á morgnana, rétt áður en hleypt var inn. Í baksýn sést í hluta rútubifreiðanna sem komu víða að.



Yfirlitsmynd yfir íþróttasalinn. Bás Fræðaseturs um forystufé er hægra megin, efst í horninu.



Utandyra voru kindur í hestakerrum til sýnis.



Grískur klæðskeri og hönnuður að segja frá því hvernig hann nýtir eingöngu afganga í sína hönnun. Á gólfinu sést kjóll sem hann hannaði og saumaði.



Einkenni sýningarinnar voru þæfðar skreytingar á greinum. Þeim var stillt upp meðfram götum inn í Kil, alveg að sýningarstaðnum svo fólk rataði. Kindurnar eru dæmi um hvernig fólk nýtir gærurnar og greinar trjáa saman.

á öllum aldri og af öllum stærðum sýndi fatnað eftir þá hönnuði sem voru með sýningarbása á staðnum. Þessi tískusýning var eins konar leiksýning þar sem leikkona spilaði og söng undir allan tímann lög sem voru í anda þess sem sýnt var og sýnendur léku eins konar leikrit. Uppselt var á allar sýningarnar.

Margir aðrir atburðir voru þar sem fram kom fólk úr samfélaginu. Það söng, dansaði, spilaði á hljóðfæri og ýmislegt fleira. Það má segja að þetta sé orðin stór menningarhelgi þar sem allir fá eitthvað fyrir sitt áhugasvið.

Íslenskur sýnandi með í fyrsta sinn

Í fyrsta sinn var íslenskur sýnandi þar en Fræðafélag um forystufé var þarna með sölu- og kynningarbás. Við vorum valin úr þessum stóra hópi umsækjenda. Þegar verið er að velja úr umsóknum er reynt að hafa sem fjölbreyttustu sýnendur. Einnig eru eins konar dómarar sem dæma hvort básarnir standast þær kröfur sem settar eru upp.

Alla dagana er boðið upp á mörg námskeið, allt frá fæðingarhjálp

hjá sauðfé upp í undirbúning véla fyrir vor- og sumarvinnuna. Flest snúast þó námskeiðin um nýtingu ullarinnar. Upppantað var á öll námskeiðin löngu áður en hátíðin hófst.

Fyrirlestrar og fræðsla

Einnig eru í gangi fyrirlestrar um ýmis efni tengdum kindum alla dagana og getur fólk mætt þar án þess að bóka sig. Fulltrúar Fræðaseturs um forystufé héldu fyrirlestur sem vakti athygli. Margar spurningar vöknuðu um forystuféð. Sums staðar í Noregi og Svíþjóð eru svo mikil afföll af lömbum á vorin vegna villidýra að bændur eru að gefast upp.

Margir bændur ræddu um það hvort það sé ekki tilraunarinnar virði að prófa forystufé á þessum slóðum og kanna hvort þær vara fjárhópinn við aðsteðjandi hættum. Þarna er ef til vill eitthvað sem getur orðið raunveruleiki í framtíðinni. Áheyrendum þótti einnig athyglisvert hve mikið við nýtum af skepnunni, þ.e. ull, skinn, horn, bein, klaufir, mör og kjöt. Var að heyra að þarna lægju ef til vill möguleikar framtíðarinnar, sérstaklega hjá þeim sem eru með litlar hjarðir.

Mikil aðsókn

Á morgnana voru langar biðraðir utan við skólann, fólk hafði komið í hundraðavís í rútum alls staðar að til að njóta þessarar helgar. Við hittum fólk frá Noregi, Finnlandi, Danmörku, Þýskalandi auk Svía sem voru þarna eingöngu vegna sýningarinnar, enda eru skipulagðar ferðir frá ferðaskrifstofum í þessum löndum.

Heilmikil umgjörð er í kringum svona landbúnaðarsýningu og koma margir þar að. Það þarf að stýra inn á bílastæði, sjá um sölu inn á svæðið, halda utan um alla fyrirlestra og námskeið og margt fleira. Hópur fólks gerir þetta að mestu í sjálfboðavinnu.

Daníel Hansen, *forstöðumaður Fræðaseturs um forystufé, og* ***Anna Englund,*** *formaður Forystufjárfélags Íslands.*



Sænsk bóndakona sýnir afurðir sínar sem eru unnar úr gærum af hennar eigin fé. Það var eins gott hjá henni að vera vel klædd í mínus 15° frosti.



Hér er blandað saman gamalli hefð í nýtingu skinns og bands. Gólfmottur, veggmottur og fleira.



Mikil vakning er á Norðurlöndunum í því að halda á lofti þjóðlegri hefð í listmunagerð. Hér sjást gömul munstur sem ung kona er farin að markaðssetja í margs konar útsaumi.

ÞITT KERFI
....beint í símann
ABUS
Eftirlitskerfi fyrir;
Fjósið
Fjárhúsið
Hesthúsið
Sumarhúsið
TILBOÐ 56.700.- m/vsk
IceCom
Íslenska fjarskiptafélagið
Sími 414 4400 - www.icecom.is - Lyngás 10 - 210 Garðabær


Bylting í hreinlæti!
www.i-teamglobal.com
i-mop
i-mop XL gólfþvottavélin auðveldar þrif, sparar tíma og léttir lífið. Hentar fyrir fyrirtæki og stofnanir
i-vac 6 ryksugan er fyrir mikla notkun. Hún er hönnuð með fagfólki sem gerir þessa ryksugu að frábæru vinnutæki
Vesturhrauni 3 - 210 Garðabær
480-0000 - sala@aflvelar.is - www.aflvelar.is
AFLVÉLAR

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir
• Stuttur afhendingartími
• Hágæða íslensk framleiðsla
• Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
• Vindstyrktar hurðir
Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir
Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf
VB HURÐIR
Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

WALTERSCHEID
HÆGT ER AÐ KAUPA STAKA HLUTI Í DRIFSKAFTAHLÍFAR OG KÚPLINGAR
VANDAÐIR KROSSAR
BENZI & DI TERLIZZI
DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI
ERU ÖRYGGISMÁLIN Í LAGI Á ÞÍNUM BÆ?
GOTT ÚRVAL AF ÖRYGGISHLÍFUM - HAGSTÆTT VERÐ
VB LANDBÚNAÐUR ehf.
www.VBL.is
REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000
AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600

Gamli traktorinn




Pampa frá landi tuðrusnillinga

Það hafa víða verið smíðaðar dráttarvélar í gegnum tíðina og Argentína er þar engin undantekning. Íslendingar eru þó trúlega uppteknari við það í dag að landslið Argentínu í knattspyrnu verður fyrsti mótherji mörlandans í heimsmeistaramótinu sem fram fer í Rússlandi í júní.

Aðal skytta Argentínu er knattspyrnusnillingurinn Lionel Andrés Messi Cuccittini. Ekki er vitað til að hans fjölskylda hafi verið viðriðin dráttarvélasmíði, en mögulega hefur faðir hans og örugglega afi þekkt þá merku dráttarvélategund Pampa. Þessi tegund var smíðuð í bænum Cordoba í Argentínu af flug- og sjóiðnaðarverksmiðju ríkisins (Industrias Aeronáuticas y Mecánicas del Estado - I.A.M.E.) Verksmiðjan var stofnuð árið 1952 upp úr flugiðnaðarstofnun Argentínu (Institute Aerotecnica).





Lionel Andrés Messi Cuccittini.

og hét þá Dirección Nacional de Fabricaciones e Investigaciones Aeronáutica (D.I.N.F.I.A.), eða Flug- og sjórannsóknarstofnun landsins.

Árið 1959 keypti ítalski bíla- og dráttarvélaframleiðandinn Fíat fyrirtækið og fékk það þá nafnið Fábrica de Tractores FIAT-Concord. Var þá hafin framleiðsla á Fiat-Concord dráttarvélum samkvæmt leyfi frá móðurfélaginu Fiat.

Árið 1961 urðu enn tíðindi í dráttarvélaframleiðslusögu Argentínu þegar vélaframleiðandinn Perkins keypti verksmiðjuna. Í kjölfarið var hætt að framleiða þar dráttarvélar árið 1963.

Eflaust hefur gamla Pampa vélin verið mikill kjörgripur fyrir argentínska bændur. Öflug var hún á þess tíma mælikvarða með öll sín 60 hestöfl undir húddlokinu. Eitt helsta einkenni þessara véla var stórt svinghjól á hlið þeirra. Engum sögum fer af því að þurft hafi að sparka þeim í gang, enda Argentínumenn trúlega betri í því að sparka tuðrum í mark andstæðinga sinna. Við verðum svo bara að vona að snillingurinn Messi gleymi skotskónum sínum heima þegar hann mætir Íslendingum í sumar.

/HKr.



Var verksmiðjan sérstaklega sett á fót til að framleiða dráttarvélar og mótorhjól. Var fengið leyfi til að framleiða eftirmynd hinna þýsku Lanz Bulldog traktora.

Byrjað var að framleiða dráttarvélar í verksmiðjunni undir nafninu Papa T01 árið 1952 og voru þær framleiddar með sama sniði til 1955. Árið 1955 var svo hafin framleiðsla á Pampa T02 og var hún framleidd til 1956. Það var dráttarvél með 60 hestafla (45kW) mótor.





Fyrirtækið skipti síðar um nafn

UTAN ÚR HEIMI



Verður gras mannafóður í framtíðinni?

Það eru mikil og góð næringarefni í grasi en af náttúrunnar hendi er það ómeltanlegt fyrir mannfólk. Nú gera danskir vísindamenn tilraunir með að gera matvæli úr grasi fyrir fólk.

Vísindamaðurinn Daniel Nørgaard hjá Tækniháskólanum í Danmörku (DTU) á veg og vanda að rannsókninni sem hann hefur nú stundað í tvö ár. Hann rannsakar hvort hægt sé að búa til ætilegan mat úr grasprótínum.

Nýta næringarefnin í grasinu

Þrátt fyrir að gras sé mjög næringarríkt fæða sem inniheldur prótín, steinefni og hagstæðar omega-3 fitusýrur þá getur mannfólk ekki nýtt sér það sem fæðu án ákveðinna breytinga á því. Daniel notar nú ákveðna aðferð við að hreinsa gras til að ná út úr því þessum mikilvægu næringarefnum sem geta nýst okkur mannfólkinu.

„Ég þarf að hreinsa grasið og keyra það í gegnum djúspressunarvél. Á þennan hátt er það brotið niður vélrænt og verður að föstum trefjamassa og iðagrænum vökva með miklu prótíninnihaldi. Vökvann er síðan hægt að nota sem aukefni í matvæli fyrir fólk á meðan hægt er að nýta trefjamassann í dýrafóður fyrir jórturdýr," segir Daniel þegar hann lýsir vinnsluferlinu.

Í prótínbari, pasta og sælgæti

Af því að fólk getur ekki melt gras þá líkar því ekki við bragðið sem skapar ákveðnar áskoranir fyrir danska vísindamanninn.

„Við hrindum eiginlega frá okkur bragðinu af grasi af því að það er ekki hollt fyrir fólk að borða það í sínu náttúrulega formi. Það þýðir að ég þarf að vinna grasið svolítið mikið til að fela bragðið. Varan verður að innihalda að minnsta kosti 10% af grasprótíni til að hún verði meira en bara brella og að sama skapi verður hún að vera eitthvað sem uppfyllir dagsþörf neytandans. Í dag náum við allt að 6% af grasprótíninu áður en það fer að hafa áhrif á bæði bragð og lit svo þetta er ákveðin áskorun í ferlinu," segir Daniel en byrjað er að nota afurðir úr tilraunum hans í prótínbari, pasta og sælgæti.

Það er bæði ódýrt og einfalt að framleiða gras og því finnst danska vísindamanninum það góð nýting á landi og úrræðum að fólk borði einnig matvæli unnin úr grasi.

„Grasprótín getur verið prótínval úr plönturíkinu í staðinn fyrir kjöt og mysu og getur verið einn þáttur í að brauðfæða aukinn mannfjölda í heiminum með sjálfbærri matvælaframleiðslu."

/ehg – Norsk Landbrukssamvirke

Írskir bændur í fóðurvanda vegna slæms tíðarfars:

Hafa orðið að flytja inn hey frá Bretlandi

Óvenjulegt veðurlag hefur ríkt í Bretlandi og á Írlandi í vetur og vætutíð og kuldar hafa tafið verulega fyrir vorkomunni. Þá hafa bændur átt í vandræðum með að geta fóðrað nautgripi og sauðfé vegna bleytutíðar. Er þetta versta staða síðan í „fóðurkreppunni" svonefndu 2013.

Mikil rigningartíð um páskana jók enn á vanda bænda. Kuldi í jarðvegi og bleyta hefur líka valdið því að grasvöxtur er mjög hægur.

Um 30% bænda á Írlandi hafa því verið að berjast við fóðurskort fyrir bústofn sinn. Varð samvinnufyrirtækið Darygold á Írlandi því að skipuleggja innflutning á meira en 2.500 tonnum af heyi frá Bretlandi 5. apríl. Var þetta fóður selt bændum í vandræðum á kostnaðarverði.

Í fóðurkreppunni 2013 neyddust írskir kúabændur til að flytja inn um 10.000 heyrúllur frá Bretlandi og Frakklandi.

/HKr.

Vanillustríð:

Verðhækkun leiðir til skógareyðingar og dauða

Mikil verðhækkun á vanillubelgjum hefur leitt til þess að aukið skóglendi hefur verið rutt til ræktunar á vanillaorkideunni. Auk þess sem meiri ásókn í belgina hefur leitt til þjófnaða, átaka og dauða vegna átaka um uppskeruna.

Eftirspurn eftir vanillubelgjum sem náttúrulegt bragðefni á Vesturlöndum hefur ríflega fimmfaldast undanfarin ár. Vanilla er þekkt bragðefni sem er mikið notað í ís, súkkulaði og sem vanilludropar við bakstur.

Þjófar drepnir með sveðjum

Víða þar sem vanilla er ræktuð ríkir umsátursástand þar sem þjófar sitja um uppskeruna og bændur verja hana með vopnum. Í einu tilfelli þar sem þjófar fóru um ræktunarsvæði tóku bændurnir sig saman og réðust til atlögu við þjófana með þeim afleiðingum að fimm þjófanna voru dregnir á burt og síðan drepnir með sveðjum og spjótum.

Mest ræktað á Madagaskar

Madagaskar er stærsti ræktandi vanillu í heiminum og þar er skógareyðing til að auka ræktun einnig mest.

Fyrir nokkrum árum var rósaviður mest seldi varningurinn á svörtum markaði á Madagaskar en í dag er það vanilla.



Vanilla er klifurjurt af ætt brönugrasa. *Mynd / VH.*

Þrátt fyrir miklar hækkanir á verði á vanillu á Vesturlöndum hefur verð til bænda ekki hækkað og lifa flestir vanilluræktendur á Madagaskar undir fátækramörkum.

/VH

Norður Írsku JPM sturtu- og tengivagnarnir hafa reynst mjög vel á Íslandi. Höfum á til á lager JPM sturtuvagn sem er með vökvavör, sliskjum og 14 tonna burði. Hafðu samband við sölumenn okkur strax í dag.



MIKIÐ ÚRVAL STURTU- OG VÉLAVAGNA

Erum einnig með gott úrval af JPM vélavögnum.



HÝSI - MERKÚR HF. - LAMBHAGAVEGI 6 - 113 REYKJAVÍK
SÍMI 534 6050 - MERKUR@MERKUR.IS - **WWW.MERKUR.IS**

MERKÚR

SELDU HRYSSUR TIL LÍFS

Hrossabændur óska eftir hryssum

Mega vera þriggja til fimmtán vetra

Sækjum frítt á Suðurlandi, Vesturlandi og Norðvesturlandi, austur í Eyjafjörð.

Greiðum verulega hækkað verð á meðan pláss leyfir.

- **Afhending í febrúar 20.000,- án vsk.**
- **Afhending í mars 26.000,- án vsk.**
- **Afhending í apríl og maí* 34.000,- án vsk.**

Upplýsingar: **hryssa@isteka.com** eða í síma **581 4138.**

Geymið auglýsinguna!

***Seinasti mögulegi móttökudagur er sunnudagurinn 20. maí.**
Hryssur eru greiddar eftir reikningi og eftir umskráningu í *WorldFeng*.

Deerhunter
ÚTIVISTAFATNAÐUR

3M Thinsulate INSULATION

VORTILBOÐ



Deerhunter Verdun
Ofurléttur og hlýr Jakki
3 M Thinsulate Platinum fóður
3 renndir vasar að framan
1 renndur vasi að ynnan
Stærðir M-5xl

kr. 13.900




Deerhunter Moore
Léttur og lipur jakki
góður við flestar aðstæður.
3 renndir vasar 3ja laga fóður
Vatnshrindandi
Stærðir M-3xl

kr. 11.900

Vesturröst

Vesturröst - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturrost.is - vesturrost@vesturrost.is

Bændablaðið Næsta blað kemur út 26. apríl



Jurop FORDENONE

6,500 lítra
9,500 lítra
11,000 lítra
13,500 lítra

HAUGSUGUDÆLUR



Er haugsugudælan í lagi?
Eigum til og getum útvegað varahluti í flestar gerðir haugsugudæla

Eigum einnig til gott úrval af haugsuguhlutum



VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.
www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600




Vinnufatnaður



Hífilausnir



Kranar og talíur



Snjókeðjur



Pökkunarlausnir



Fallvarnarbúnaður

BULLDOG · pewag · STAHL CraneSystems · TRYGG Nosted Kjetting as · CYKLOP · KRATOS SAFETY



Höfum á lager mikið úrval af alskyns vinnufatnaði, hífi- og festingabúnaði, krónum og talíum, snjókeðjum, pökkunarlausnum og fallvarnarbúnaði. Í vörulistanum á www.isfell.is er að finna ítarlegar upplýsingar um allar vörur.

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna!

ÍSFELL

Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is

AUÐLINDIR & UMHVERFISMÁL

Aldingarðurinn í Kristnesi í Eyjafirði árið 2017:

Uppskeran aldrei verið betri

Aldingarðurinn í Kristnesi er verk Kristnesbænda. Hugmyndin er að rækta ber og ávexti og sjá hvað er gerlegt og hvað ekki. Fljótt kom í ljós að það myndi litlum áreiðanlegum árangri skila án skráningar. Sú skráning hefur farið fram í ræktunardagbók og ársskýrslum.

Fyrstu plöntur fóru niður sumarið 1999. Talsvert magn upplýsinga liggur því fyrir, ekki síst um uppskerutíma mismunandi yrkja, sem verður að teljast mikilvægt þar sem ótal erlend yrki ná ekki þroska hér í meðalári.

Tíðarfar var sérlega árið 2017. Útmánuðir voru mildir og vorið kom snemma. Maí var sérlega hlýr, júní í tæpu meðallagi, júlí og ágúst um meðallag og september og október sérlega hlýir.

Almennt gerði þessi góða tíð það að verkum að uppskeran hefur aldrei verið betri.

Aldrei áður komið plómur

Nokkur yrki af plómum eru í aldingarðinum, flest ung og hafa lítið blómstrað til þessa. Í vor varð nokkur blómgun á plómutrjám og litlir aldinvísar fóru að sjást skömmu síðar af yrkjunum Sinikka og Opal sem bæði eru sjálffrjóvgandi.

Nokkuð af plómuvísum skemmdust í frosti um miðjan september en þær sem stóðu í góðu skjóli af laufskrúði héldu áfram að þroskast. Sinikka plómurnar voru tíndar þann 14. október. Snotrar, litlar og dulítið rammar. Þá var enn stór græn plóma á yrkinu Opal sem augljóslega var seinni á ferðinni. Aldrei áður hafa komið plómur í aldingarðinum.

Eplatrén í miklu stuði

Yrkið Sävstaholm blómstraði fyrst að vanda 23/5, en í Kristnesi hafa epli aldrei áður blómgast í maí. Sumarið hófst með miklu blómskrúði sem fékk heimsóknir af ryðhumlu. Útkoman af því var mikill fjöldi vísa, sem endaði með fullþroska eplum af nokkrum yrkjum í október.

Samtals voru tínd um 7 kg af eplum, mest af Rödluvan sem gaf sérlega falleg og bragðgóð epli sem geymdust ágætlega. Þá voru nokkur falleg og góð epli á Álingstrénu, nokkur ágæt á Sävstaholm en Haugmann blessaður olli nokkrum vonbrigðum með hörðum og súrum eplum. Ef til vill hefði hann þurft enn lengri tíma? Síðustu eplin voru tínd í lok október og þau voru í fínu lagi þrátt fyrir mörg næturfrost. Það er rétt að geta þess að Rödluvan tréð sem mest gaf er átján ára gamalt og gefur nú fyrst uppskeru. Það var dásamleg tilfinning að fylgjast með eplatrjánum í allt sumar og fá svo þetta góða haust.

Kirsuber

Mikil blómgun var í Stellu kirsuberjum og fleiri yrkjum. Nokkur ber mynduðust á Van og Rauhalan en mest á Stellu. Samt var það svo að Stella ákvað að henda helmingnum af vísunum um mitt sumar. Þá byrjuðu þrestir að gogga í vísana um mitt sumar sem gefur sprungin og ljót ber þegar þau þroskast. Lausn á þessu gæti verið að setja fuglanet yfir trén löngu áður en berin fara að þroskast. Seinni partinn í ágúst var hægt að narta í ágætis Stellu kirsuber þótt þau væru ekki enn orðin dökkrauð eins og þau urðu síðar við fulla þroskun. Fremur varð eftirtekjan léleg í kirsuberjunum en líklega er það mest þröstunum að kenna.



Eplayrkið ´Rödluvan´ sló öll met í aldingarðinum og gaf 6 kíló af ágætis bragðgóðum eplum. Myndir / HÞ



Eplayrkið ´Rödluvan´ í byrjun júní 2017.



Plómur ´Sinikka´ við það að þroskast. Myndir frá 14/10.17.



Kirsuber ´Stella´. Skógarþrestirnir náðu að skemma mikið af kirsuberjum bæði löngu fyrir þroskun og einnig eftir að net var sett yfir.

Hindber

Fyrstu stöku hindberin voru þroskuð í byrjun ágúst þótt uppskera hæfist ekki að ráði fyrr en tíu dögum síðar. Fyrstu hindberjayrki voru Balder sem er fast á hömsum, harðgert, þyrnótt, Vene sem er þyrnótt og Gamla Akureyri sem er með smáum berjum. Um svipað leyti komu fyrstu ber á tvær fræplöntur af Balder og



Plómur ´Sinikka´ við það að þroskast. Myndir frá 14/10.17.

Gömlu Akureyri, sem með tíð og tíma gætu orðið að nýjum sortum, önnur er gul en hin er snemma á ferð með góðum berjum og þyrnalítil. Fimm dögum síðar byrjuðu Maurin makea og Jatsii að mynda ber og fjórtán dögum síðar Mógilsá (Þrændarlög). Fimmtán dögum síðar Jatsii og átján dögum síðar Veten og loks tæpum mánuði síðar, snemma í september, byrjuðu Asker og Borgund.

Öll náðu þessi yrki að þroska sín ber í ár. Venjulega ná aðeins fyrstu yrkin að þroskast. Með öðrum orðum, Vene, Balder og Gamla Akureyri eru öruggustu hindberjayrkin. Samtals voru tínd 8,3 kg af hindberjum og síðast var skráð uppskera þann 19. september.

Rússaber Haskap/ Berjablátoppur/Hunangsber

Aðeins komu fáein rússaber í ár sem eru vonbrigði vegna þess að runnarnir gáfu rúmt kíló af berjum í fyrra. Ástæðan er líklega alltof mildir útmánuðir og alltof mörg hörð næturfrost eftir að runninn var farinn að vaxa. Þann 9/3 stendur í dagbók „rússaber eru farin að lifna“.

Jarðarber

Það vakti athygli hversu sein jarðarberjauppskeran var miðað við hversu snemma blómgun var á ferðinni. Svo virðist sem eitthvað í veðurfari hafi einnig haft þau áhrif að styttra var á milli uppskerutíma yrkja en venjulega.

Dimma var með fyrsta ber þroskað 15/7 svo Glima og Ljóska þrem dögum síðar. Þann 22. júlí voru þroskuð ber á Koronu, Önnu og Ostara. Aðrar sortir voru seinna á ferð. Þann 9. september var enn verið að tína ber. Þá voru það seini yrkin sem enn voru að gefa, Honeyoye, Polka, Senga sengana, Jonsok, Kaunotar, Lumotar, Ria og síðustu Korona berin voru tínd þann dag. Þegar komið er fram í september ná ber yfirleitt illa að þroskast þar sem óblíð haustveðrátta setur þeim stólinn fyrir dyrnar.

Eftirtalin ný yrki gáfu uppskeru



Hafþyrnir af finnskum yrkjum þroskaði ber í október.



Haraldur Helgason hugar að rifsi undir fuglaneti.

í fyrsta sinn í ár. Ria, sem gaf mjög stór en fremur óregluleg, ljót ber og sein. Kaunotar fremur smá ber og sein. Lumotar, miðlungs ber en sein og Jonsok stór ber og sein.

Kynbætur á jarðarberjum

Kynbætur á jarðarberjum hafa verið stundaðar í Kristnesi í nokkur ár og um 250 fræplöntur úr stýrðri frjóvgun verið gróðursettar. Markmiðið er að fá jarðarberjaplöntur sem skila öruggri uppskeru í útiræktun á Íslandi. Það þýðir að plönturnar þurfa að vera sérlega snemma á ferðinni. Sá eiginleiki er sóttur í Glimu en þaðan er hann kominn úr Valentine sem er amerískt yrki Valentine og annað foreldri Zephir. Einnig hafa nokkrar aðrar sortir verið notaðar ásamt heimaplöntum.

Annað markmið er að berin séu falleg og bragðgóð og í viðunandi stærð og að uppskerumagn sé viðunandi. Ekki er lögð sérstök áhersla á að berin séu af staðlaðri stærð.

Af Kristnesyrkjum hefur nokkrum verið fjölgað til frekari reynslu. Af þeim er yrkið Dimma sérlega lofandi. Berin eru mjög snemma á ferð. Þau eru dökkrauð við fullan þroska og sérlega bragðgóð. Plantan er smá og óvíst er um uppskerumagn. Þá kom klónn með númerinu K-195 sérlega vel út í sumar og verður skoðaður betur ásamt fleirum. Komi Dimma áfram vel út og á komandi sumri kemur til greina að sleppa henni lausri í garða landsmanna vorið 2019.

Heildaruppskera útiræktaðra jarðarberja var tæp 300 kíló í ár og hefur aldrei verið meiri.

Sólber snemma á ferðinni

Sólber voru snemma á ferðinni í ár eins og annað. Eins og venjulega voru yrkin Melalathii og Jankisjarvii fyrst. Af nýjum yrkjum sem hingað komu frá Þorsteini Tómassyni árið 2014, voru yrkin Ben nevis og Ben tron sérlega fallegir runnar með álitleg ber með uppskerutíma um meðallag.

Fuglar og fleira

Það er lýðum ljóst að fuglar eru sólgnir í ber og sérstaklega skógarþrestir. Lengi vel breiddum við akryldúk yfir öll jarðarberjabeð til að verjast þröstum. Í seinni tíð fer mest af jarðarberjaræktinni fram án yfirbreiðslu. Slíkt verður að ráðast af reynslu og aðstæðum. Séu menn með smá beð þá er eina vitið að breiða net eða dúk yfir þegar fyrstu berin fara að þroskast.

Hunangsviður, Amelancier alnifolia, er sérstaklega vinsæll hjá þröstum og þeir náðu öllum berjunum af þeim í ár. Þá eyðilögðu þrestirnir mikið af kirsuberjum og þeir smökkuðu einnig á smáum eplavísum. Sólber og rifs eru mjög vinsæl meðal fuglanna. Lausnin er net en réttur tíminn til að setja netin yfir er nokkru áður en fyrstu berin þroskast. Mjög fíngerð nylon-berjanet með stórum möskvum veiða þresti í stórum stíl. Mun betra net fæst frá framleiðandanum „Weibulls“ sem selur smámöskva net sem fuglar flækjast síður í. Eins hafa fíngerð svört fiskinet, hugsanlega loðnunet, gefist vel en þau eru nokkuð þung og staura getur þurft til að halda þeim uppi.

Netum þarf að fylgjast með helst daglega, til að losa fugla eða til að athuga hvort þeir hafi smogið undir.

Uppskerutíminn

Hvar eru mörkin? Hvað er hægt og hvað er ómögulegt? Er munur á stöðum og landshlutum? Svarið er ekki einfalt því mörkin eru misjöfn milli staða og ára. Dæmi um þetta er eplatréð Rödluvan sem í ár gaf sex kíló af ágætis smá eplum í ár. Það tré hefur nánast engri uppskeru skilað hingað til í þau sautján ár sem á undan fóru. Þýðir það að Rödluvan sé góð sort eða léleg?

Aldingarðurinn í Kristnesi er stöðugt að leita að mörkunum. Oft setur sumar okkur ansi þröng mörk og aðeins harðgerustu yrki þroskast. Þetta skulum við hafa í huga því ónýtar nytjaplöntur eru dapurleg ræktun. En hver veit hvar mörkin verða að nokkrum árum liðnum? Munum hið fornkveðna og höfum vaðið fyrir neðan okkur.

Hvenær er þetta sumar?

Eitt af því sem skiptir máli fyrir garðræktendur í norrænu sumri er að þekkja vitjunartímann.

Þeir sem hafa reynslu af kartöfluræktun vita að lítið gerist eftir fyrstu frost sem oft eru um mánaðamót ágúst og september og bændur sleppa ekki kúm á beit fyrr en seinnihluta maí. Fyrstu sumarblóm mega fara út á Suðurlandi 20. maí og á Norðurlandi í byrjun júní, segir gömul regla. En tími sumarsins er miklu lengri. Nú er sumardagurinn fyrsti 19. apríl og fyrsti vetrardagur 27. október. Eftir áralanga reynslu í aldingarði eru þessir gömlu dagar ekki svo vitlausir. Rússaberin eru löngu farin að láta á sér kræla sumardaginn fyrsta og eplin standa enn og aldrei betri en seinni partinn í október. Það er nefnilega þannig að þótt kartöflugrasi sé meinilla við frost þá þola sumar plöntur frost eins og ekkert sé ef það kemur ekki á miðjum vaxtartíma.

Þá hef ég heyrt þá ágætu kenningu að tímasetning sumardagsins fyrsta miðist við hvenær tímabært var að sá korni.

Ekki er mark að skandinavískum leiðbeiningum

Það sem er snemma þar gæti verið of seint hér. Áberandi er að erlendar leiðbeiningar um þroskunartíma eiga ekki við hér. Þannig að planta sem þroskar ber í ágúst í Noregi þroskar ef til vill engin ber hér. Það er líka þannig að það sem er talið bil milli uppskerutíma yrkja, er oft mun lengra hér. Þannig ef það stendur í erlendum leiðbeiningum að vika sé milli yrkja þá getur það verið hálfur mánuður hér og loks er það svo að yrki sem eru á undan þar, geta verið á eftir hér. Til dæmis um þetta tek ég leiðbeiningar frá „Sagaplant“ sem er hálf opinber norsk síða og ber saman við reynsluna hér.

„Jarðarber Honeoye er 5 til 7 dögum á undan Korona.“ - Hér er Honeoye langt á eftir Korona og nær sjaldnast að þroska ber að ráði.

„Hindberið Asker þroskar ber frá því í lok júlí.“ - Asker byrjaði að þroskast snemma í september hér og yfirleitt nær það engin ber að þroska.

„Hindberin Borgund og Veten þroska ber frá því um miðjan júlí.“ - Borgund og Veten byrjuðu að þroskast snemma í september hér og oft ná þau ekki að þroska ber fyrir frost.

„Hindber Balder þroskast seinnipart júlí. “ Hér byrjaði Balder um 10. ágúst og því langt á undan Borgund og Asker. Það er margra ára reynsla.

Af ofangreindu má sjá að við þurfum að byggja upp okkar eigin þekkingu. Reynsla annarra þjóða gagnast okkur en gildir ekki hér ein og sér.

Margt væri hægt að segja enn um allar þær tegundir og sortir sem finnast í Kristnesi en nú er mál að linni.

Helgi Þórsson
Kristnesi





LÍFRÆNN LANDBÚNAÐUR

Fyrirspurn á Alþingi til landbúnaðarráherra um lífræna ræktun:

Einungis 31 voru starfandi í lífrænni ræktun á Íslandi á árinu 2016

– Aðeins komu 5 af 35 milljóna króna aðlögunarstyrkjum í greininni til úthlutunar á síðasta ári, verið að skoða ráðstöfun á restinni

Bjarni Jónsson alþingismaður lagði fram fyrirspurn á Alþingi þann 31. janúar varðandi lífrænar landbúnaðarafurðir. Sendi hann Kristjáni Þór Júlíussyni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fyrirspurn um málið í þrem liðum. Spurði hann ráðherra einnig hvort hann hygðist beita sér fyrir því að málefni lífræns landbúnaðar verði skoðuð með heildstæðum hætti.

Fyrirspurnin er athyglisverð í ljósi þess hversu erfiðlega hefur gengið að koma fótunum undir lífræna ræktun á Íslandi. Virðist það þvert á þróunina víða um Evrópu þar sem lífrænt framleiddar afurðir án allra eitur- eða aukaefna njóta ört vaxandi vinsælda.



Bjarni Jónsson.



Kristján Þór Júlíusson.

Tvær umsóknir og ein styrkveiting

Í haust vakti það einnig athygli að einungis tvær umsóknir bárust til Búnaðarstofu MAST varðandi aðlögunarstyrki fyrir lífrænan landbúnað á árinu 2017. Aðeins annar umsækjandinn var talinn uppfylla skilyrði styrkveitingar. Var þar gert ráð fyrir 35 milljónum til styrkveitinga, en áður nam heildarupphæðin 3,5 milljónum króna. Markmiðið er að aðstoða framleiðendur við að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í vottaðri lífrænni búvöruframleiðslu og auka framboð lífrænna vara á markaði.

Samkvæmt reglugerð nr. 1180/2017 um almennan stuðning við landbúnað, sem Matvælastofnun vinnur eftir, getur stuðningur við framleiðanda aldrei verið meiri en 50% af árlegum aðlögunarkostnaði skv. umsókn og að hámarki 20% af heildarframlögum stuðningsins í fjárlögum ársins. Því var 30 milljónum óráðstafað í árslok.

VOR félag lífrænna framleiðenda verði kallað að borðinu

Lagt hefur verið til að nýjasta aðildarfélag Bændasamtaka Íslands, VOR, sem er hagsmunafélag framleiðenda sem stunda lífræna ræktun eða fullvinnslu lífrænna íslenskra afurða, hafi hönd í bagga varðandi nýtingu þeirra fjármuna sem út af stóðu.

Að sögn Sigurðar Eyþórssonar, framkvæmdastjóra BÍ, er ekki hugmyndin að þessar 30 milljónir bætist við þær 35 milljónir sem verða í pottinum 2018. Þess í stað hefur verið lagt til að fjármagnið verði notað m.a. við að hjálpa bændum í lífrænni ræktun að standa undir kostnaði við úttektir og vottanir á starfsemi sinni. Einnig að hluta fjárins verði varið til að kalla til erlenda ráðgjafa í samstarfi við Ráðgjafarþjónustu landbúnaðarins líkt og gert var í garðyrkjunni með góðum árangri. Jafnframt verði hægt að nýta fjármunina til að kynna lífræna ræktun almennt og hvetja fleiri til að skoða þá möguleika sem í henni felast.

Að sögn Jóns Baldurs Lorange, framkvæmdastjóra Búnaðarstofu MAST, þá er ákveðið regluverk þegar til staðar varðandi úthlutun fjármuna sem falla til á yfirstandandi ári. Eigi að síður er nú til skoðunar hvort breytt verði fyrirkomulagi úthlutunar aðlögunarstyrkja til lífræna geirans á þessu ári til að þjóna betur markmiði úvörusamninganna. Engar ákvarðanir hafa þó verið teknar í þeim efnum.

Mjög hæg þróun í lífrænni ræktun á Íslandi

Kristján Þór svaraði fyrirspurn Bjarna Jónssonar á Alþingi þann 22. febrúar. Gerði hann það með eftirfarandi hætti beint út frá spurningum Bjarna:

„1. Hver hefur þróunin verið undanfarinn áratug í framleiðslu og sölu landbúnaðarafurða með lífræna vottun og hvert er hlutfall lífrænt vottaðra landbúnaðarafurða af heildarframleiðslu og -sölu innlendra landbúnaðarafurða?

Þróun vottaðrar lífrænnar landbúnaðarframleiðslu á Íslandi má marka af þrennu:

– fjölda vottaðra starfsstöðva,

– flatarmáli vottaðs nytjalands og

– fjölda vottaðs búpenings.

Á liðnum áratug hefur fjöldi frumframleiðenda verið á bilinu 22 (2006) til 39 (2011), en í árslok 2016 var fjöldi þeirra einungis 31. Flestir þeirra eru tiltölulega sérhæfðir, þ.e. stunda ýmist garðyrkju, búfjárrækt eða söfnun villtra plantna af landi eða sjó. Framleiðsla þeirra er allfjölbreytt eins og sjá má af töflu 3 sem lýsir þeim vöruflokkum sem framleiddir voru árið 2016.

Vinnslustöðvum hefur hins vegar fjölgað jafnt og þétt úr 12 (2006) í 29 (2016). Um er að ræða fjölbreytta flóru vinnslustöðva, svo sem sjá má af töflu 3 (2016), en þær vinna ýmist úr innlendum eða innfluttum hráefnum, eða hvort tveggja.

Flatarmál vottaðs nytjalands er algengur mælikvarði á framvindu og stöðu lífræns landbúnaðar. Framvindu þess hér á landi má sjá á mynd 1. Um árabil voru um 5.000 hektarar nytjalands vottaðir lífrænir, en það svæði þrefaldaðist árið 2007, einkum vegna aukinna nytja á óræktuðu landi til söfnunar villtra jurta. Eftir það hefur aukningin verið mjög hæg og í árslok 2016 voru tæpir 23 þúsund hektarar vottaðir til lífrænna landnytja, sem svarar til um 1,5% af því sem talið er nýtanlegt land til landbúnaðar (ræktunar og beitar) hér á landi. Í samanburði við flest önnur lönd Evrópu er það hlutfall mjög lágt. Fyrir utan þessar tölur eru svo í kringum 200 þúsund hektara svæði á grunnsævi, einkum við innanverðan Breiðafjörð, sem hagnýtt er til öflunar þangs og þara sem vottanleg eru sem lífrænar afurðir.

Mjög lítill hluti bústofns íslenskrar búfjárræktar er enn sem komið er vottaður lífrænn. Vottaður stofn náði hámarki á árunum 2011–2013, en hefur dregist nokkuð saman á síðustu árum. Þannig voru í árslok 2016 vottaðar mjólkurkýr 111 talsins og vetrarfóðraðar ær 1.475. Þótt tölur um bústofn á árinu 2017 liggi ekki endanlega fyrir er ljóst að sauðfjárbændum hefur fækkað og þar með vetrarfóðruðum ám. Undantekning frá þessari framvindu er eldi á varphænum sem tók mikinn kipp fyrir rúmum tveimur árum, þegar einn eggjaframleiðandi byggði upp allstóra eldisstöð sem uppfyllir kröfur um vottaða lífræna framleiðslu. Ein eldisstöð framleiðir vottuð laxaseiði til útflutnings og áframeldis. Engir alifuglar eða svín eru vottuð í lífrænu eldi.

Upplýsingar um magn framleiddra vottaðra lífrænna landbúnaðarafurða hér á landi liggja ekki fyrir. Hlutföll vottaðra afurða í einstökum afurðaflokkum verða því ekki metin nema mjög gróflega og út frá ofangreindum upplýsingum um fjölda framleiðenda, nytjaland og bústofn.

Í flestum tilvikum er ekki um mikið magn að ræða. Þó eru nokkrar undantekningar frá því og er verulegt magn villtra sjávarjurta (þangs og þara) svo og eggja og gulróta framleitt í landinu. Ætla má að margar tegundir lífræns grænmetis gangi til þurrðar þegar kemur fram á haust, framboð gulróta, kartaflna og gulrófna endist lengur, en lífræn mjólk og mjólkurafurðir, egg, lambakjöt og bygg eru fáanleg á markaði mestallt árið.

Auk þessara afurða er framleitt mikið magn af þang- og þaramjöli, einkum til útflutnings og áframvinnslu, til notkunar í matvæla- og fóðuriðnaði. Þá eru nokkrir aðilar vottaðir til framleiðslu á lífrænum snyrtivörum.“

Fjölþætt skilyrði fyrir stuðningi

„2. Hvaða möguleikar eru á að hljóta fjárhagslegan stuðning til aðlögunar að lífrænum búskaparháttum á sveitabýlum, hvernig er honum háttað og hve margir bændur hafa notið slíks stuðnings árlega undanfarin fimm ár?

Um núgildandi fyrirkomulag stuðnings vegna lífrænnar framleiðslu er fjallað í V. kafla reglugerðar nr. 1180/2017 um almennan stuðning við landbúnað.

Matvælastofnun ráðstafar þeim fjármunum sem ætlaðir eru til að styðja við aðlögun að lífrænum framleiðsluháttum. Þeir framleiðendur sem uppfylla skilyrði 3. gr. ofangreindrar reglugerðar og hafa byrjað lífræna aðlögun í landbúnaði undir eftirliti faggildrar vottunarstofu og í samræmi við gildandi reglugerð um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara geta sótt um aðlögunarstuðning. Skilyrði fyrir stuðningi eru fullnægjandi skil á skýrsluhaldi í þeim búgreinum sem við á hverju sinni.

Umsóknum þarf að skila inn í rafrænt umsóknarkerfi Matvælastofnunar, eigi síðar en 15. maí ár hvert og í umsókn þurfa eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. Upplýsingar um nafn, kennitölu, og lögheimili framleiðanda sem sækir um stuðning.
2. Upplýsingar um búsnúmer lögbýlis sem verið er að aðlaga að lífrænni framleiðslu.
3. Lýsing á búrekstrinum sem verið er að aðlaga að lífrænni framleiðslu, þ.m.t. upplýsingar um gripafjölda eftir tegundum búfjár, flatarmál lands eftir tegund nytja og aðstæður í gripahúsum sem breyta þarf til að mæta kröfum um aðbúnað lífræns búfjár.
4. Áætlaður aðlögunarkostnaður á umsóknarári samkvæmt kostnaðaráætlun.
5. Upplýsingar um áður fenginn aðlögunarstuðning ef við á.

Fylgiskjöl sem þurfa að fylgja með fyrstu umsókn eru:

1. Kostnaðaráætlun unnin af fagaðila, svo sem Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Í kostnaðaráætlun skal m.a. leggja mat á þann kostnað vegna lífrænnar aðlögunar sem framleiðandi þarf að bera frá því að lífræn aðlögun hefst og þar til lífræn vottun fæst. Kostnaðinn skal áætla fyrir hvert ár aðlögunarinnar og skal líta til eftirfarandi þátta:
   a. *Fjárfestingar: Breytingar á húsakosti til að uppfylla viðbótarkröfur um aðbúnað og gólfrými, tækjabúnað og aðstöðu, námskeið og fræðsluefni til að byggja upp þekkingu framleiðanda.*
   b. *Rekstrarútgjöld sem tengjast sérstaklega aðlögunarferlinu: Gerð aðlögunaráætlunar, greiningar jarðvegssýna og fóðursýna, gerð jarðakorta, ráðgjöf búnaðarráðunauta og fyrstu úttektir vottunarstofu.*
   c. *Lækkun tekna vegna minni framleiðslu á hverja flatar- og búfjáreiningu: ræðst m.a. af þekkingu og hæfni framleiðanda, jarðvegsgerð, landsháttum, veðurfari og fyrirkomulagi búreksturs árin áður en aðlögun hefst.*
2. Afrit af áætlun um aðlögun að lífrænni landbúnaðarframleiðslu, staðfest af faggildri vottunarstofu.
3. Staðfesting faggildrar vottunarstofu um að umsækjandi hafi undirritað samning við hana um reglubundið eftirlit með framleiðslunni samkvæmt reglum um lífræna framleiðslu. Einnig skal fylgja staðfesting faggildrar vottunarstofu um að umsækjandi hafi lokið a.m.k. átta klukkustunda námskeiði fagaðila, eins eða fleiri, um lífræna aðlögun landbúnaðarframleiðslu, þar sem fjallað er um aðlögunarferlið, lífrænar aðferðir í þeim búgreinum sem aðlaga á að kröfum, skráningar og skýrsluhald í lífrænum búskap, fyrirkomulag eftirlits og vottunar og fyrirkomulag ráðgjafar og stuðnings við lífræna aðlögun. Matvælastofnun skal staðfesta fyrirkomulag og skipulag námskeiðsins.

Matvælastofnun annast úthlutun aðlögunarstuðnings. Stuðningur við hvern framleiðanda getur að hámarki numið 50% af árlegum aðlögunarkostnaði með tilliti til umfangs aðlögunar. Hver framleiðandi getur þó ekki fengið hærra framlag árlega en 20% af heildarframlögum stuðningsins samkvæmt fjárlögum.

Heimilt er að veita framleiðanda árlegan aðlögunarstuðning á meðan aðlögun undir eftirliti faggildrar vottunarstofu stendur yfir og skal umsækjandi þá sækja um að nýju. Ný umsókn skal vera með uppfærðum upplýsingum og fylgiskjölum auk þess skal fylgja með umsókn staðfesting faggildrar vottunarstofu á að aðlögun standi yfir samkvæmt áætlun. Matvælastofnun er einnig heimilt að kalla eftir frekari upplýsingum frá framleiðanda telji hún þess þörf til að meta umsókn.

Á árinu 2017 fékk 1 umsækjandi stuðning, alls 3.231.250 kr.
Á árinu 2015 fengu 5 umsækjendur stuðning, alls 3.400.000 kr.
Á árinu 2014 fengu 5 umsækjendur stuðning, alls 5.202.706 kr.*
Á árinu 2013 fengu 6 umsækjendur stuðning, alls 5.002.294 kr.*

*Ástæðan fyrir hærri greiðslu árin 2013 og 2014 er sú að á þeim árum var veitt viðbótargreiðsla vegna þróunarfés sauðfjár.“

Ríkisstjórnin leggur áherslu á að efla lífræna ræktun

„3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir stefnumörkun í málefnum lífræns landbúnaðar og gerð markvissrar aðgerðaáætlunar með það að markmiði að auka hlut lífræns landbúnaðar eins og gert hefur verið í flestum Evrópulöndum?

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er sérstaklega bent á að efla þurfi lífrænan landbúnað. Þessi áhersla er auk þess í samræmi við rammasamning um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins á árunum 2017–2026 en eitt af markmiðum samningsins er að auka vægi lífrænnar framleiðslu.

Í upphafi árs 2017 samþykkti þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra upptöku gildandi reglna Evrópusambandsins um lífræna ræktun í EES-samninginn og voru gerðirnar formlega teknar upp í samninginn 17. mars 2017. Í nóvember 2017 voru nýjar reglur um lífræna ræktun samþykktar innan ESB og munu þær taka gildi í byrjun árs 2021. Þessar reglur falla undir gildissvið EES-samningsins og munu því koma til meðferðar innan EFTA.

Með vísan til þess að ríkisstjórnin leggur áherslu á að efla lífræna ræktun og í ljósi nýrrar löggjafar ESB á þessu sviði er fyrirhugað að ráðherra beiti sér fyrir því að málefni lífræns landbúnaðar verði skoðuð með heildstæðum hætti,“ sagði ráðherra í svari sínu við fyrirspurn Bjarna. */HKr.*

Þín aðild tryggir öflug Bændasamtök

Ágæti bóndi

Síðastliðið ár var viðburðaríkt í starfsemi Bændasamtakanna. Mörg mál eru í deiglunni sem varða heildarhagsmuni landbúnaðarins. Fram undan er vinna við endurskoðun búvörusamninga, viðbrögð vegna mögulegs innflutnings á hráu kjöti og önnur samskipti við ríkisvaldið. Kjaramál bænda verða enn sett á oddinn. Við höldum áfram að þróa hugbúnað fyrir bændur og tölum máli landbúnaðarins í Bændablaðinu og í öðrum miðlum.

Rekstur Bændasamtakanna byggist á þremur meginstoðum: Félagsgjöldum, sem bændur greiða í stað búnaðargjalds, eigin tekjum af rekstri og arði af eignum. Í mars voru greiðsluseðlar sendir til allra félagsmanna í BÍ vegna félagsgjaldsins fyrir þetta ár. Um leið og við þökkum þeim sem hafa gengið frá greiðslu minnum við hina vinsamlegast á greiðsluseðilinn sem er að finna í heimabankanum. Aðrir sem vilja skrá sig í samtökin eru hvattir til að hafa samband.

Það er mjög mikilvægt að bændur sýni félagslega samstöðu í þeim verkefnum sem eru fram undan. Tökum þátt og látum rödd okkar hljóma sem víðast. Þín aðild tryggir öflug Bændasamtök.

Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ

Þinn ávinningur

- Bændasamtökin vinna að þínum hagsmunum og eru málsvari stéttarinnar
- Þín rödd hefur áhrif í félagsstarfi bænda
- Allt að 30% afsláttur af forritum BÍ
- Aðgangur að starfsmenntasjóði
- Velferðarsjóður er bakhjarl þegar áföll verða á búinu, svo sem vegna veikinda eða slysa
- Ráðgjöf um réttindi og um málefni sem snerta bændur
- Bændaafsláttur á Hótel Sögu
- Orlofsíbúð á höfuðborgarsvæðinu og orlofshús á Hólum
- Þín aðild eflir kynningar- og ímyndarmál landbúnaðarins
- Bændablaðið í frídreifingu – öflug miðlun upplýsinga til bænda og almennings
- Erlend samskipti og tengslanet við félög bænda á Norðurlöndum

Upplýsingar um félagsaðild

Sími **563-0300**
Netfang **bondi@bondi.is**
www.**bondi.is**

Fulltrúar í þjónustuveri BÍ svara fyrirspurnum í síma **563-0300** á skrifstofutíma. Skilaboðum er svarað í gegnum Bændatorgið og á netfangið bondi@bondi.is. Á bondi.is eru nánari upplýsingar um fjölbreytta starfsemi BÍ og hægt að skrá sig í samtökin.

Eindagi félagsgjalds fyrir árið 2018 er **17. apríl.**

Bændasamtök Íslands eru heildarsamtök íslenskra bænda. Þau eru málsvari bænda og vinna að framförum og hagsæld í landbúnaði. Aðild að samtökunum geta átt einstaklingar og félög einstaklinga og lögaðila sem standa að búrekstri. Aukaaðild er möguleg fyrir einstaklinga sem styðja við markmið samtakanna.

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Fylgstu með bændum á
Baendasamtok

Fyrir okkur öll

Margvíslegur ávinningur með heilsársvegi yfir Kjöl að mati flutningsmanna þingsályktunartillögu:

Aukið öryggi, meiri umhverfisvernd og betri tenging milli landshluta

– Lagt til að um einkaframkvæmd verði að ræða og notendagjöld innheimt

Fram hefur verið lögð á Alþingi þingsályktunartillaga um að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra verði falið að hefja undirbúning að endurnýjun vegarins yfir Kjöl sem heilsársvegar með einkaframkvæmd.

Á ráðherra að gera forkönnun á umhverfisáhrifum og samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum framkvæmdarinnar, m.a. á ferðaþjónustu, byggðaþróun og náttúruvernd. Samkvæmt tillögunni er stefnt að því að undirbúningi framkvæmda ljúki fyrir 1. febrúar 2019 og framkvæmdir hefjist í beinu framhaldi. Flutningsmenn tillögunnar eru sjálfstæðismennirnir Njáll Trausti Friðbertsson, Vilhjálmur Árnason og Haraldur Benediktsson.

Fram kemur í greinargerð með tillögunni að mörg rök hnigi að því að endurbæta vegarkaflann, þar megi nefna öryggissjónarmið, byggðasjónarmið og sjónarmið um umhverfisvernd. Þá hafi Samtök ferðaþjónustunnar lýst sárum vonbrigðum með að vegarkaflinn hafi ekki fengið brautargengi í síðustu samgönguáætlun og bent á mikilvægi þess að vegasamgöngur milli landshluta verði bættar, ekki síst vegna stóraukins ferðamannastraums síðastliðinna ára. Telja verði fullkannað að samgöngubætur hafi jákvæð áhrif á öryggi, nærsamfélag og efnahag.



Betri vegir um hálendið mundu ekki einungis auka ferðaþjónustu á einstökum stöðum og styrkja þannig hverja byggð fyrir sig heldur gæfist með betri hálendisvegum tækifæri til að styrkja landsbyggðina í heild með aukinni samvinnu og samkeppni milli einstakra byggðarlaga. Bættur vegur um Kjalveg með bundnu slitlagi myndi auk þess draga stórlega úr rykmengun og kostnaði vegna skemmda á ökutækjum. Myndir / HKr.



Benda flutningsmenn á að nýr og bættur vegur yfir Kjöl bæti umferðaröryggi á hálendinu og minnki líkur á slysum.



Endurbætur á Kjalvegi mundu einnig styrkja náttúruvernd á hálendinu, að mati flutningsmanna tillögunnar á Alþingi.

Fornir hálendisvegir í niðurníðslu

Talsvert hefur undanfarin ár verið fjallað um að stytta leiðir milli landshluta með bættum hálendisvegum, þannig megi t.d. tengja betur saman fjölmennustu byggðir landsins. Til séu gögn um nokkrar þeirra leiða sem lagst hefur verið í rannsóknir á. Bent er á í greinargerð að fornir hálendisvegir séu í niðurníðslu og flokkist fremur sem slóðar en vegir.

„Kjalvegur hefur frá landnámsöld verið mikilvæg samgönguæð milli norður- og suðurhluta landsins og þrátt fyrir mikla uppbyggingu á hringveginum síðustu áratugi er mikilvægi vegarins enn mikið. Þrátt fyrir það hefur veginum ekki verið haldið við eins og nauðsynlegt er. Hér er lagt til að vegurinn yfir Kjöl verði endurnýjaður og lagður bundnu slitlagi þannig að unnt verði að halda honum opnum mestan hluta ársins og að verkefnið verði unnið sem einkaframkvæmd," segir í tillögunni.

Styrkur fyrir landbúnaðarhéröðin

Betri vegir um hálendið mundu ekki einungis auka ferðaþjónustu á einstökum stöðum og styrkja þannig hverja byggð fyrir sig heldur gæfist með betri hálendisvegum tækifæri til að styrkja landsbyggðina í heild með aukinni samvinnu og samkeppni milli einstakra byggðarlaga.

Nýjar og góðar samgönguleiðir mundu styrkja landbúnaðarhéruð hvarvetna og heilsársvegur yfir Kjöl mundi tengja saman landbúnaðarsvæði á Suður- og Norðurlandi. Hringvegurinn yrði þá ekki eina greiðfæra leiðin heldur opnuðust fleiri möguleikar með styttri hringleiðum sem gætu hentað fleirum, bæði einstaklingum og ferðaþjónustuaðilum og aðilum í öðrum atvinnurekstri. Norðvesturland hefur farið nokkuð halloka í atvinnu- og byggðamálum síðustu áratuga og þar hefur íbúum og störfum fækkað jafnt og þétt. Heilsársvegur yfir Kjöl mundi styrkja atvinnulíf í landshlutanum auk þess sem ferðaþjónusta getur skipt grundvallarmáli þegar kemur að því að viðhalda lágmarksþjónustu í litlum byggðarlögum þar sem íbúafjöldi stendur ekki undir henni einn og sér.

Bætt umferðaröryggi

Benda flutningsmenn á að nýr og bættur vegur yfir Kjöl bæti umferðaröryggi á hálendinu og minnki líkur á slysum. Lögregla og björgunarsveitir ættu greiðari aðgang að hálendinu m.a. til að fylgjast með og vakta aukna umferð, en heilsársvegur yfir Kjöl nýttist einnig sem neyðartenging milli Norður- og Suðurlands. Endurbætur á Kjalvegi mundu einnig styrkja náttúruvernd á hálendinu. Utanvegaakstur þar er viðvarandi vandamál sem ógnar náttúrunni víða og nauðsynlegt er að sporna við.

Standi undir sér með notendagjöldum

Í tillögunni felst að endurgerð Kjalvegar verði einkaframkvæmd, þannig að einkaaðili taki að sér fjármögnun, framkvæmd og rekstur verkefnisins í umboði hins opinbera. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin standi undir sér að öllu leyti með notendagjöldum með svipuðum hætti og staðið hefur verið að málum varðandi Hvalfjarðargöng, þar sem gjöldin hafa staðið undir fjármögnun, rekstri og viðhaldi ganganna. Það væri á könnu hins opinbera að heimila framkvæmdina og setja um hana reglur. */MÞÞ*



ANDLÁT



Reynir Bergsveinsson.

Kveðja frá sonum og dætrum

Pabbinn okkar, minkaveiðimaðurinn, þúsundþjalasmiðurinn og fyrrum bóndi, Reynir Bergsveinsson frá Fremri Gufudal, er látinn.

„Berðu honum/henni kveðju mína með guðs blessun og þökk fyrir allt“, þessa kveðju höfum við systkin farið með víða og eigum eftir að bera margar enn. Við höfum alið börnin okkar upp í þeirri vissu að öðrum eins manni eigi þau aldrei eftir að kynnast, því það er enginn annar svona til.

Ofvirkur? Klárlega.
Erfiður í umgengni? Klárlega.
Skemmtilegur? Klárlega.
Og tvímælalaust fróðasti maður á landinu um atferli minka.

Það var um mánaðamótin febrúar/mars að hann átti síðasta 18 klst. vinnudaginn sinn, 4. mars taldi hann sig vera lasinn. Hann ætlaði að vera með mótmælastöðu við hreppskrifstofuna á Reykhólum 8. mars þegar ÞH leiðin með veg um Teigsskóg yrði valin en þann dag komst hann ekki úr rúminu og var hættur að hafa matarlyst. Stuttu síðar kemur í ljós að hann var með krabbamein á lokastigi.

Hann naut þess að lifa og hafði aldrei getað sætt sig við langa sjúkrahúsvist svo við erum öll þakklát fyrir stutt stríð, en hann lést á sjúkrahúsinu á Akranesi 6. apríl síðastliðinn.

Ykkur fjölmörgu vinum og kunningjum hringinn í kringum landið viljum við þakka þær móttökur og skilning sem þið hafið sýnt hans þrotlausu vinnu við útrýmingu minks á landinu og hvetjum ykkur til að halda verki hans sem víðast áfram.

Hjartans kveðja,
Þröstur, Svandís, Erla, Hrafnhildur, Bergsveinn, Sævar og Herdís Reynisbörn.



Jöklaleiðsögn og skálavarsla í Kverkfjöllum

Ferðafélag Fljótsdalshéraðs og Ferðafélag Húsavíkur óska eftir sumarstarfsmanni í jöklaleiðsögn og skálavörslu í Sigurðarskála í Kverkfjöllum. Gert er ráð fyrir að starfsmaður geti hafið störf um miðjan júní og ljúki störfum um 10. september nk.

Gerð er krafa um reynslu af jöklamennsku og/eða starfi innan björgunarsveita. Mikilvægt er að viðkomandi búi yfir mikilli þjónustulund, hæfni í mannlegum samskiptum og góðri enskukunnáttu.

Nánari upplýsingar veitir Þórhallur Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Fljótsdalshéraðs, sími: 893 2858 / ferdaf@ferdaf.is.
Umsóknir sendist á Ferðafélag Fljótsdalshéraðs í netfangið ferdaf@ferdaf.is fyrir 25. apríl næstkomandi.

Héraðsprent

FERÐAFÉLAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS
www.ferdaf.is - ferdaf@ferdaf.is - Sími 863 5813

Skeifudagurinn mikli!

FIMMTUDAGINN 19.APRÍL, KL 13:00

Landbúnaðarháskóli Íslands og Hestamannafélagið Grani bjóða til hestaveislu á sumardaginn fyrsta næstkomandi fimmtudag. Dagurinn byrjar kl 13:00 á Mið-Fossum í Andakíl í Borgarfirði. Þar verða nemendur úr reiðmanninum og reiðmennsku II að keppa um Reynisbíkarinn og Morgunblaðsskeifuna. Eftir hestaveisluna verður haldið í matsal skólans þar sem útskrift nemenda verður. Boðið verður upp á veitingar gegn vægu gjaldi og auðvitað má ekki gleyma stóðhestahappadrætti Grana
Hlökkum til að sjá sem flesta
Stjórn Grana og Landbúnaðarháskóli Íslands

Nú getur draumurinn orðið að veruleika







Nýgerðir samningar við Fendt verksmiðjuna tryggja okkur nokkrar vélar af gerðinni FENDT 516 Power á afar hagstæðu verði.
Helsti búnaður er eftirfarandi:

Mótor: 163 Hestöfl búin „vetrarpakka“ þ.e öflugri rafgeymi, öflugri alternator, startara og kaldræsibúnaði.
Gírkassi: stiglaus skipting „VARIO“. Vökvakerfi: Load sensing „úrtök fyrir rúllusamstæðu“ 110L vökvadæla, 4 vökvaspólur að aftan. Aflúrtak: 3 hraðar 540/540E/1000.
Dekk: framan 540/65-28 - aftan 650/65-38 - Trelleborg heilsoðnar felgur.
Annað: framfjöðrun, húsfjöðrun, loftkæling, upphituð afturrúða, vökvayfirtengi, útskjótanlegur dráttarkrókur + þýskur sleðakrókur, vagnbremsa bæði vökva og loft, fullt af vinnuljósum, loftpúða ökumannssæti, farþegasæti og útvarp.

Verð kr. 14.890.000+vsk **- Miðaða við gengi Evru 123 kr.**
Aukabúnaður: Ámoksturstæki Fendt kr. 1.290.000+vsk. Frambúnaður/pto kr. 760.000+vsk.

VÉLFANG VERKIN TALA
Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Frostagata 2a • 600 Akureyri

Glutton sugan
Gerir umhverfið hreinna



Öflug suga frá Glutton
Hentug fyrir sveitafélög og fyrirtæki til að auðvelda vinnu við hreinsun

Glutton electric

Vesturhrauni 3 - 210 Garðabær
480-0000 - sala@aflvelar.is - www.aflvelar.is
AFLVÉLAR

Aðalfundur Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga:

Þingeyskir bændur verðlaunaðir fyrir góðan árangur

Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga hélt sinn aðalfund í vikunni þar sem veitt voru ýmis verðlaun. Í sauðfjárræktinni voru Heiðurshornið og Hvatningarverðlaunin veitt en í nautgriparækt voru kúabændur verðlaunaðir fyrir bestu kýrnar fæddar árið 2013.

Heiðurshornið til Bergsstaða

Heiðurshornið, sem veitt er í minningu Eysteins Sigurðssonar frá Arnarvatni, var afhent í 12 sinn. Núna eftir breyttum reglum frá 2016 þar sem vægi vöðvaflokkunar og fjölda lamba til nytja var aukið og vegur 40% hvort en hlutfall gerðar og fitu 20%. Samkvæmt núgildandi úthlutunarreglum komu 29 bú til endanlegs útreiknings. Fyrsta sætið og Heiðurshornið hlaut að þessu sinni Benedikt Arnbjörnsson á Bergsstöðum en hann hlaut 19,72 stig. Í öðru sæti voru Sigurður og Helga í Skarðaborg með 18,78 stig og í þriðja sæti var Eyþór Pétursson í Baldursheimi 2 með 18,51 stig.

Í texta dómnefndar segir að Benedikt hafi fyrrum rekið rausnar fjárbú, en á undanförnum árum fyrst og fremst einbeitt sér að hrossarækt með góðum árangri. „Enn lifir þó í gömlum glæðum og þó hann eigi ekki mjög margt fé er ræktunarstarfið greinilega í hávegum haft og má sérstaklega geta þess að hann hefur tvö lömb til nytja eftir ána sem er frábær árangur.“

Hvatningarverðlaun til bændanna á Brún

Hvatningarverðlaun BSSÞ voru veitt í fyrsta skipti árið 2009. Til útreiknings koma öll bú sem hafa 50 ær eða meira og tekið er mið af fjölda lamba til nytja, fallþunga og hlutfalls milli vöðva- og fituflokkunar. Verðlaunin komu í hlut Félagsbúsins á Brún en Svartárkotsbúið var í öðru sæti og Skarðaborgarbúið í því þriðja.

Frægðarsól Lagðs skín enn

Á Brún hefur verið rekinn fyrirmyndarbúskapur áratugum saman með megináherslu á góðar kýr, segir í umsögn. „Brún er fallegt býli og þangað er til fyrirmyndar heim að horfa. Óneitanlega hefur alltaf verið glæsileiki yfir fjárstofninum. Þaðan hafa komið fallegir hrútar til sæðingastöðvar og margir sjálfsagt hallað höfði að Lagði heitnum sem hefur verið gerður ódauðlegur og prýðir púða. Á Brún er einnig mikil og góð frjósemi og má til gamans geta að þar voru 1,97 lömb til nytja.“



Verðlaun fyrir bestu kýrnar. Frá vinstri: Guðrún Tryggvadóttir, formaður BSSÞ, Böðvar Baldursson og Linda Hrönn Arnþórsdóttir, Ingólfur Víðir Ingólfsson, Þórunn Jónsdóttir, Rúnar Jóakimsson og Hlöðver Pétur Hlöðversson, stjórnarmaður í BSSÞ. Myndir / SSS

Kýrin Gæs fremst kúa

Í nautgriparæktinni á starfssvæði BSSÞ hefur myndast sú hefð að veita verðlaun fyrir bestu kýrnar í hverjum árgangi. Að þessu sinni voru þau veitt fyrir kýr sem fæddar eru árið 2013. Til grundvallar verðlaununum eru að kýrnar séu lifandi í árslok 2017, fyrir liggi að minnsta kosti 6 efnamælinganiðurstöður á heilu mjaltaskeiði. Kýrnar mega ekki hafa verið eldri en 3 ára við burð og burðartilfærsla sé ekki óeðlilega mikil.

Fyrstu verðlaun hlutu Böðvar Baldursson og Linda Hrönn Arnþórsdóttir fyrir kúna Gæs 393 með 298,4 heildarstig, faðir hennar er Úlli 10089. Annað sætið hlutu Ingólfur Víðir Ingólfsson og Hulda Skarphéðinsdóttir fyrir kúna Huppu 220 með 297,6 heildarstig, faðir hennar er Lúður 10067. Í þriðja sæti voru Rúnar Jóakimsson og Þórunn Jóndóttir fyrir kúna Drífu 483 en hún var með 296,8 heildarstig, faðir hennar er Koli 06003.

Ráðgátan hennar Meri Remes er leyst:

Bóndinn í stóðréttunum heitir Trausti Kristjánsson

Í síðasta Bændablaði var viðtal við Meri Remes, starfsmann finnsku bændasamtakanna og gest Búnaðarþings 2018, en hún flutti ræðu við setninguna á reiprennandi íslensku. Þar biðlaði hún til íslenskra bænda um að hjálpa sér að hafa uppi á manni sem hún hafði séð á mynd og hafði mikil áhrif á það að hún ákvað að koma til landsins sem ung kona. Það gekk eftir og heitir hann Trausti Kristjánsson, bóndi á Syðri-Hofdölum, Viðvíkurhreppi í Skagafirði.

Myndin frá stóðréttunum heillaði

Í viðtalinu kom fram að hún hefði dvalist á Íslandi í þrjú skipti; fyrst sem skiptinemi á Eskifirði í eitt ár og síðan í tvö sumur í Keldudal í Skagafirði sem vinnukona hjá Guðrúnu Lárusdóttur og Þórarni Leifssyni.

Ein af ástæðum þess að hún fékk áhuga á Íslandi voru sögur móður hennar sem starfaði sem sjúkraþjálfari á Íslandi eitt ár í kringum árið 1975. Hún heillaðist líka af þessari mynd sem áður er getið, sem nú er orðið ljóst að er af Trausta, sem hún sá í bókinni Stallion of the North – The Unique Story of the Iceland Horse, eftir Sigurð A. Magnússon með myndum eftir Guðmund Ingólfsson og fleiri. „Það var þessi maður, sem sannfærði mig um að Ísland væri fyrir mig. Hann hefur margt að svara fyrir. Ef það er einhver sem þekkir hann, þá má hann endilega færa honum góðar kveðjur frá mér. Væri voða gaman að vita hver hann er,“ sagði Meri í viðtalinu.

Það var sonur Trausta, Atli Már Traustason, sem kom upplýsingum um myndina á framfæri við Bændablaðið.



Meri Remes flytur ræðuna við setningu Búnaðarþings 2018. Mynd / smh



Trausti Kristjánsson, bóndi á Syðri-Hofdölum, er í rauðu peysunni og maðurinn í brúnu úlpunni er Jón Sigurðsson á Sleitustöðum, fæddur 1929.



Handhafar Landbúnaðarverðlaunanna 2018. Bændurnir frá Syðri-Hofdölum eru vinstra megin á myndinni, þau Atli Már Traustason, Ingibjörg Klara Helgadóttir, Ingibjörg Aadnegard og Trausti Kristjánsson. Kristján Þór Júlíusson ráðherra kemur næstur og svo bændurnir í Nesi, þau Sigurlaug Sigurðardóttir og Ari Laxdal í Höfðahverfi í Grýtubakkahreppi. Mynd / smh

Voru bæði við setningu Búnaðarþings 2018

Trausti Kristjánsson er fæddur 7. janúar 1953 á Sauðárkróki. Svo skemmtilega vill til að við setningu Búnaðarþings 2018 var honum og fjölskyldu hans veitt Landbúnaðarverðlaunin 2018, skömmu eftir að Meri hafði flutt íslenskum bændum kveðju frá norrænu bændasamtökunum. /smh

Gluggar og hurðir

Í yfir 20 ár hefur Viking Window AS framleitt tréglugga og hurðir með eða álkápu í öllum litum sem afhendast tilbúnir til ísetningar. Afgreiðslutími er einungis 5-8 vikur
Sjá nánar á www.viking.ee

Viking
Viking Window AS





Sendu okkur gögn á sala@aflvelar.is og fáðu tilboð

Vesturhrauni 3 - 210 Garðabær
480-0000 - sala@aflvelar.is - www.aflvelar.is

AFLVÉLAR




Benedikt Arnbjörnsson með Heiðurshornið og þeir bræður frá Brún, Erlingur og Ari Teitssynir, sem hlutu Hvatningarverðlaun BSSÞ.













Birgir og Herborg hafa unnið hörðum höndum að því að koma sér fyrir á neðstu hæðinni í Húsi Sjávarklasans og verða þar í hópi veitingastaða í nýrri mathöll. Mynd / smh

Veitingastaðurinn Fjárhúsið opnað á Granda-garðinum:

Sérhæfir sig í lambakjöti

– Tvíreykt hangikjöt af forystufé líka á matseðlinum

Í Húsi Sjávarklasans á Granda-garðinum er nú unnið að uppsetningu á litlum veitingastað sem heitir Fjárhúsið og mun helga sig sölu á fljótelduðum lambakjötsréttum – í svokölluðum street food-stíl. Að auki er ætlunin að bjóða upp á tvíreykt hangikjöt af forystusauðum.

Eigendur að Fjárhúsinu eru Birgir og Herborg Svana Hjelm, en þau starfa bæði hjá Matartímanum, sem er dótturfyrirtæki Sölufélags garðyrkjumanna; Birgir er matreiðslumeistari og framleiðslustjóri, en Herborg sviðsstjóri.

Til húsa í nýrri Mathöll

„Birgir var búinn að ganga með þessa frábæru hugmynd í um 20 ár, það er að opna veitingastað sem myndi sérhæfa sig í íslensku lambakjöti. Við ræddum þessa hugmynd og niðurstaðan var að við myndum finna stað fyrir Fjárhúsið. Vorum búin að skoða nokkra staði en svo ákváðum við að sækja um úti á Granda í nýju mathöllinni sem verður opnuð núna fyrstu helgina í júní og fengum úthlutað bás, en það voru yfir 100 hugmyndir sendar inn,“ segir Herborg.

Reykt kjöt af forystufé

„Á matseðli verðum við með hefðbundna street food-rétti, eða það sem mætti kalla götuskyndirétti, en eins og nafnið á staðnum gefur til kynna þá einbeitum við okkur að lambakjötsréttum. Við verðum til dæmis með lambaborgara, beikon, kótelettur með lundinni á (t-bein),

Merki Fjárhússins.

steikur, pylsur og bjór-pylsur – einnig ætlum við að bjóða upp á tvíreykt hangikjöt frá Daníel Hanssyni sem býr í Þistilfirði en hann reykir kjöt af forystufé. Það kjöt er ólíkt kjöti af venjulegu sauðfé, forystuféð er háfættara og grennra og því er kjötið fituminna en hefðbundið lambakjöt. Við erum mjög spennt yfir þessum rétti hjá okkur. Við getum ekki lofað að þessi réttur verði allt árið, stofninn telur aðeins um 1.200 dýr og einungis er 30 dýrum slátrað árlega hjá Daníel.

Okkar sérstaða er að við leggjum mikla áherslu á að hafa íslenskt hráefni eins og hægt er, ekki bara lambakjöt, heldur líka íslenskt grænmeti, verðum með landnámshænuegg og bygg frá Þorvaldseyri. Okkur finnst mikilvægt að geta sagt viðskiptavinum okkar hvaðan hráefnið kemur og að það hafi sögu, nærumhverfið, íslenska náttúran og íslenska lindarvatnið sem er einstakt – forréttindi að geta boðið upp á svona heilnæmar vörur. Íslenska lambakjötið hefur mikla sérstöðu yfir annað kjöt þegar kemur að hreinleika og dýrin ganga frjáls og eru ekki verksmiðjualin,“ segir Herborg og reiknar með að staðurinn verði opnaður í kringum 1. júní næstkomandi. */smh*

AÐALFUNDUR BÚNAÐARSAMBANDS KJALARNESÞINGS 2018

Aðalfundur BSK verður haldinn í *Ásgarði Kjós* laugardaginn 28. apríl 2018 kl. 15.

Dagskrá:

- **Skýrsla stjórnar fyrir liðið ár.**
- **Reikningar félagsins.**
- **Gestir fundarins eru frá BÍ og Bú-Vest.**
- **Kosningar.**
- **Tillaga um að deild sauðfjárbænda innan BSK sameinist félagi sauðfjárbænda í Borgarfjarðarsýslu.**
- **Önnur mál.**

Að aðalfundi loknum verður farin skoðunarferð um Kjósina.

Stjórn BSK



Hjónin Helga Guðmundsdóttir og Þorgrímur Guðbjartsson, bændur á Erpsstöðum, með Þóru Valsdóttur, ráðgjafa hjá Matís, á milli sín. Myndir / MATÍS

Skyrstofa Erpsstaða opnar dyrnar

Rjómabúið Erpsstaðir í Dölum hefur í nokkur ár framleitt skyr upp á gamla mátann, kynnt framleiðsluaðferðina og sagt ferðamönnum sögu skyrsins.

Þann 8. apríl var formleg opnun á sögusýningu, fræðslusetri og smakkbar á hinu hefðbundna íslenska skyri og er sennilega um fyrsta skyrbar landsins að ræða. Við opnunina gengu Erpsstaðir inn í alþjóðlegu samtökin ÉCONOMUSÉE® network sem eru samtök handverksfyrirtækja sem viðurkennd eru fyrir gæði sín og sérstöðu.

„Opnunin tókst mjög vel og skemmtilegt að sjá þetta verða að veruleika eftir starf sem hófst fyrir þremur árum. Síðan hugmyndin vaknaði hefur verið unnið á mismiklum hraða við að koma þessu á en þetta hefur þróast og gerjast á góðan hátt í samstarfi við Matís sem höfðu samband við okkur. Hluti af þessari opnun núna er að koma skyrinu meira að fólki, sem getur nú pantað sér skyr úr vél eins og ís,“ segir Þorgrímur Guðbjartsson, bóndi á Erpsstöðum, en þangað koma rúmlega 15 þúsund gestir á ári og er ísinn á staðnum vinsælasta varan sem er í boði.

Deila ástríðu og arfleifð

Fyrir þremur árum fór af stað verkefni hjá Matís, Craft reach, sem er samstarfsverkefni átta landa á norðurhjaranum: Noregs, Svíþjóðar, Norður-Írlands, Írlands, Færeyja, Íslands, Grænlands og Kanada. Verkefnið er styrkt af Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins og hefur það að markmiði að styðja og styrkja handverksfyrirtæki til að dafna, gera þau sýnileg í nærumhverfinu og kynna þau jafnframt alþjóðlega.

„Í verkefninu er unnið með aðferðafræði alþjóðlegu samtakanna ÉCONOMUSÉE® Network, sem eru samtök handverksfyrirtækja sem eru viðurkennd fyrir gæði sín og sérstöðu og opna dyr sínar fyrir almenningi til að deila ástríðu sinni á viðfangsefni sínu og arfleifð. Á Íslandi köllum við slík handverksfyrirtæki hagleikssmiðjur. Nú eru um 80 fyrirtæki í samtökunum í átta löndum,“ segir Þóra Valsdóttir, ráðgjafi hjá Matís.

„Skyr er einn dýrmætasti matarmenningararfur sem við Íslendingar eigum. Nú orðið finnst „íslenskt skyr“ nánast um heim allan, en um hvaða skyr er verið að tala? Fyrir nokkrum árum vann ég rannsóknarverkefni um hefðbundið skyr. Þá kom í ljós að mjög fáir voru



Páll Brynjarsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV), Ólafur Sveinsson, ráðgjafi hjá SSV, Inga Dóra Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands og Guðbjartur Björgvinsson, faðir Þorgríms, ræða málin á opnuninni.



Sigríður Anna Ásgeirsdóttir, sem er hugmyndasmiðurinn að mysudrykknum Islandus, sem unninn er úr mysu frá Erpsstöðum og Eirný Sigurðardóttir, sem á og rekur Búrið.

ennþá að búa til skyr á þennan hátt, örfáir bæir. Í rannsókninni kom einnig í ljós að hefðbundið skyr hefur sérstöðu og var í framhaldinu farið í þá vinnu að stofna Slow food Presidia um hefðbundið skyr sem Rjómabúið Erpsstaðir er aðili að.“

Sérstaða hefðbundna skyrsins

Rjómabúið Erpsstaðir hefur orðið vart við mikla eftirspurn um fræðslu um skyr, bæði framleiðsluna og sögu. Á liðnum fjórum árum hafa komið rúmlega 15.000 gestir á ári og tvö til þrjú sjónvarpsmyndagengi víða að úr heiminum til að gera hinu vinsæla íslenska skyri skil. Til að bregðast við eftirspurn hefur af og til verið boðið upp á óformleg námskeið í skyrgerð á Facebook-síðu Rjómabúsins og hafa þau fyllst jafnóðum, einkum af erlendum gestum.

„Það lá beint við að fá Rjómabúið Erpsstaði með áherslu sína á hefðbundið skyr inn í þetta verkefni, kynna og styrkja þannig rekstrargrundvöll við framleiðslu á hefðbundnu skyri. Með því að koma upp skyrstofu er jafnframt verið að koma til móts við óskir fjölda fólks, bæði íslenskra og erlendra ferðamanna sem langar að fræðast um sögu lands og þjóðar, með tilliti til skyrsins. Með skyrsýningunni sjáum við hér tækifæri til að koma á framfæri sérstöðu hefðbundna skyrsins en ekki síður íslenska kúakynsins, mjólkur og mjólkurafurða, kynna íslenska kúabændur og þær aðstæður sem dýrin búa við,“ segir Þóra og bætir við:

„Við þróun skyrsýningarinnar fengum við til liðs við okkur hönnuðinn Guðfinnu Mjöll Magnúsdóttur sem listrænan stjórnanda og Auði Lóu Guðnadóttur myndlistarmann. Sýningin var þróuð í nokkrum skrefum til að fá fram viðbrögð gesta, síðastliðið vor var húsnæðinu breytt og nú er sýningin sjálf komin upp með skúlptúrum, teikningum og fræðslutexta. Tekið er á móti gestum allt árið, þeim boðið að smakka og kaupa skyr en á fyrirfram ákveðnum tímum ársins er að auki boðið upp á örnámskeið í skyrgerð, sem felst bæði í að framleiða skyrið sem og að sagt sé frá skyrinu á ítarlegri hátt en fram kemur í sögusýningunni. Gert er ráð fyrir að með betri markaðssetningu á skyrinu og uppsetningu skyrstofunnar muni fjöldi gesta aukast í 25 þúsund árlega eftir þrjú ár.“ */ehg*



Sandblásturskassi m/ryksugu
2 stærðir
Verð frá 361.900 + vsk



Hobby Sandblásturskassi m/ryksugu
Verð 146.900 + vsk



Hobby Borð-Sandblásturskassi
Verð 39.320 + vsk



Þvottakör
3 stærðir
Verð frá 8.900 + vsk



Verkfæraskápur m/205 verkfærum
Verð 99.900 + vsk

- ✓ HREINSIEFNI
- ✓ SANDBLÁSTURSSANDUR
- ✓ VÉLAHLUTAÞVOTTAVÉLAR
- ✓ HÁÞRÝSTIDÆLUR
- ✓ DÆLUR
- ✓ O.m.fl.



Sandblásturskútur
38L
Verð 39.320 + vsk

Sandblásturskútur m/ryksugu
80L
Verð 53.200 + vsk



Ultrasonic Cleaner
36L
Verð 199.900 + vsk

SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND MEÐ FLYTJANDA

JÁKÓ
vélar og efnavörur sf.
Auðbrekku 23, Kópavogi
s. 564 1819, www.jako.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

VEIÐIHÚS - GESTAHÚS - VINNUSKÚR - COTTAGE

Húsið er 20 fm, 6 metra langt, 3,4 metra breitt og lofthæð inni er 2,23 m.



- » Rafmagnstafla og rafkerfi, lýsing og rafmagnsofnar, eldunaraðstaða með vaski og eldavél.
- » Klósett og vaskur.
- » Borðkrókur með bekkjum sem hægt er að breyta í rúm fyrir tvær persónur.
- » Svefnrými fyrir fimm persónur sem hægt er að loka með rennihurðum.
- » Húsið stendur á tveimur stálbitum með upphengiaugum til flutnings.
- » Gólfið er ónýtt vegna fúa ásamt hurðarpósti, annars er ástand hússins þokkalegt að flestu leyti.

Óska eftir tilboðum í húsið miðað við að það verði sótt. Húsið er staðsett í *Úthlíð* í Biskupstungum, 801 Selfossi.

Nánari upplýsingar hjá Kristmundi í síma 695 2700.

Handknúinn sópur



Cleanfix HS770 sópurinn hentar bæði inni og úti.
Fyrir bílaplön, bílageymslur, íþróttasvæði, o.fl.
Vinnslubreidd 77 cm
Stillanlegur hliðarbursti
32L tankur

~~Verð: 83.824 kr.~~
Sumartilboð* 71.250 kr

cleanfix

*Tilboðsverð gildir úr apríl 2018 og á meðan birgðir endast


Vesturhrauni 3 - 210 Garðabær
480-0000 - sala@aflvelar.is - www.aflvelar.is

AFLVÉLAR

Láttu Cleverdog eftirlitsmyndavélina auðvelda störfin.

Væri ekki gott að fylgjast með sauðburðinum úr sófanum eða hvaðan sem er, í gegnum símann, spjaldtölvuna eða tölvuna?





BSV netverslun

Verð frá aðeins 8.740 kr

Nánari upplýsingar á www.bsv.is eða bsv@bsv.is og í síma 571 4000

Clever Dog

SKÓGRÆKT & LANDGRÆÐSLA

Skógrækt til sveita:

Umhirða skógarplantna heima á hlaði

Þróttmiklar skógarplöntur eru ein af undirstöðum árangursríkrar skógræktar. Heilbrigðar plöntur eru betur í stakk búnar til þess að takast á við aðstæður á gróðursetningarstað sem oftast eru mun óblíðari en þær aðstæður sem ríkja í gróðrarstöðinni þar sem plöntum er séð fyrir vatni, næringu og skjóli.

Líklegra er að þróttmikil og heilbrigð skógarplanta komist á legg en sú sem þegar er veikluð við gróðursetningu og því til mikils að vinna að koma skógarplöntum hraustum í jörðina.

Ferlið frá því að plöntur yfirgefa gróðrarstöð og þar til búið er að gróðursetja þær er viðkvæmt. Margt getur farið úrskeiðis sem verður svo til þess að skógarplantan er ekki eins þróttmikil og hún gæti verið þegar til gróðursetningar kemur. Hér er dregið fram hvernig standa verður að flutningi skógarplantna og hvernig er best að hugsa um skógarplönturnar heima á hlaði meðan þær bíða gróðursetningar.


Verðandi skógur.

Gróðursetja sem fyrst

Fyrst bera að nefna að það er alltaf best að gróðursetja plöntur sem allra fyrst eftir að þær eru sóttar. Ef plöntur eru geymdar of lengi heima við gengur á næringarforða þeirra vegna þess að þar eru þær aðeins vökvaðar með áburðarlausu vatni.

Í gróðrarstöðvum eru plöntur alltaf vökvaðar með áburðarvatni. Grámygla í barri getur verið fylgifiskur langrar geymslu en hún skemmir laufblöð og barr og plantan hefur þá ekki eins mikinn laufmassa til að ljóstillífa til vaxtar og orkusöfnunar. Svo má nefna að vaxtarsproti plantna verður brothættari eftir því sem hann lengist, sérstaklega á stafafuru og greni, svo því lengur sem plöntur bíða í geymslu því meiri hætta er á að vaxtarsprotinn brotni við það hnjask sem gróðursetningu fylgir.

Flytja í lokuðu rými

Ef plöntur eru fluttar heim í opinni kerru eða á palli verður gríðarleg uppgufun úr barri og laufi vegna vindálags, svo mikil að það getur stórskaðað smávaxnar plönturnar jafnvel þótt leiðin sé stutt. Þess vegna skal alltaf flytja þær í lokuðu rými.

Meðhöndla bakka varlega

Rannsóknir hafa sýnt að það getur dregið verulega úr rótarvexti bakkaplantna ef bökkunum er hent harkalega niður1, 2. Því verður alltaf að leggja bakkana varlega frá sér og forðast þannig að valda skaða sem getur dregið úr hæfni plantnanna til að mynda rætur eftir gróðursetningu.

Slétt, hart undirlag

Rótarhnaus plantna þornar frekar ef loftar undir bakkana. Því er mikilvægt að raða þeim á slétt undirlag þannig að allur neðri flötur bakkanna liggi á undirlaginu. Halli bakkinn vegna óslétts undirlags rennur vökvunarvatnið frekar af honum í stað þess að síga niður í rótarhnausana. Mikilvægt er að raða bökkunum þétt saman. Þannig er komið í veg fyrir að loft leiki á milli bakka og um leið dregið úr uppgufun frá þeim. Gott er að hrófla möl upp að köntum bakkabreiðunnar eða setja fjalir með fram köntunum. Kantarnir þorna upp fyrst og draga má úr þeirri þornun með því að verja kantana sérstaklega með þessum hætti.

Skjól og skuggi

Velja þarf bakkaplöntunum geymslu-


Rakel J. Jónsdóttir.


Kantar bakkabreiðu.

stað í skjóli. Vindur eykur uppgufun úr barri og laufi plantna og við það verður meiri þörf á vökvun og meiri hætta á skemmdum. Betra er að staðsetja plöntur í skugga, fremur en að hafa þær sunnan undir vegg þar sem sólarinngeislun er mest. Í skugganum dregur úr vökvunarþörf. Aldrei skal þó geyma plöntur í útihúsi eða skemmu því dagsbirtan er plöntunum nauðsynleg til orkusöfnunar.

Rétt tæki til vökvunar

Mikilvægt er að byrja strax með jafna vökvun til þess að geta fylgst betur með því að öll bakkabreiðan sé í lagi. Jöfn vökvun næst með því nota úðara sem hægt er að stilla upp við eða inni í bakkabreiðunni. Með útbúnaði sem þessum þarf ekki að standa yfir plöntum með stút á slöngu meðan á vökvun stendur. Tryggja þarf að vökvunarúðinn nái


Nægjanlega mikil vökvun.


Rétt tæki til vökvunar.

yfir alla bakkabreiðuna í hvert sinn sem vökvað er og taka þá tillit til áhrifa vinds á úðann hverju sinni. Gott er þó að eiga líka handúðara framan á slöngu til að grípa til ef í ljós kemur að aðeins kantar bakkabreiðunnar þurfa vökvun.

Hvenær á að vökva?

Hér vandast málið. Feta verður gullinn meðalveg í vökvuninni, því eins og það er hægt að vökva of lítið, er líka hægt að vökva of mikið og of oft. Stöðugur raki í blaðmassa bakkabreiðunnar býður heim hættunni á grámygluskemmdum. Kjöraðstæður hennar eru raki og hiti og því er nauðsynlegt að blaðmassinn nái að þorna á milli þess sem vökvað er. Ekki ætti að setja sér markmið um það að rótarhnausinn sé alltaf rennblautur eins og hann er þegar hann er nývökvaður, heldur að vatnið nái að minnka í rótarhnaus á milli þess sem vökvað er með uppgufun úr plöntunni og ræktunarefninu í rótarhnausnum.

Vökvunarþörf er jafnan metin með tvennum hætti. Í fyrsta lagi með því að handfjatla rótarhnausa plantnanna og finna með því hvort yfirborð moldarinnar er rakt viðkomu. Ef rótarhnausinn er kreistur laust og vatn rennur úr honum er ekki þörf á að vökva (sama aðferð er notuð til þess að meta hvenær er búið að vökva nóg).

Sé rótarhnausinn hins vegar léttur og ekkert vatn rennur úr honum þegar hann er kreistur er ráðlegt að vökva. Hér verður að hafa varann á sér því ef rótarhnausinn þornar of mikið getur reynst erfitt að fá ræktunarefnið til að draga aftur vatn í sig og þá er plantan þegar komin í hættu. Yfirborð rótarhnausa má því aldrei verða þurrt viðkomu.

Í öðru lagi má nota þá aðferð að vega allan bakkann í hendi sér. Og byggja þannig smám saman upp tilfinningu fyrir því hvað nývökvaður bakki vegur í hendi og á móti hvað bakki vegur í hendi sem kominn er tími til að vökva. Í gróðrarstöðvum er þessi aðferð notuð með nákvæmari hætti. Fullvökvaður 40 gata plöntubakki vegur 2,5 kg. Þegar þungi bakkans er komin niður í 1,9 kg er kominn tími á vökvun.

Alltaf skal kanna ástand rótarhnausa í kanti fyrst, en teygja sig svo inn í bakkabreiðuna og kanna ástand rótarhnausa þar líka áður en tekin er ákvörðun um að vökva alla bakkabreiðuna. Ef aðeins plöntur í kantinum eru komnar á vökvunarstig má nota stút framan á slöngu til að vökva kantinn og sleppa því þá að láta úðarann ganga yfir alla breiðuna með tilheyrandi hættu á grámygluvexti.

Hvenær er vökvun orðin nægjanleg?

Varast skal að vökva meira en svo að nægi til þess að bleyta rótarhnausinn vel upp. Ef vatnið er látið ganga á plöntum lengi hefur það í för með sér óþarfa kælingu á plöntunum auk þess sem rótarhnaus getur orðið laus í sér og næringarefni í moldinni skolast alveg út. Til þess að kanna hvort búið sé að vökva nóg eru nokkrir rótarhnausar valdir af handahófi og kreistir laust í hendi. Ef vatn rennur auðveldlega úr þeim er búið að vökva nóg.

Dagleg vöktun

Á meðan plöntur bíða gróðursetningar verður að athuga vökvunarþörf á hverjum degi, sérstaklega ef sólar nýtur. En hafa ber í huga að þó hann rigni, rignir mögulega ekki nóg til að væta vel í bökkunum. Þetta verk krefst ekki mikils tíma á hverjum degi en þeim tíma er vel varið því natni við verðandi skóg skilar sér í betri lifun og vexti og þar með arði af dagsins amstri.

Heimildir

1. *Helen M. McKay o.fl (1999). The effect of desiccation and rough-handling on the survival and early growth of ash, beech, birch and oak seedlings. Annals of Forest science. Vol 56, nr 5. Bls. 391-402*
2. *J.D. Deans o.fl (1990). The influence of desiccation, rough handling and cold storage on the quality and establishment of Sitka spruce planting stock. Forestry, Vol. 63, nr. 2, bls. 129-141.*

Rakel J. Jónsdóttir,
skógræktarráðgjafi Skógræktarinnar í Suður- og Norður- Þingeyjarsýslum



Jonas Ebbesson, formaður eftirlitsnefndar Árósasamningsins og prófessor við lagadeild Stokkhólmsháskóla, var aðalgestur málþingsins. Myndir/BNG

Almenningi er tryggt aðgengi að ákvörðunum um náttúru og umhverfi:

Stuðlað er að mannréttindum með Árósasamningnum

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið stóð fyrir málþingi um Árósasamninginn þann 5. apríl sl. í Þjóðminjasafninu. Fjallað var um reynsluna af samningnum frá ólíkum sjónarhornum en hann hefur verið í gildi hér á landi í sjö ár.

Ákvarðanir um hvernig fara eigi með náttúruauðlindir og hvaða markmiðum unnið er eftir í hennar þágu lúta opinberum stjórnsýsluferlum. Árósasamningur á að tryggja aðkomu almennings og frjálsra félagasamtaka að þeim ferlum

Árósasamningurinn var fullgiltur á Íslandi 2011 en samningnum er ætlað að tryggja almenningi aðgengi að upplýsingum um umhverfismál, að geta haft áhrif á ákvarðanatöku sem snertir umhverfið og geta borið ákvarðanir er snerta umhverfið undir óháða úrskurðaraðila.

Hér á landi hefur samningurinn aðallega verið innleiddur með lögum um úrskurðarnefnd umhverfismála, lögum um upplýsingarétt um umhverfismál, lögum um mat á umhverfisáhrifum og lögum um umhverfismat áætlana.

Orð eru til alls fyrst

Aðalgestur málþings umhverfis- og auðlindaráðuneytisins var Jonas Ebbesson, formaður eftirlitsnefndar Árósasamningsins og prófessor við lagadeild Stokkhólmsháskóla, sem fjallaði um starf eftirlitsnefndarinnar og mál sem hafa komið á borð hennar. Nefndi hann meðal annars hvernig samningnum er ætlað að tryggja almenningi þau mannréttindi að vita hvaða áhrif framkvæmdir og áætlanir í umhverfi og náttúru geti haft fyrir heilsu og velferð þeirra og komandi kynslóða.

Yfir 150 mál hafa komið á borð eftirlitsnefndarinnar síðan hún hóf starfsemi árið 2002, en þó niðurstöður nefndarinnar séu ekki lagalega bindandi sagði Ebbesson þau vera fordæmisgefandi. Nefndi hann að flest málanna kæmu frá Bretlandi, eða 25%. Taldi hann skýringu þess liggja í sterkum grasrótarsamtökum þar í landi sem berjast fyrir þátttöku almennings í umhverfismálum. Enn hefur ekkert mál frá Íslandi farið fyrir nefndina.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar, fjallaði um þátttökuréttindi almennings og Sverrir Jan Norðfjörð, framkvæmdarstjóri þróunar- og tæknisviðs Landsnets, varpaði fram sjónarhorni framkvæmdaaðila. Helga Ögmundardóttir, stjórnarkona í Landvernd, tæpti á sjónarmiðum félagasamtaka þegar kemur að því að nýta réttindi til að koma að ákvörðunum um umhverfið. Þá benti Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor og deildarforseti lagadeildar HÍ, á punkta sem styrkt gætu réttindi almennings og frjálsra félagasamtaka í ferlunum, m.a. með að gefa þeim færi á gjafsókn í málum er snerta umhverfið.

Auka á gagnsæi og fræðslu

Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra ávarpaði þingið og kynnti áhersluatriði í aðgerðaráætlun um eftirfylgni við innleiðingu samningsins.

Sagði hann m.a. það koma til greina að sameina lög um upplýsingarétt um umhverfismál og upplýsingalög til að tryggja gagnsæi og einfalda stjórnsýslu og styðja við fyrstu stoð Árósasamningsins, sem fjallar um aðgengi almennings að upplýsingum um umhverfismál. Þá verði lögð áhersla á að finna leiðir til að veita almenningi og umhverfisverndarsamtökum kost á að koma fyrr að ákvarðanatöku og áætlunum er snerta umhverfismál.

Einnig á að finna leiðir til að uppfræða almenning um Árósasamninginn og þau réttindi sem þau fela í sér.

Aukin fjárveiting til að styrkja úrskurðarnefnd

Nanna Magnadóttir, formaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, fjallaði um reynsluna af þeirri kæruleið sem innleidd var með fullgildingu samningsins hér á landi.

Síðan nefndin hóf störf í ársbyrjun 2012 hefur hún úrskurðað í hundruðum mála. Lögbundinn úrskurðartími nefndarinnar er þrír mánuðir en sex mánuðir í umfangsmiklum málum. Meðalafgreiðslutími úrskurðarnefndarinnar hefur hins vegar verið mun lengri, eða að meðaltali 9 mánuðir árið 2017.

Til að vinna á uppsöfnuðum málum og hraða úrskurðum var nýlega ákveðið að veita auknu fé til úrskurðarnefndarinnar í ár. */ghp*

IÐNAÐARHURÐIR
BÍLSKÚRSHURÐIR



- Íslensk framleiðsla, smíði og samsetning.
- Allar hurðir smíðaðar samkvæmt máli.
- Áratuga reynsla starfsmanna í hurðum.
- Hágæða hráefni.
- Þolir íslenskt veðurfar.
- Sér meðhöndlaðar brautir gegn ryði og álagi.
- Stuttur afgreiðslutími.

IS HURÐIR

IS Hurðir I Sími 564 0013 I www.ishurdir.is I ishurdir@ishurdir.is

www.bbl.is

Framúrskarandi fyrirtæki
BRIGGS & STRATTON
Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta
Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI
MHG VERSLUN EHF 544-4656 - MHG.IS

Liebherr byggingarkrani





Til sölu byggingarkrani AB-0373 Liebherr 45K 1994.
Búið er að endurnýja flesta slithluti og víra.
Kraninn er á Akureyri.
Frekari upplýsingar veitir Bjarni í síma 820-0820 eða bjarni@venue.is



RML
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Sæðingahrútar verðlaunaðir



Eyþór Einarsson
ábyrgðarmaður í sauðfjárrækt
ee@rml.is

Árlega hafa sæðingastöðvarnar veitt verðlaun til ræktenda þeirra sæðingastöðvahrúta sem þótt hafa skarað fram úr sem kynbótagripir. Annars vegar eru veitt verðlaun fyrir besta lambaföðurinn og hins vegar fyrir mesta kynbótahrútinn.

Það er faghópur sauðfjárræktar hjá RML sem velur hrútana og mótar reglur um val þeirra.

Besti lambafaðirinn

Við val á besta lambaföðurnum er horft til útkomu þeirra hrúta sem skiluðu 100 eða fleiri fullstigðuum hrútum í gegnum sæðingar sl. haust. Hrúturinn þarf að ná 110 stigum í BLUP kynbótamati fyrir gerð og fitu og að lágmarki 95 stigum fyrir frjósemi og mjólkurlagni. Þungaeinkunn hrútsins þarf að vera yfir 105. Sérstaklega er horft til niðurstaðna úr ómmælingum og stigun lambanna.

Í ár var það Börkur 13-952 frá Efri-Fitjum sem hampar verðlaununum. Hann er ræktaður af þeim Gunnari Þorgeirssyni og Grétu Brimrúnu Karlsdóttur. Börkur hlaut eftirfarandi umsögn:

„Besti lambafaðir sæðingastöðvanna veturinn 2016 til 2017 er Börkur 13-952 frá Efri-Fitjum í Fitjárdal, Vestur-Húnavatnssýlsu. Val hans byggir á niðurstöðum úr lambaskoðunum og kjötmati haustið 2017.

Börkur er sonur Birkis 10-893 frá Bjarnastöðum. Í æðum hans rennur talsvert Hestsblóð, en Þráður 06-996 frá Hesti er móðurfaðir hans og einnig má finna Hörva 92-972 í bakættum í gegnum Ljóra 95-828 frá Þóroddsstöðum. Þessar ættlínur hafa blandast með frábærum hætti við það öfluga afurðafé sem ræktað er á Efri-Fitjum.



Börkur 13-952 frá Efri-Fitjum hampar verðlaununum sem besti lambafaðirinn.



Váli 10-907 er útnefndur mesti kynbótahrútur sæðingastöðvanna 2018.

Börkur var fenginn til notkunar á sæðingastöðvunum haustið 2015 að aflokinni afkvæmarannsókn fyrir úrvalshrúta í Miðfjarðarhólfi sem fram fór á Þóroddsstöðum. Er hann annar hrúturinn úr þeirri rannsókn sem vinnur til þessara verðlauna. Börkur var tvo vetur á stöð, fékk strax mikla notkun og var mest notaði hrútur stöðvanna veturinn 2016 til 2017.

Afkvæmi Barkar eru jafnan fremur bollöng og vel gerð hvar sem á þeim er tekið. Þau búa yfir mikilli holdfyllingu, eru hóflega feit og geysilega þroskamikil. Stendur hann nú í 115 stigum í kynbótamati fyrir gerð, 111 stigum fyrir fitu og með fallþungaeinkunn upp á 147. Þá er hann ákaflega lofandi sem ærfaðir og er hann því einn af mestu kostagripum stöðvanna til framræktunar á helstu úrvalseiginleikum. Því miður er hann fallinn en Börkur var frábær kynbótahrútur sem hlýtur með sóma nafnbótina „besti lambafaðirinn“ framleiðsluárið 2017.“

Mesti kynbótahrúturinn

Kynbótahrúturinn þarf bæði að hafa verið góður lambafaðir og ærfaðir. Meðal krafna sem til hans eru gerðar er að hann eigi a.m.k. tvo árganga af dætrum sem komið hafa til uppgjörs og eru tilkomnar í gegnum sæðingar. Hann hafi að lágmarki 105 stig í BLUP kynbótamati fyrir gerð og mjólkurlagni og 100 stig fyrir fitu og frjósemi.

Kynbótahrúturinn árið 2018 er Váli frá Gunnarsstöðum í Þistilfirði. Ræktandi hans eru Gunnarsstaðir sf.. Váli hlaut hann eftirfarandi ummæli:

„Mesti alhliða kynbótahrútur sæðingastöðvanna árið 2018 er Váli 10-907 frá Gunnarsstöðum í Þistilfirði.

Váli kom til notkunar á sæðingastöð sumarið 2013 og var valinn þangað eftir að hafa sýnt góðan árangur sem lambafaðir heima á Gunnarsstöðum. Váli er undan Stála 06-831 en í móðurætt má m.a. finna sæðingahrútana Leka 00-880 og Bút 93-982 ásamt valinkunnum heimahrútum.

Váli var notaður á sæðingastöðvunum í tvo vetur og eru skráðar alls 1.099 sæddar ær við honum í Fjárvísi. Til fullnaðardóms komu 254 lambhrútar og 407 gimbrar.

Í samanburði sæðingastöðvahrúta eru afkvæmi Vála í góðu meðaltali hvað varðar gerð þeirra en meiri breytileiki þó í hrútum heldur en í gimbrum hvað það varðar. Styrkur afkvæma hans hefur fremur legið í hagstæðara kjötmati en mælingum á lifandi lömbum auk góðs þroska þeirra og hóflegrar fitusöfnunar.

Sem ærfaðir eru kostir Vála sem kynbótahrúts ótvíræðir en dætur hans eru ágætlega frjósamar og mjög öflugar afurðaær og sýndu þær strax þann eiginleika skýrt sem lambgimbrar. Hróður Vála sem ærföður hefur vaxið æ síðan. Hann á nú um 400 dætur samkvæmt skýrsluhaldi Fjárvíss.

Váli 10-907 er hér með útnefndur „mesti kynbótahrútur stöðvanna 2018“ og ber þann titil með sóma.“

Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot
• Þægilegur hiti góð hitadreifing
• Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
• Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
• Fljótlegt að leggja
• Ekkert brot ekkert flot
• Dreifiplötur límdar beint á gólfið
• Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
• Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
• Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt
Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is
Hringás ehf.

RÚÐUR Í MIKLU ÚRVALI
EIGUM TIL Á LAGER RÚÐUR Í FLEST ALLAR GERÐIR DRÁTTARVÉLA – FRÁBÆR VERÐ
John Deere
Zetor
Case IH
McCormick
Steyr
Claas
Ford
Fiat
New Holland
Deutz-Fahr
Massey Ferguson
SÉRPÖNTUM RÚÐUR Í ALLAR GERÐIR DRÁTTARVÉLA MEÐ SKÖMMUM FYRIRVARA
VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.
www.VBL.is
REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000
AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600



Borðeyri var miðstöð verslunar á árum áður og þar liggja merk spor í íslenskri verkalýðsbaráttu. Mynd / HKr.

Tillaga um verndarsvæði í byggð innan Borðeyrar

– Markmiðið að viðhalda og styrkja byggð

Sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur samþykkt að leggja fram tillögu til mennta- og menningarmálaráðherra um verndarsvæði í byggð innan Borðeyrar í Hrútafirði. Þannig vill sveitarstjórn staðfesta menningarsögulegt gildi verslunarstaðarins á Borðeyri.

Svæðið sem um ræðir er tæplega 15 þús. ferkílómetrar að stærð og tæplega 1,5 hektarar. Það stendur á landsspildu sem kallast Borðeyrartangi og gekk undir viðurnefninu Plássið.

Mörk þessa svæðis ná frá læk sem fellur úr grónum gilskorningi sem kallast Lækjardalur að vestanverðu og meðfram sjólínunni á suðurhlið tangans frá þeim stað sem lækurinn fellur í víkina allt fram á eyraroddann í austri. Þaðan liggja mörkin meðfram sjóvarnargarði til norðvesturs þar til náð er beinni sjónlínu við brattan malarkamb rétt norðan við norðurgafl gamla sláturhússins. Þaðan ná mörkin í hallandi línu meðfram kambnum til vesturs að læknum.

Markmið þess að gera hluta Borðeyrar að sérstöku verndarsvæði er að viðhalda og styrkja byggð á Borðeyri með þeim hætti að söguleg arfleifð kaupstaðarins fái notið sín og gildi hennar undirstrikað gagnvart heimamönnum jafnt sem aðkomufólki en þó ekki síst gagnvart komandi kynslóðum.

Til grundvallar tillögunni er fornleifaskráning fyrir Borðeyri frá 2008 og húsakönnun á Borðeyri frá 2017 ásamt ítarlegri umfjöllun um sögu Borðeyrar sem unnin var af dr. Vilhelm Vilhelmssyni sagnfræðingi vegna tillögunnar. Einnig er byggt á greiningu á svipmóti byggðarinnar í sögu og samtíð

Tillöguna ásamt greinargerð má nú nálgast á vef Húnaþings vestra. Hún liggur frammi í Ráðhúsi sveitarfélagsins á Hvammstanga til 8. maí næstkomandi. */MÞÞ*



Dalvíkurbyggð:

Bjart yfir atvinnulífi og mikið byggt

Bjart er yfir atvinnulífinu í Dalvíkurbyggð, að því er niðurstöður atvinnulífskönnunar sem gerð var í lok liðins árs sýna. Sem dæmi má nefna að tekjur fyrirtækja í sveitarfélaginu hafa aukist þegar miðað er við sambærilega könnun sem gerð var á árinu á undan.

Það, ásamt því að 33% fyrirtækja telja að þau þurfi að fjölga starfsmönnum sínum, bendir til þess að atvinnulíf á svæðinu sé í auknum vexti. Almennt telja fyrirtækin að verkefnastaða hafi batnað, velta hafi aukist og að afkoman sé heilt yfir betri. Þannig gætir ákveðinnar bjartsýni og jákvæðni.

Iðnaður vaxandi atvinnugrein

Athygli vekur að iðnaður er greinilega vaxandi atvinnugrein í sveitarfélaginu en hann tekur stökk á milli kannana en töluvert fleiri fyrirtæki í þeirri atvinnugrein taka þátt í könnuninni árið 2017 heldur en árið 2015. Fyrirtækin eru líka almennt jákvæð gagnvart vöruþróun, nýsköpun og markaðssetningu, ásamt því að 65% fyrirtækja hafa mjög eða frekar mikinn áhuga á samstarfi við önnur fyrirtæki.

Niðurstöðurnar gefa til kynna ýmis sóknarfæri og má þar helst nefna tækifæri til að fjölga störfum fyrir háskólamenntaða, bæta samgöngur, nýsköpun og fleiri opinber verkefni.

Mikill hugur í fólki

Þessar jákvæðu niðurstöður, ásamt nýlegri frétt um lóðaúthlutanir í sveitarfélaginu til einstaklinga og fyrirtækja, benda til þess að almennt sé jákvæður vöxtur í samfélaginu. Nýjustu tölur um fjölgun íbúa gefa þetta einnig til kynna og ánægjulegt að finna almenna bjartsýni á meðal íbúa. Þetta kemur fram á heimasíðu Dalvíkurbyggðar, en þar er einnig greint frá því að alls 16 lóðum hefur verið úthlutað til byggingar á íbúðarhúsnæði og 8 lóðum vegna bygginga á atvinnuhúsnæði, þannig að uppgangur er í samfélaginu í byggðarlaginu þessi misserin og mikill hugur í fólki. */MÞÞ*

Starfsmenntasjóður bænda:

Fullgildir aðilar að BÍ geta sótt um styrki

Starfsmenntasjóður bænda, skammstafað SBÍ, hefur það að markmiði að hvetja og styrkja bændur fjárhagslega til að afla sér endur- og starfsmenntunar. Þannig geti félagar nýtt sjóðinn til að efla færni sína til að takast á við flóknari viðfangsefni. Eru bændur hvattir til að nýta sér þennan möguleika.

Rétt á styrk úr SBÍ eiga einungis þeir sem eru með fulla aðild að Bændasamtökum Íslands samkvæmt ákvæðum samþykkta BÍ.

Hægt er að sækja rafrænt um styrk úr Starfsmenntasjóðnum á Bændatorgi undir því sem heitir félagssíða. Upplýsingar um það hvað er styrkt kemur fram í reglum sjóðsins, http://www.bondi.is/files/vidhengi/reglur_starfsmenntasjods_april_2017.pdf

Umsókn skal vera á nafni félagsmanns, lögaðili getur ekki sótt um styrk. Umsóknum skal skila til sjóðsins fyrir 10. hvers mánaðar. Annars geta umsækjendur ekki reiknað með að umsóknin verði tekin til afgreiðslu í þeim mánuði.

Erfðanefnd landbúnaðarins auglýsir eftir umsóknum um verkefnastyrki

Meginhlutverk erfðanefndar landbúnaðarins er að vinna að varðveislu og sjálfbærri nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði. Í því skyni hefur nefndin ákveðið að verja fjármunum í að styrkja einstök afmörkuð verkefni sem falla að því hlutverki.

Vísað er til stefnumörkunaráætlunar erfðanefndar varðandi nánari áherslur nefndarinnar. Sjá vefsíðu nefndarinnar **www.agrogen.is.**

Lögð er áhersla á að styrkja verkefni á eftirfarandi sviðum:

- Rannsóknir er lúta að varðveislu og viðhaldi á erfðaauðlindum í landbúnaði.
- Lokaverkefni til prófs á háskólastigi er tengjast varðveislu og/eða nýtingu á erfðaauðlindum í landbúnaði.
- Aðgerðir sem stuðla að sjálfbærri varðveislu og/eða nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði.
- Kynning og fræðsla fyrir almenning um erfðaauðlindir í landbúnaði og gildi þeirra.

Einstaklingar og félagasamtök eru hvött til að sækja um styrki til verkefna sem hafa það að markmiði að stuðla að varðveislu og/eða sjálfbærri nýtingu innlendra erfðaauðlinda í landbúnaði.

Að jafnaði verða veittir styrkir á bilinu kr. 200 - 700 þús. Sérstök eyðublöð má finna á heimasíðu erfðanefndar **www.agrogen.is.**

Umsóknum skal skilað fyrir 8. maí 2018 til Birnu Kristínar Baldursdóttur, Landbúnaðarháskóla Íslands, Hvanneyri, 311 Borgarnes - **birna@lbhi.is.**

Erfðanefnd landbúnaðarins

VÍKURVAGNAR EHF.

MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA

RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS



VÍKURVAGNAR EHF.

STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

Á FAGLEGUM NÓTUM

Fagþing nautgriparæktarinnar í Danmörku 2018 – annar hluti:

Bætt afkoma standi undir fjárfestingakostnaði



Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com



Íslandsvinurinn og fjósahönnuðurinn Robert Pedersen var einn af mörgum fyrirlesurum á Kvægkongres í ár og fjallaði erindi hans um það hvernig kúabændur geta metið endurgreiðslugetu af framkvæmdum við fjós sín. Mynd / SEGES

Hið árlega fagþing nautgriparæktarinnar í Danmörku var haldið um þarsíðustu mánaðamót, eins og sagt var frá í síðasta Bændablaði. Þar var farið yfir helstu atriði sem fram komu á aðalfundi nautgriparæktarhluta dönsku Bændasamtakanna.

Venju samkvæmt var svo haldin ráðstefna í kjölfar aðalfundarins og stóð sú ráðstefna yfir í tvo daga. Alls voru haldnar 11 málstofur á þessari ráðstefnu og verður hér gefinn sérstakur gaumur að málstofunum: „Heilbrigði“, „Hagfræði“ og „Mjólkurgæði“.

1. Dýraheilbrigði

Í þessari málstofu voru haldin sjö mismunandi erindi sem öll sneru með einum eða öðrum hætti að þema málstofunnar, þ.e. heilbrigði dýranna.

Afar mörg áhugaverð erindi voru í þessari málstofu og eitt af þeim var erindi sérgreinadýralæknisins Lars Pedersen ásamt fleirum en hann fjallaði um smitvarnir á kúabúum. Í dag er gerð krafa um smitvarnir á kúabúum og ber dýralæknum að heimsækja hvert kúabú landsins a.m.k. einu sinni á ári með það að leiðarljósi að ræða um smitvarnir búsins. Þetta eru nýjar opinberar kröfur í Danmörku og er auðvitað tilgangurinn að draga úr líkum á smiti á milli búa og minnka smitlíkur innan búanna einnig. Til þess að auðvelda bæði bændum og dýralæknum að ná tökum á smitvörnunum hefur ráðgjafarfyrirtækið SEGES, ásamt fleiri aðilum, þróað sérstakt greiningarforrit þar sem bændur geta slegið inn upplýsingum og sett inn svör við spurningum um hvernig þeir standa að margs konar verkþáttum á búum sínum. Forritið skilar svo frá sér niðurstöðum sem gefa gott yfirlit yfir ástand smitvarna búsins sem og ábendingar um það sem betur má fara. Bóndinn og dýralæknir hans geta svo farið yfir niðurstöðurnar og sett upp skipulag til þess að bæta úr því sem þörf er á. Þá voru einnig flutt önnur erindi á svipuðum nótum en sem snéru beint að því hvernig sé best að koma í veg fyrir skitu hjá smákálfum.

Þá voru nokkur erindi sem sneru að endingu kúa, en afar skiptar skoðanir eru á mikilvægi mikillar endingar enda tapast erfðaframfarir ef hjörðin er of gömul. Þegar tekið er tillit til uppeldiskostnaðar, tapaðra framfara vegna erfða og aukinna meðalafurða með hækkandi aldri kúnna er þó margt sem bendir til þess að með því að láta kýrnar endast heldur lengur en flestir gera í dag, með því að setja á og nýta allar fæddar kvígur, megi ná bættri afkomu við rekstur búanna. Að hve mikilli endingu eigi svo að stefna þarf að skoða á hverju búi fyrir sig enda aðstæður og forsendur ólíkar. Sumir ná mestum hagnaði pr. kú í upphafi þriðja mjaltaskeiðs en aðrir síðar, fáir fyrr. Afar áhugavert efni sem óhætt er að mæla með lestri á en öll erindin eru aðgengileg á heimasíðu ráðstefnunnar.

Eitt erindanna, sem flutt var af dýralækninum Espen Jakobsen og kúabóndanum Per Østergaard, fjallaði um nýtt gæðaeftirlitskerfi hjá afurðafélaginu Arla en það kallast „Arlagaarden-plus“ og er þetta eins konar bónuskerfi ofan á hefðbundið gæðakerfi sem kallast „Arlagaarden“ en íslenska kerfið „Fyrirmyndarbú“ svipar svolítið til „Arlagaarden“ þó svo að hin íslenska eftirmynd gangi ekki jafn langt í kröfum sínum og „Arlagaarden“. Í dag þurfa öll kúabú sem leggja inn hjá Arla að uppfylla þær lágmarkskröfur sem eru í gæðakerfinu „Arlagaarden“ og ef búin uppfylla ekki þær kröfur þá tekur Arla ekki við mjólkinni.



Afar mörg áhugaverð erindi voru í þessari málstofu og eitt af þeim var erindi sérgreinadýralæknisins Lars Pedersen ásamt fleirum en hann fjallaði um smitvarnir á kúabúum. Mynd / HKr.

Arla er í harðri samkeppni á heimsmarkaði með mjólkurvörur sínar og hefur markaðsfólk þess undanfarið fundið að með aukinni sérstöðu næst sterkari staða og því hefur nú verið þróuð viðbót við fyrirmyndarbúið „Arlagaarden“ og það er „Arlagaarden-plus“. Þetta kerfi gefur afurðstöðinni færi á að halda utan um og upplýsa kaupendur betur en áður um dýravelferð og ýmislegt annað sem tengist frumframleiðslunni.

„Arlagaarden-plus“ er hins vegar hrein viðbót við „Arlagaarden“ og er bændum frjálst að velja að vera með í „Arlagaarden-plus“ eða ekki. Þetta nýja kerfi er sérstaklega hannað til þess að afurðastöðin geti fylgst með dýravelferð á þeim kúabúum sem leggja inn hjá Arla og eru með í kerfinu og ef bændurnir velja að vera með í „Arlagaarden-plus“ fá þeir bónusgreiðslu fyrir hvert innvegið kíló mjólkur sem þóknun fyrir veittar upplýsingar.

Með þátttöku sinni gefa bændurnir Arla heimild til þess að fá skýrsluhaldsgögn búsins frá viðkomandi vistunaraðila þeirra gagna auk þess sem upplýsingar um slátrun eru veittar. Þá fær afurðastöðin aðgengi að sjúkdómaskráningu og lyfjanotkun búsins. Bændurnir sjá svo sjálfir um að skrá ástand hjarðar sinnar inn í þar til gerðan gagnagrunn og er það gert ársfjórðungslega.

Í þennan grunn skrá bændurnir hreyfigetu kúa (meta í raun ástand fóta), holdastig gripina, skrá hreinleika og skrá nuddsár eða önnur sár á gripum (t.d. hárlausa bletti). Sumir hafa gagnrýnt það að bændur skuli sjálfir sjá um að skrá þessa þætti niður en tilfellið er að fáir aðrir eru betur til þess fallnir að meta ástand gripanna en einmitt bændurnir sjálfir og hefur Esben Jakobsen þróað afar handhægt kerfi til þess að meta þessa þætti og má skoða kerfið nánar í glærunum sem erindið byggir á.

2. Hagfræði

Í þessari málstofu voru haldin sex ólík erindi og fjölluðu þau um allt frá fjármögnun framkvæmda og að rekstraruppgjöri kúabúa. Mörg erindanna lúta beint að dönsku fjármálaumhverfi og þarlendum fjárfestingarmöguleikum og verður ekki farið nánar inn á það efni hér.

Eitt erindið á þó jafn vel við hér og í Danmörku og var það flutt af þeim félögum Jannik Toft Andersen sem er rekstrarráðgjafi hjá SEGES og Íslandsvininum og fjósahönnuðinum Robert Pedersen. Þeir fjölluðu um hvernig kúabændur geta metið endurgreiðslugetu ef bændur fara í breytingar á fjósum eða nýfjárfestingar. Það sem í raun vakti fyrir þeim var að hinn útlagði kostnaður eigi að skila sér með bættri afkomu og ef bændur fari út í fjárfestingar eigi þeir að hafa það að leiðarljósi að það skili sér t.d. með aukinni endingu, meiri afurðum eða öðru slíku, sem í raun stendur þá undir fjárfestingakostnaðinum. Afar áhugaverð nálgun sem hver og einn bóndi getur tekið til sín.

3. Mjólkurgæði

Í þessari málstofu voru haldin fjögur erindi og fjölluðu þrjú þeirra um leiðir til bættra mjólkurgæða með einum eða öðrum hætti en eitt þeirra var um sérstakar aðgerðir til þess að fá aukagreiðslu fyrir það eitt að bæta aðgengi og aðstöðu fyrir mjólkurbíla Arla, en hjá Arla fá bændur greitt álag fyrir mjólkina í hlutfalli við það í hve stuttan tíma mjólkurbíllinn stoppar í hvert skipti. Eitt áhugaverðasta erindið í þessari málstofu fluttu mjólkurgæðaráðgjafinn Benny Kirkeby og kúabóndinn Hans Lieuwes en þeir fóru yfir helstu breytingarnar sem hafa orðið á mjöltum og mjólkurgæðunum á kúabúi Hans í kjölfarið á breyttum áherslum á búinu.

Hans þessi er með 600 árskýr og er meðalnyt búsins um 13 tonn. Kýrnar eru mjólkaðar þrisvar á dag í mjaltahringekju og vildi Hans auka afköstin við mjaltirnar og jafnframt ná tökum á frumutöluvanda búsins, en meðalfrumutala búsins var hærri en 200.000 frumur/ml. Benny ráðlagði margskonar breytingar á vinnubrögðunum á búinu m.a. bætt vinnubrögð við undirbúning kúnna þar sem sérstök áhersla var lögð á örvun á spenaendum og samhliða aukna áherslu á þrif þeirra. Þá voru settar upp lokaðar hliðar við innganginn í hringekjuna svo kýrnar myndu eiga auðveldara með að ganga inn í hringekjuna og þá var flæðið við sjálfvirka aftöku af kúnum hækkað úr 600 ml/mínútu í 1.200 ml/mínútu. Ennfremur var sogskiptahlutfallinu breytt úr 65:35 í 70:30, þ.e. mjaltatími mjaltatækjanna við hvert slag sogskiptisins var aukinn. Auk þess fékk einn starfsmaður það hlutverk að sjá um að setja spenadýfu á alla spena, eitthvað sem var ekki gert fram að þessu.

Þessar breytingar, sem e.t.v. virka ekki stórkostlegar, hafa skilað afar góðum árangri. Meðalmjaltaflæðið fyrstu 30 sekúndurnar hefur aukist úr 2,8 kg/mínútu í 3,4 kg/mínútu sem með öðrum orðum þýðir að kýrnar selja mun betur eftir breytinguna og aukna örvun spenaendanna. Þá hefur meðalmjaltatíminn styttst og var eftir breytinguna 4 mínútur og 16 sekúndur á hverja kú og styttist heildartíminn við mjaltir um 20 mínútur í það heila. Einnig hefur frumutala búsins lækkað og er nú komin undir 200.000 frumur/ml og jafnframt hefur mjólkurmagnið sem áður var mjólkað frá í kálfa farið úr 400 lítrum á dag í 100 lítra á dag. Með öðrum orðum hafa breytingarnar skilað bæði bættum meðalmjólkurgæðum og auknu magni af söluhæfri mjólk og velta búsins aukist um 12.350 krónur á dag. Hinar auknu tekjur gera mun meira en að standa undir aukamanni við að setja spenadýfu á kýrnar og borga fyrir ráðgjafarvinnuna svo Hans var afar sáttur við hið breytta ástand á búinu.

Í næsta Bændablaði verður farið með áþekkum hætti og hér hefur verið gert yfir fleiri málstofur fagþingsins. Þeir sem geta ekki beðið þeirrar umfjöllunar má benda sérstaklega á að bæði útdrættir og flest erindi, þ.e. afrit af glærum fyrirlesara, má hlaða niður af heimasíðunni www.kvaegkongres.dk. Þá er hluti af þessum fyrirlestrum einnig aðgengilegur sem veffræðsluerindi auk þess sem með mörgum þeirra fylgja faglegar greinar, sem bæta enn frekar við fróðleiksgildi efnisins. Rétt er að geta þess að mest allt efni er á dönsku, en þónokkur erindi og efni eru á ensku.

Tæki til ostagerðar




Til sölu tæki til ostagerðar og tengdur búnaður.
Tromla, grindur, gufuketill, þrýstipottur, fitusprengjari o.fl.

Frekari upplýsingar veitir Bjarni í síma 820-0820 eða bjarni@venue.is
Allur búnaður er staðsettur í Hafnarfirði.

Vogue
fyrir heimilið

bíður uppá alhliðalausn fyrir hótelherbergið eða gistiheimilið.



Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500
Hofsbót 4 - Akureyri | Sími 462 3504

Hringburstar og burstakefli

Burstar á lager
í flestar gerðir sópa



Vesturhrauni 3 - 210 Garðabær - Sími: 480-0030
sala@burstagerdin.is - www.burstagerdin.is
BURSTAGERÐIN ehf

Nýr vörulisti kominn í hús

praxis ...Þegar þú vilt þægindi

Við sendum vörulistann heim þér að kostnaðarlausu



Mikið úrval af fatnaði sem þolir hátt hitastig í þvotti, ótrúlega góð efni.

Bonito ehf. • Praxis • Faxafen 10 • 108 Reykjavík • sími 568 2870 • www.praxis.is
Opið mán. og mið. 11-17, fim. 16-18.

Reflectix
Einangrun



- Hentar vel í gripahús
- Þolir vatn
- Fæst 4 og 8mm þykkt
- 97% endurkast hita
- Rúllubreidd 122cm
- Frábær virkni!

Þ. Þorgrímsson & Co
512-3360 korkur.is

Í tilefni þess að við vorum að fá nýja sendingu og sumarið er handan við hornið, verður apríl liðléttinga mánuður hjá okkur!

Við hjá **Íslyft** ætlum að vera með alvöru **tilboð** á liðléttingum í apríl.

Við fáum einu sinni á ári aukaafslátt frá framleiðanda og látum viðskiptavini okkar njóta þess.

Pixy 35 Nordic með húsi: 2.560.000 kr + vsk.
Pixy 35 Nordic án húss: 2.300.000 kr + vsk.

Tveggja ára ábyrgð.

Vélarnar afhendast með skóflu og taðgreip.

Verðin gilda á meðan birgðir endast.

- Lyftihæð: 2700 mm
- Mótor: 38 HP
- Lyftigeta: 1000 kg
- Vökvaflæði: 66 l/min



Íslyft ehf
STEINBOCK ÞJÓNUSTAN EHF
Vesturvör 32 - 200 Kópavogur
www.islyft.is s. 564 1600

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

Jarðarberjaræktun í gróðurhúsi – 3. hluti:

Uppskera

Nú er komið að síðustu greininni af þremur um jarðarberjaræktun. Þessi grein fjallar um uppskeru jarðarberja.

Umhirða

Eins og sagt var í annarri grein þarf að hlúa jarðarberjaklösunum til að auðvelda aðgengi að berjunum þannig að léttara sé að tína berin. Þau þurfa ljós til að þroskast og taka lit auk þess sem þarf að uppfylla næringarþörf plöntunnar. Ef klasarnir eru ekki dregnir fram geta berin lagst í moldina. Ef það gerist þegar þau eru að vaxa og þyngjast getur myndast grámygla sem smitast auðveldlega milli plöntuhluta og berja. Grámyglan dregur úr og skemmir uppskeruna. Það er mikilvægt að aðgengi plantnanna að vatni og næringu sé ekki af skornum skammti þannig að berin haldi áfram að vaxa en einnig má heldur ekki vera of mikið af næringu því það eykur líkur á sjúkdómum.

Uppskera

Í uppskeru skipta magn og gæði jarðarberjanna höfuðmáli en hvorutveggja getur verið mismunandi á milli yrkja. Sú hlið berjanna sem snýr að birtunni er sú hlið sem byrjar að taka lit fyrst. Þegar berin eru farin að stækka þá eru þau fyrst hvít (mynd 1).

Það eru margir þættir sem hafa áhrif á litun berjanna eins og t.d. hitastig og birta (sól). Utanaðkomandi áhrif geta valdið því að berin litast mishratt (mynd 2).

Það þarf að fylgjast með þegar berin eru tínd að þau hafi náð að litast á öllum hliðum (mynd 3). Hins vegar má nefna að ef berin eiga að endast lengi eftir að þau eru tínd þá þykir gott að tína þau áður en allar hliðar verða rauðar eða þegar um þrír fjórðu hlutar bersins hefur náð rauðum lit (mynd 4). Ber sem eru tínd með þessum hætti innihalda ekki alveg jafn mikið af bragðefnum og eru ekki eins sæt og ber sem eru lituð allan hringinn (mynd 3).

Jarðarber eru tínd með ákveðinni aðferð sem felst í því að berin eru brotin af stilknum en ekki kippt af. Taka þarf varlega utan um berið og passa að það merjist ekki, annars kemur fingrafar á berið (mynd 5), ef það gerist verður geymsluþol bersins minna og getur mygla komið í farið.

Ef það á að geyma berin er nauðsynlegt að koma þeim sem fyrst í kæli. Æskilegt hitastig til geymslu í kæli á að vera 0-5°C.



Mynd 1: Hvítt jarðarber að byrja að litast (dagur 1).







Mynd 2: Berin halda áfram að litast (dagur 2, dagur 3, dagur 4).



Mynd 3: Fullþroskað ber.



Mynd 4: ¾ hluti bersins er litað.



Mynd 5: Ber með fingrafari.



Mynd 6: Súrt ber, klasabrot.



Mynd 8: Jarðarber tilbúin til sölu.



Mynd 7: Útlitsgallað ber.

ER ALLT KLÁRT FYRIR SUMARIÐ?



Framleiðum allar gerðir af skiltum fyrir landeigendur og ferðaþjónustuaðila

SB SKILTAGERÐ
merkingar - laserskurður - fræsingar
Þorlákshöfn – Sími 483 1955 – www.sbskilti.is

Eftir að búið er að tína berið roðnar það lítið og hættir að stækka. Þess vegna þarf að passa upp á að tína þau á nákvæmlega réttum tíma. Of rauð ber merjast auðveldlega og skemmast þ.a.l. við minnsta hnjask. Best er að tína oftar og þá minna í einu, jafnvel daglega á sólríkum dögum. Einnig er gott að smakka berin til að vera viss um að þau hafi rétta bragðið, þannig lærist það smátt og smátt að sjá hvaða ber eru góð og hver eru súr. Berin verða súr ef brot kemur á klasastilkinn (mynd 6). Brot í stilk heftir aðgengi næringarefna að berjunum. Afleiðingar þess skila sér í því að berin stækka minna en þau ættu að gera, verða súr, eru með hörðum kjarna, litast illa og fræ setjast utar á berið.

Uppskerutímabilið fer eftir yrkjum og umhverfi en tekur yfirleitt um sex vikur. Stærðarflokkur er mismunandi milli yrkja en venjulega eru berin stór í upphafi uppskerutímans en fara svo minnkandi eftir því sem líður á. Það er æskilegt að velja yrki sem framleiðir lítið af útlitsgölluðum berjum (mynd 7) sérstaklega ef um mikla ræktun er að ræða og berin seld í verslunum (mynd 8). Upplýsingar um yrki er hægt að fá frá söluaðilum yrkjanna.

Christina Stadler,
Börkur Halldór Bl Hrafnkelsson,
Elías Óskarsson

TILRAUNASTÖÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS Í MEINAFRÆÐUM AÐ KELDUM

Rannsóknarráð Íslands:

Veitir veglegan styrk til lokaáfanga þróunar á bóluefni gegn sumarexemi

Rannsóknir á Tilraunastöðinni á Keldum og við dýrasjúkdómadeild Háskólans í Bern í Sviss hafa vakið vonir um að bólusetning í eitla með hreinsuðum ofnæmisvökum í ákveðinni ónæmisglæðablöndu geti verið vænleg leið til að bólusetja hesta hér á landi til varnar gegn sumarexemi.

Íslenskir hestar sem fluttir eru út eru í mikilli hættu á að fá sumarexem, sem er ofnæmi gegn biti mýflugna (Culicoides spp) sem kallaðar hafa verið smámý eða lúsmý á íslensku. Allt að 50% af útflutningshrossum fær exemið við slæmar aðstæður en einungis um 10% íslenskra hesta sem fæddir eru erlendis. Sumarexem er því alvarlegt vandamál fyrir hrossaútflutninginn og mjög hvimleitt og sársaukafullt fyrir hestana.

Nú hefur fengist styrkur frá Rannsóknasjóði Rannís til lokaþróunar tilraunabóluefnisins og prófunar við raunaðstæður. Segja má að styrkurinn komi á ögurstund í þessu mikilvæga verkefni og er mikil viðurkenning á þeim grunnrannsóknum sem liggja að baki.



Nú hefur fengist styrkur frá Rannsóknasjóði Rannís til lokaþróunar tilraunabóluefnisins fyrir hross vegna sumarexems og prófunar við raunaðstæður.

Stærsti hluti verkefnisins er hin svokallaða áskorunartilraun sem felst í því að bólusetja hesta og flytja þá í kjölfarið út á flugusvæði í Evrópu ásamt óbólusettum samanburðarhestum. Þetta þyrftu að vera a.m.k. 40 hross sem verða haldin á sama svæði í þrjú ár þannig að öll séu jafn útsett fyrir flugunni.

Taka þarf blóðsýni reglubundið til að mæla ónæmissvörun og skoða nákvæmlega hvort og hvenær einkenni sumarexems koma fram. Eðli málsins samkvæmt mun þessi rannsókn taka a.m.k. þrjú ár frá útflutningi hrossanna sem samkvæmt björtustu vonum gæti orðið á næsta ári.

Það er mjög kostnaðarsamt að flytja út svo mörg hross og halda þeim uppi í þrjú ár á erlendri grund. Rannsóknarstyrkurinn er veittur fyrir sjálfri rannsóknavinnunni og framleiðslu á tilraunabóluefninu en eftir er að fjármagna kaup á hrossum, útflutning og uppihald erlendis. Leitað verður eftir fjármagni til hagsmunaaðila til að kosta þessa liði. Sumarexemsverkefnið er samstarf á milli Keldna og Háskólans í Bern í Sviss en einnig koma aðilar við Cornell-háskóla, Íþöku í Bandaríkjunum að verkefninu.

***Sigríður Björnsdóttir**, sérgreinadýralæknir, MAST*
***Sigurbjörg Þorsteinsdóttir,** ónæmisfræðingur, Keldum*
***Vilhjálmur Svansson**, dýralæknir og veirufræðingur, Keldum*

RML

Söfnun sýna úr „bógkreppulömbum“



Eyþór Einarsson
ábyrgðarmaður í sauðfjárrækt
ee@rml.is

Bógkreppa er erfðagalli sem þekktur er í sauðfé hér á landi. Um er að ræða víkjandi erfðagalla sem veldur vansköpun. Einkenni vansköpunarinnar eru snúnir/krepptir fætur um hné og lömbin laus um bóga og eiga því mjög erfitt með að komast á legg.

Lömbin geta verið eðlileg að öðru leyti þó ýmis vansköpun á höfði fylgi stundum með, s.s. lengri neðriskoltur, smá eyru og stórt höfuð.

Sett hefur verið á laggirnar rannsóknarverkefni, sem LBHÍ og RML standa að, sem hefur það að markmiði að staðsetja erfðavísinn sem veldur bógkreppu þannig að hægt verði að prófa gripi fyrir gallanum og þannig stuðla að útrýmingu hans. Til þess að tryggja nægan efnivið í rannsóknina væri eftirsóknarvert að fá lífsýni úr lömbum sem sýna einkenni bógkreppu.

Hér með er þess farið á leit við sauðfjárbændur sem fá slík lömb á komandi sauðburði að hafa samband við undirritaðan sem mun leiðbeina með mögulega sýnatöku. Mikilvægt er að ætterni sé þekkt á lambinu og æskilegt að ná myndum sem sýna vansköpunina.



NÝTT Á ÍSLANDI
TETRA-POD **BÁTUR/KERRA**

Tilbúin í ferðalagið
TETRA POD kerran er vatnsþétt og ber 500 kíló. Gott geymslupláss fyrir allan farangurinn.

Auðvelt að losa
Með léttu átaki, opnast lokið þar sem kemur í ljós 750 lítra rými. Hentar vel í garðyrkjustörf o.fl.


Auðvelt að hlaða
Kerruna er hægt að hafa hálf opna eða lokaða. Flott lausn í veiðina.

TETRAPOD Bátur
TETRA POD Bátur léttur og frábær bátur. Tilbúinn í veiðiferðina.

Er hægt að biðja um meira !!!

NÚ Á KYNNINGARTILBOÐI **699.000.-kr.**

SPORTÍS
Mörkinni 6, 108 Rvk.s :5201000
gsm : 894-3811 & 893-7911
e-mail : skuli@sportis.is
Tetra pod bátar



ÓDÝR
Gleraugu með glampa- og rispuvörn

Verð 19.900 kr
Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 5.0 með cyl. til 2,0.

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002

OPTIC REYKJAVÍK
SJÓNTÆKJAVERSLUN

VÉLABÁSINN

Polaris 6X6 Big Boss 570 sexhjól:

Ekki stærsta sexhjólið á markaðnum, en gott vinnutæki



Byssufestingarnar og pallurinn kom að góðum notum við flutninga á búnaði til keppnishaldsins niður á svellið. Myndir / HLJ



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Í síðasta mánuði tók ég að mér að sjá um ísaksturskeppni á lítilli tjörn uppi á Mosfellsheiði. Til að hægt sé að halda svona keppni er ekki verra að hafa fjórhjól eða sexhjól með snjótönn til að marka brautina og þeir í Stormi buðust til að lána mér sexhjól til verksins.

Ég var ekki seinn að þiggja boðið og fékk hjólið afhent kvöldið fyrir keppni á litlum vörubíl sem Stormur á.

Mikill munur frá gamla 500cc. Polaris sexhjólinu sem prófað var 2010

Þann 21. október 2010 skrifaði ég hér í Bændablaðið um Polaris 500cc. sexhjól sem skilaði því verkefni sem ég lagði fyrir hjólið vel og örugglega.

Nýja hjólið sem nú var prófað er með stærri vél og í stað keðju á því gamla er nýja hjólið komið með drifbúnað í formi drifhásinga og drifskafta. Þrátt fyrir að drifsköft séu þunglamalegur búnaður hentar þetta betur, sérstaklega viðhaldslega séð. Framfjöðrunin er með rúmlega 20 cm slaglengd og afturfjöðrun á báðum afturöxlunum hefur um 24 cm slaglengd. Á pallinn má setja 340 kg burð. Hef séð snilldarlega smíðað búr á palli eins og er á þessu hjóli fyrir sauðfé sem var að vísu með aðeins stærri vél fulla af kindum.

Gott vinnutæki sem létti mikið undir vinnu við keppnishaldið

Þyngdin á hjólinu án nokkurs aukabúnaðar er 495 kg, en prufuhjólið var með snjótönn sem varla vegur mikið meira en 40–50 kg. Þessa snjótönn er auðvelt fyrir einn mann að setja á og taka af sem þurfti til að hægt væri að keyra sexhjólið upp á pallbílinn og taka það af honum.

Snjótönnin er tengd í spilið svo hægt sé að setja tönnina niður og lyfta upp. Vilji maður breyta skurðinum á tönninni þarf maður að fara af hjólinu og færa til handvirkt. Með þennan útbúnað var keppnisbrautin rudd og einnig æfingabraut fyrir keppendurna og var hjólið ekki í neinum vandræðum með það. Einnig kom pallurinn sér vel þegar flytja þurfti inn á svellið fánastangir og sjúkrabúnað björgunarsveitarinnar sem sá um sjúkragæslu á keppninni.



Á fullri ferð við að marka keppnisbrautina með snjótönninni.

Helstu mál og upplýsingar

Bensíntankur	25,5 L
Hæð	1.444 mm
Breidd	1.245 mm
Lengd	2.950 mm

Mikið flot í snjónum og aldrei vandamál með grip

Ýmislegan annan búnað þurfti að flytja inn á svellið þar sem verið var að kvikmynda keppnina út af stuttmynd sem verið er að gera. Nýttist sexhjólið vel kvikmyndagerðarmönnunum þar sem flotið í dekkjunum var gott. Aldrei var neitt vandamál að keyra sexhjólið í mjúkum snjónum, þó að keppnishjólin hafi verið að sökkva í krapann var sexhjólið bæði með ökumann og tökumann og tönnina á sem alls hefur væntanlega verið nálægt 800 kg. Allavega voru kvikmyndamennirnir ánægðir með hjólið og sögðu þetta hafa virkilega hjálpað þeim og létt undir langan tökudag.



Á Polaris í smalamennsku með 3 kindur á pallinum í búri.

Fínt vinnutæki á góðu verði

Þetta sexhjól er með dráttarvélaskráningu og má því aka á vegum. Það er ólíkt gamla 500 hjólinu sem ég prófaði 2010 sem var með torfæruskráningu og ekki ætlað til aksturs í umferð.

Verð Polaris Sportsman 6X6 Big Boss 570LE er 2.650.000, hjólið kemur þar af leiðandi með fullan ljósabúnað, stefnuljós og bremsuljós rétt eins og önnur farartæki sem ætluð eru í umferð. Réttindi til að aka hjólinu eru dráttarvélaréttindi eða bílpróf.

Ýmsan aukabúnað er hægt að setja á Polaris hjól, sem dæmi:

Byssufestingar á rúm 18.000, snjótönnin kostar 199.000, rúða fyrir framan ökumanninn kostar um 20.000 og veltibogi er á rétt innan við 50.000, ýmislegt annað er hægt að fá á hjólið og um að gera að spyrja sölumanninn séu einhverjar óskir um aukabúnað.



Auðvelt fyrir einn mann að taka af og setja á snjótönnina.



ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Umhverfismál og ásýnd lands er eitthvað sem öllum kemur við



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Flestum er annt um sitt nánasta umhverfi og ásýnd landsins. Á undanförnum dögum og vikum hefur verið töluverð umræða um mikinn átroðning ferðamanna á nokkrum vinsælum ferðamannastöðum, svo mikinn átroðning að á sumum stöðum hefur verið brugðið á það ráð að loka fyrir allt aðgengi að stöðum fyrir gangandi á meðan frost er að fara úr jörðu.

Ljótar myndir hafa verið birtar af svæðum þar sem fólk hefur gengið á viðkvæmum gróðri fyrir utan göngustíga og skilið eftir ljót sár og drullusvað sökum yfirálags á svæðum þar sem göngustígar eru ekki gerðir fyrir mikið álag á meðan frostið er að fara úr stígunum.

Íslenskir stígar oft eingöngu til notkunar á besta tíma ársins

Í Bændablaðinu fimmtudaginn 24. janúar 2013 var viðtal við Tom M. Crimmins sem staddur var hér á landinu á vegum nokkurra útivistarfélaga að halda fyrirlestra um stjórnun og notkun vegslóða utan alfaraleiða.

Tom M. Crimmins gaf út bók í samstarfi við vegagerð og útivistarfélög um leiðbeiningar á gerð stíga og vegslóða í Bandaríkjunum, en bókin ber heitið Management Guidelines for Off-Highway Vehicle Recreation. Í bókinni er farið ítarlega yfir stíga og slóðagerð á viðkvæmum stöðum



Forljót framkvæmd við göngustíginn að Dettifossi, annaðhvort að loka eða að gera þennan göngustíg svo sómi sé að.



Frábært framtak Slóðavina sem fleiri mættu taka til eftirbreytni.

yfir allar gerðir slóða allt frá einstigi upp í vegi sem eru allt að 50 tommur á breidd (sambærileg breidd og á reiðstígum). Við lestur á þessari bók er margt fræðandi sem kemur víða við samanber jarðveg, halla og lögun slóðanna við byggingu til að viðhald eftir byggingu sé sem minnst eða ekkert.

Slæmt ástand stíga á vorin hefur lengi verið vandamál

Það hefur í gegnum árin ekki þótt ástæða til að loka fyrir umferð á viðkvæm svæði þrátt fyrir aurbleytu, snjó og krapa á mörgum göngustígum við helstu náttúruperlur Íslands þótt full ástæða hefði verið á lokunum.

Allt frá því að fyrstu vegir voru gerðir af vegagerðinni hefur á hverju vori verið auglýstar lokanir vegna aurbleytu á þjóðvegum landsins. Annað hefur gegnt um göngustíga, en það er eins og að allt þurfi að fara í drullusvað til þess að gripið sé til lokana á göngustígum. Sem dæmi að í byrjun júní fyrir tveim árum kom ég að Dettifossi.

Aðkoman var algjörlega til skammar og hefði átt að vera lokað fyrir alla gangandi umferð þar. Þrátt fyrir það voru hundruð manna að ganga að fossinum. Ekki var gengið eftir göngustígnum heldur höfðu landverðir merkt leiðir utan göngustíganna til að beina fólki frá verstu drullunni. Skammarleg framkvæmd sem stóð yfir af landverði íklæddum stígvélum vaðandi drulluna berjandi niður ljót rauðmáluð prik sem engan veginn pössuðu í umhverfið þarna, en smá ábending frá mér til landvarða við Dettifoss: Endilega kynnið ykkur ofannefnda bók eftir Tom M. Crimmins (samkvæmt þeirri bók er ekki mikið verk og kostnaðarsamt að lagfæra þennan göngustíg til frambúðar).

Flott fordæmi

Fyrir nokkrum dögum sá ég auglýsingu í Fréttablaðinu frá Ferða- og Útivistarfélaginu Slóðavinum þar sem félagsmenn eru hvattir til að snúa við á vegslóðanum ef þeir verða varir við aurbleytu á veginum sem er verið að aka nú á vormánuðum. Hreint frábært framtak hjá þessu útivistarfélagi og vonandi taka fleiri þetta til sín.

Persónulega hefur mér alltaf fundist sá sem snýr við á blautum vegi vera mun meiri en sá sem áfram heldur með tilheyrandi skemmdum og eyðileggingu á slóðanum. Náttúra Íslands er engu lík og við eigum skemmtilegustu vegslóða í heimi. Verum skynsöm og eigum bæði vegslóðana og fallegu náttúruna aðeins lengur með því að sýna skynsemi.

STRÚKTÚR
Yleiningar - Límtré - Stálgrindarhús



Við finnum lausn sem hentar Þér!

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Mosfellsbæ | sími: 588 6640 |

KROSSGÁTA Bændablaðsins



MYND: MURIELBENDEL (CC BY-SA 4.0)

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

	81	LÍFLÁT	LÖÐUR	MÆLIR	TVEIR EINS	TOTA	SAM-STÆÐA	■	ÓVISS	LOKKA	BARDAGI
	MJÖG										
	FLEKKA							STROFF / GUFU-HREINSA			
	TAUMUR				KVÍSL / SÍTT						EIMUR
	ÞÁTT-TAKANDI / PEDALI						SPYRJA / FISKUR				
■	↓	INNIHALD	RÓTA / RÓMVERSK TALA					MARGVÍS-LEGAN / NÆRA				
GÁ						ÁSAMT	HNUSA / DUGLEGUR				HLÝJA	NES
VEIÐI					KVARTA / RUGLA					MUNDA / MERGÐ		
Í RÖÐ			GEIFLA / LÖG-BRJÓTUR						MÁLMUR / BAUN			
TJARA				SVELG / RUNNI				TÓNLIST	STAKUR / KÆRLEIKS			INNYFLI
■		JÁRN-SKEMMD / Á FÆTI				SLÁTTAR-TÆKI				VÆTA / HARLA		
RIST						HALLMÆLA / GALDRA-STAFUR					SPRIKL / TÁLBEITA	
PILAR							SKÍNA / ÁTT					SAMTÖK
KAFMÆÐI					MÆLI-EINING					TEMUR		
ÞYKKNA								MINNKA				■

Lausn á krossgátu í síðasta blaði



MYND: MOHYLEK (CC BY-SA 3.0)

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

	80	HLUNKUR	SUÐA	GUFU-HREINSA	SPRIKL	OFANFERÐ	■	SKRAMBI	HAFNA	GNÝR	FAG
	LOKKANDI	F	R	E	I	S	T	A	N	D	I
	DYS	L	E	I	Ð	I	BÁGINDI / SLÆMA	N	E	Y	Ð
	LYKT	I	L	M	ÓÞÉTTUR / PEST	G	I	S	I	N	N
	ÚTUNGUN / SEYTLAR	K	L	A	K	GÁÐU / MEGIN	L	I	T	U	SPYRJA
■	↓	RANNSAKA	MJAKA / ÓÐUR	A	K	A	KOSNING / ÁLITS	V	A	L	KK NAFN / BRÚKA	A	R	I
TOGAÐI	D	R	Æ	G	I	SAMTÍMIS / HÍTA	M	E	Ð	A	N	ÁGÆTT	ILMUR	N
MINNKA	R	Ý	R	A	EIGA / ÝKJUR	H	A	F	A	NIÐUR / AÐ BAKI	O	F	A	N
ÚTAN	Á	N	LABB / STANDA SIG	R	Ö	L	T	TUNGUMÁL / BÓT	L	A	T	Í	N	A
MISSIR	T	A	P	FÝLA / ÞURFA-LINGUR	F	Ú	S	S	AFLI / ÁMÆLA	F	A	N	G	YNDI
■	T	SLÁTRA / HEILA	L	Ó	G	A	ÞROT / SÓLUNDA	M	Á	T	EFNI / DRASL	T	A	U
SPIL	L	A	U	M	A	ANDA	S	Á	L	A	R	TVEIR EINS / KYRRA	N	N
ANGAR	I	L	M	A	R	REYNSLU-LAUS / Í RÖÐ	Ó	V	A	N	U	R	GJALD-MIÐILL	U
HÖGG	S	L	A	G	KORN	M	A	Í	S	ÁRÁS	S	Ó	K	N
AGAÐUR	T	A	M	I	N	N	ÍLÁT	K	A	T	L	A	R	■

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR



Ábúendur á Neðri-Hól í Staðarsveit keyptu jörðina 1. maí 2013 og hafa því búið þar í tæp fimm ár. Þau Snæbjörn Viðar og Þórunn Hilma keyptu jörðina með húsnæði og tækjum, en án bústofns. Síðustu ár hafa því farið í að byggja upp bústofninn og koma öllu í betra stand.

Þau tóku þá ákvörðun fyrir rúmu ári að bjóða upp á gistingu á heimilinu og eru með tvö herbergi í útleigu, svo eldhúsið er alltaf þéttsetið af nýjum gestum á hverjum degi.

Býli: Neðri-Hóll.

Staðsett í sveit: Í Staðarsveit á sunnanverðu Snæfellsnesi.

Ábúendur: Snæbjörn Viðar Narfason og Þórunn Hilma Svavarsdóttir Poulsen.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Snæbjörn á tvö börn, Alexöndru Ösp, 18 ára og Bjarka Snæ, 13 ára. Þau koma til okkar í sveitina um helgar og í fríum. Þórunn á þrjú börn, Hilmar Bjarna, 17 ára, Írisi Önnu, 15 ára og Sigurbjörn Ágúst, 13 ára. Strákarnir búa á bænum en Íris kemur í sveitina um helgar og í fríum. Kettirnir okkar heita Lipurtá og Doppa og eru prinsessurnar á heimilinu. Einnig eru á heimilinu fjórir Border Collie hundar, Freyja, Birta, Nellý og Tryggur.

Stærð jarðar? 50 hektarar ræktaðs lands og 400 hektarar í óskiptu landi.

Gerð bús? Blandað bú.

Fjöldi búfjár og tegundir? 64 nautgripir, 250 kindur og 13 hænur.




Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Fer alveg eftir árstíð en hver dagur byrjar allavega á mjöltum og gjöf og endar á því sama. Hádegið fer í að gera gistinguna klára allt árið um kring. Á sumrin nýtist tíminn milli mjalta í heyskap, girðingavinnu og verktakavinnu, bæði við að heyja fyrir aðra og keyra túrista.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Snæbjörn segir að sauðburður og smalamennskan sé það skemmtilegasta. Þórunni finnst heyskapurinn skemmtilegastur. Ekkert leiðinlegt.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Draumurinn er að byggja lausagöngufjós og fjölga nautgripum. Bæta aðstöðuna fyrir kindur og rækta upp meira land. Við stefnum á að halda áfram með gistiheimilið í þeim anda sem er núna.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Bændur eru duglegir að tala saman, en stundum helst til mikið yfir kaffibolla heima hjá sér. Við þyrftum að ná meiri samstöðu oft og tíðum. Máltækið betur má ef duga skal passar vel við hér.



Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Vel ef við höldum rétt á spöðunum og önum ekki út í breytingar, breytinganna vegna. Við erum með frábært hráefni, notum lítið af lyfjum í matvælaframleiðslu og bændur eru örugglega þrjóskasta starfsstétt sem til er. En til þess að við getum haldið áfram öflugri matvælaframleiðslu verða allir að standa saman.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Langbesti útflutningurinn er náttúrlega að selja útlendingunum sem koma hingað til lands þessi frábæru matvæli sem við framleiðum.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólk og sultur.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Lambafillet með fiturönd, kryddað með salti og pipar. Annars eru allar lamba- og nautasteikur mjög vinsælar.



Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Þau eru mörg. T.d. þegar mjólkurkálfarnir voru hafðir úti á túni og við náðum þeim alltaf inn með því að labba að þeim og sveifla mjólkurfötunni. Svo var bara að hlaupa nógu hratt undan þeim inn í fjós. Einu sinni var húsmóðirin heldur svifasein, kálfarnir náðu henni og einn slysaðist til að smokra framfótunum ofan í stígvélin hjá frúnni. Eftir það hljóp hún stjórnlaus um túnið með kálfinn á eftir.

MATARKRÓKURINN

Pönnukökur, lárpera og bakað grasker



Bjarni Gunnar Kristinsson
Matreiðslumeistari

Hér eru gómsætar pönnukökur sem eru fylltar með hnetusmjöri og hægt að gera glúteinlausar og vegan.

Pönnukökur með hnetusmjörfyllingu

- 1 „hörfræegg" eða venjulegt egg ef ekki á að vera vegan. Hörfræ egglíki í bakstri er gert með því að vinna saman hörfræ og vatn.
- 1 msk. kókosolía, bræddd
- ½ tsk. hreint vanilluþykkni
- 3/4–1 bolli mjólk eða vegan mjólk (kókos, möndlu eða soja)
- 2–3 msk. agavesíróp eða hlynsíróp (eða hunang fyrir ekki þá sem ekki eru vegan) – eða bara sykur fyrir þá sem kjósa það
- 1 tsk. lyftiduft
- ½ tsk. matarsóti
- 1 msk. náttúrulegt saltað hnetusmjör (stökkt eða mjúkt)
- Klípa af salti
- ½ bolli hveiti eða annað mjöl, eins og kókos, kjúklingabaunahveiti eða maíssterkja
- ¼ bolli möndlumjöl
- 2 msk. ósykrað kakóduft

Aðferð


Grunnhlutföllin til að búa til vegan-egg er ein matskeið af hörfræjum og þrjár matskeiðar af vatni, í staðinn fyrir eitt venjulegt egg. Þú þarft að mala hörfræið í fínt duft með því að nota kaffi- eða kryddkvörn.



Hitið pönnukökupönnu á miðlungs hita (þú vilt að yfirborðið sé heitt en ekki mjög heitt – ekki ætti að rjúka úr olíunni þegar hún kemst í snertingu við yfirborðið).

